



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



ÁRSSKÝRSLA **2021**

Útgefandi: Háskólinn á Akureyri

Ritstjórn: Guðrún María Kristinsdóttir

Prófarkalestur: Finnur Friðriksson

Ljósmyndarar: Nanne Springer, Daniel Starrason,

Sindri Swan, Ásta Margrét Ásmundsdóttir

Myndir úr safni Háskólans á Akureyri

Myndir úr safni Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Grafísk vinnsla: Margrét Káradóttir

ISSN – L 1670 – 4894

EFNISYFIRLIT

Skipurit og stjórn	4
Reglur og stefnumál.....	7
Formáli rektors	8
Starfsfólk.....	11
Gæðamál	14
Góðvinir Háskólans á Akureyri.....	17
Heilbrigðisvísindasvið.....	19
Hug- og félagsvísindasvið	27
Miðstöð skólaþróunar – MSHA	36
Viðskipta- og raunvísindasvið.....	41
Tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri.....	47
Miðstöð doktorsnáms	49
Rannsóknir við Háskólann á Akureyri	50
Fjármál og greining	52
Markaðs- og kynningarmál.....	55
Miðstöð alþjóðasamskipta.....	56
Rannsóknarþing norðursins – NRF	58
Nám og stúdentar	63
Nemendaskrá.....	65
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA	68
Bókasafn og upplýsingaþjónusta	70
Kennslumiðstöð KHA	72
Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA	74
Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA	75
Símenntun Háskólans á Akureyri	76
Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri	78
Rannsóknamiðstöð ferðamála – RMF	81
Samningar	82
Eitt og annað.....	92
Ársreikningur 2021.....	94
Brautskráning – Háskólahátíð.....	96
Brautskráningarræða rektors.....	104
Brautskráðir, nafnalisti	110
Lokaritgerðir brautskráningarnema	112



Samþykkt af háskólaráði 2021

STJÓRN

Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans. Háskólaráð hélt ellefu fundi frá janúar til desember.

Háskólafundur er haldinn að minnsta kosti einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar stúdenta, kennara og annars starfsfólks sitja háskólafundi. Háskólafundur var haldinn þrisvar, 20. janúar, 17. maí og 8. desember.

Framkvæmdastjórn sér um samræmingu á daglegum rekstri háskólans. Þar er farið yfir fjármál, áætlanagerð og uppgjör, tekur ákvarðanir um samstarfssamninga og rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og Háskólaskrifstofu.

Í framkvæmdastjórn sitja rektor, sem er í forsæti, framkvæmdastjóri og forsetar fræðasviða. Þá sitja framkvæmdastjórnarfundi, með málfrelsi og tillögurétt, forstöðumaður fjármála og greiningar sem og gæða- og mannauðsstjóri háskólans, skv. reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

Við háskólann starfar Gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Í Gæðaráði sitja gæða- og mannauðsstjóri í forsæti, einn fulltrúi frá hverju fræðasviði, tveir fulltrúar Háskólaskrifstofu og tveir fulltrúar stúdenta sem Stúdentafélag Háskólans á Akureyri tilnefnir.

STJÓRN

Háskólaráð er skipað skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum. Háskólaráð var þannig skipað á vormisseri:

Eyjólfur Guðmundsson rektor,
formaður Háskólaráðs,
Dagmar Ýr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta og samfélagsmála, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra,
Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins,
Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, fulltrúi háskólasamfélagsins,
Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, fulltrúi stúdenta,
Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, fulltrúi Háskólaráðs,
Kristján Þór Magnússon bæjarstjóri, fulltrúi Háskólaráðs.

Til vara:

Jón Helgi Pétursson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra,
Rúnar Gunnarsson verkefnastjóri, alþjóðafulltrúi, fulltrúi háskólasamfélagsins,
Kristján Pétur Andrésson, fulltrúi stúdenta,
Brynhildur Pétursdóttir framkvæmdastjóri, fulltrúi Háskólaráðs.

Nýtt Háskólaráð kom fyrst saman fullskipað þann 26. ágúst.

Það skipuðu (aðalfulltrúar):

Eyjólfur Guðmundsson rektor,
formaður Háskólaráðs,
Karl Frímansson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra,
Guðmundur Ævar Oddsson dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins,
Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor, fulltrúi háskólasamfélagsins,
Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, fulltrúi stúdenta,
Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, fulltrúi Háskólaráðs,

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta og félagsmála, fulltrúi Háskólaráðs.

Til vara:

Sunna Hlín Jóhannesdóttir, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra,
Guðmundur Kr. Óskarsson dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins,
Hjördís Sigursteinsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins,
Aðalheiður Kristjánsdóttir, fulltrúi stúdenta,
Bjarni Jónasson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri, fulltrúi Háskólaráðs.

Rektor:

Eyjólfur Guðmundsson.
Staðgengill rektors á vormisseri var Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs.
Á haustmisseri var Elín Díanna Gunnarsdóttir, forseti Hug- og félagsvísindasviðs, staðgengill rektors.

Framkvæmdastjóri:

Hólmar Svansson.

Gæða- og mannaútsjóri:

Vaka Óttarsdóttir.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða:

Háskólinn skiptist í þrjú fræðasvið skv. 8. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

Heilbrigðisvísindasvið:

Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir forseti til 31. júlí, staðgengill var Sólrún Óladóttir. Frá 1. ágúst var Sigríður Sía Jónsdóttir starfandi forseti sviðsins og varastaðgengill forseta var Margrét Hrönn Svavarsdóttir. Á fræðasviðsfundi þann 19. október var Þorbjörg Jónsdóttir kosin staðgengill forseta og Sonja Stelly Gústafsdóttir varastaðgengill.

Hug- og félagsvísindasvið:

Elín Díanna Gunnarsdóttir.
Staðgengill forseta á vormisseri

var Guðmundur Engilbertsson og staðgengill á haustmisseri var Birgir Guðmundsson.

Viðskipta- og raunvísindasvið:

Oddur Þór Vilhelmsson.
Staðgengill forseta var Grétar Þór Eyþórsson.

Forstöðumaður Fjármála og greiningar:

Harpa Halldórsdóttir.

Forstöðumaður Nemendaskrár:

Bára Sif Sigurjónsdóttir.

Forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála:

Katrín Árnadóttir.

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar HA – RHA:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir til 31. júlí. Baldvin Valdemarsson frá og með ágústmánuði.

Forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu:

Astrid Margrét Magnúsdóttir (í leyfi í upphafi árs). Staðgengill hennar var Sigríður Vilhjálmisdóttir, verkefnastjóri aðfangadeildar.

Forstöðumaður Miðstöðvar náms- og starfsráðgjafar:

Árný Þóra Ármannsdóttir.

Forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA – KHA:

Auðbjörg Björnsdóttir.

Forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms við Háskólann á Akureyri:

Lars Gunnar Lundsten á fyrri hluta árs. Frá 1. ágúst Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Forstöðumaður Rekstrar fasteigna:

Gunnar Rúnar Gunnarsson.

Forstöðumaður Símenntunar við HA:

Elín Margrét Hallgrímsdóttir.



REGLUR OG STEFNUMÁL SAMÞYKKT Í HÁSKÓLARÁÐI 2021

Háskólaráð samþykkti 21. janúar:

Reglur nr. 140/2021 um innritun nýrra stúdenta á 3. eða 4. námsár í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti 18. febrúar:

Nám- og kennsluskrá HA 2021 – 2022.

Reglur nr. 251/2021 um breytingar á reglum um Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri nr. 202/2017.

Reglur nr. 568/2021 um breytingu á reglum um stjórnskipulag Viðskipta- og raunvísindasviðs nr. 864/2009.

Háskólaráð samþykkti 18. mars:

Auglýsingu nr. 392/2021 um niðurfellingu skrásetningargjalda fyrir þá sem brautskrást frá Háskólanum á Akureyri í október 2021.

Reglur nr. 390/2021 um námsmat fyrir sálfræðideild Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

Auglýsingu nr. 394/2021 um fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræði við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri á vormisseri 2022.

Reglur nr. 391/2021 um breytingu á reglum um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri nr. 413/2006.

Auglýsingu nr. 393/2021 um fjöldatakmörkun í sálfræði við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri á vormisseri 2022.

Háskólaráð samþykkti 15. apríl:

Áætlun um jafna stöðu kynjanna við HA 2021 – 2014.

Háskólaráð samþykkti milli funda 23. apríl:

Auglýsingu nr. 437/2021 um ráðstafanir vegna námsmats við Háskólann á Akureyri á vormisseri 2021.

Háskólaráð samþykkti 20. maí:

Reglur nr. 700/2021 um breytingu á reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009.

Háskólaráð samþykkti 16. júní:

Reglur nr. 793/2021 um breytingu á reglum um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri nr. 701/2018.

Reglur nr. 794/2021 um breytingu á reglum Háskólans á Akureyri um viðurlög við ritstuldi nr. 757/200.

Reglur nr. 792/2021 um breytingu á reglum um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri nr. 1010/2016.

Reglur nr. 791/2021 um breytingu á reglum um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri nr. 258/2016.

Háskólaráð samþykkti 18. október:

Auglýsingu nr. 1301/2021 um framkvæmd prófa og námsmats við Háskólann á Akureyri á haustmisseri 2021.

Háskólaráð samþykkti 28. október:

Reglur nr. 1312/2021 um breytingar á reglum um stjórnskipulag Heilbrigðisvísindasviðs HA nr. 812/2013.

Háskólaráð samþykkti 16. desember:

Umhverfis- og loftslagsstefnu Háskólans á Akureyri.

Kennslualmanak HA 2022 – 2023.

FORMÁLI REKTORS

Undir lok árs 2021 var þróun Covid-19 faraldursins farin að skýrast og ljóst var að takast myndi að ná honum niður á næstu misserum þar á eftir, sem orðið hefur raunin. Með vísindalega þekkingu á mörgum fræðasviðum að leiðarljósi tókst að ná utan um þetta risavaxa verkefni mannkynsins alls og eru lok faraldursins mikið fagnaðarefni.

Starfsfólk og stúdentar Háskólans á Akureyri tókust á við óvenjulegar aðstæður af miklu æðruleysi og yfirvegum. Fundnar voru lausnir á þeim verkefnum sem upp komu – oft með stuttum fyrirvara – og allt gert til þess að unnt væri að halda uppi sem eðlilegastri kennslu og rannsóknnum. Það tókst, og þó að takmarka þyrfti aðgengi stúdenta að húsnæðinu tímabundið kom aldrei til þess að háskólanum væri formlega lokað.

Kennsla fór fram rafrænt og sama má segja um fundi og aðrar samkomur starfsfólks, og rannsóknarstarfsemi hélt áfram. Háskólinn fór í gegnum þessa prófraun með seiglu og þekkingu að vopni. Það reyndi á stoðþjónustu háskólans og kennara en þegar kemur að rafrænum kennsluháttum er þekking og reynsla innan Háskólans á Akureyri sú besta sem þekkist á landinu öllu. Það mun nýtast vel við framtíðaruppbyggingu skólans og stefnumörkun til næstu áratuga.

Haustið 2021 voru rétt um 2.500 stúdentar skráðir við Háskólann á Akureyri á þremur megin-fræðasviðum og í níu akademískum deildum. Ánægjulegt er að aðsókn að skólanum er enn með mesta móti þó að hægt hafi á fjölgun stúdenta. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að styðja við starfsemi háskóla hafa gert það að verkum að Háskólinn á Akureyri getur sinnt stúdentum sínum vel. Þess verður að gæta að sá stuðningur haldi áfram svo unnt verði að byggja upp mannauð skólans til lengri tíma lítið, en eins og víðar hefur heimsfaraldurinn haft í för með sér mjög aukið álag.

Háskólinn á Akureyri þjónar landinu öllu þar eð rúm 62% stúdenta við hann koma frá byggðum utan höfuðborgarsvæðisins eða frá útlöndum, og tæp 38% koma frá höfuðborgarsvæðinu. Með áherslu á rafræna kennslu og sveigjanlegt námsframboð hefur aðgengi að námsframboði skólans batnað mjög mikið. Það stuðlar að hækkuðu menntunarstigi þjóðarinnar sem er lykilatriði gagnvart uppbyggingu íslensks samfélags á tímum mikilla breytinga í heiminum. Í breytingum felast tækifæri til góðs.

Íslenskt samfélag þarf að vera virkt í þekkingarsköpun og rannsóknnum. Mannauður er ein helsta auðlind þjóðar, og Háskólinn á Akureyri, sem og aðrar menntastofnanir, keppir að því að efla íslenskan mannauð.

Rannsóknir við Háskólann á Akureyri halda áfram að eflast. Rannsóknarvirkni er meðal annars metin í birtingum ritverka í ritrýndum tímaritum og bókum. Áhugavert er að sjá að þeim birtingum fjölgar. Fjöldi akademískra starfsmanna sem skila slíkum greinum hefur aukist á síðustu tveimur árum þó svo að heildarfjöldi rannsóknarstiga hafi sveiflast meira en áður. Þar er fyrst og fremst um að ræða áhrif heimsfaraldursins og færri möguleika til að taka þátt í ráðstefnum og vinnustofum. Grunnur rannsókna hefur því haldist og Háskólinn á Akureyri er, með uppbyggingu doktorsnáms, sérstaklega vel í stakk búinn til að efla rannsóknir sínar enn frekar á næstu árum. Háskólinn hefur nýverið gengist undir úttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla með ágætum niðurstöðum. Gæðaráð hvetur HA til að sækja enn frekar fram á sviði doktorsnáms og rannsókna.

Háskólinn á Akureyri hefur markað sér skýra stöðu sem virkur þátttakandi í umræðu um málefni norðurslóða og með þátttöku í verkefnum sem tengdust formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2019 – 2021. Áhrif faraldursins voru veruleg, en vel tókst að halda áfram verkefnum sem unnin voru innan sérfræðingahópa ráðsins. Starfsfólk HA og samstarfsstofnana skólans í norðurslóðaklasanum á Akureyri sýndi af sér einstaka elju og dugnað við að sinna rannsóknaverkefnum þessum á erfiðum tímum. Það kom vel í ljós að norðurslóðaklasinn, sem í dag telur vel á þriðja tug þátttakenda, er einstaklega öflugur vettvangur þegar kemur að rannsóknnum. Samstarf stofnana sem staðsettar eru á Borgum er til fyrirmyndar og getur orðið enn öflugra í framtíðinni með sameiginlegri sýn og stuðningi við norðurslóðastefnu Íslands.



Árið 2022 verður Háskólinn á Akureyri 35 ára. Með tilkomu doktorsnáms og eflingu rannsókna er ljóst að háskólinn hefur náð að verða sú stofnun sem Haraldur Besson, fyrsti rektors skólans, lýsti svo vel í greinargerð sinni árið 1986.

Í lokaorðum sínum skrifaði Haraldur m.a.:

„Hugmyndir um hærri háskólagráður eru enn á reiki. Þó má ætla að ekki þurfi lengi að bíða þess að stúdentar geti stefnt að meistara- og doktorsgráðum“.

Í dag er hægt að stunda doktorsnám á nokkrum fræð sviðum við háskólann og nú er tímabært að huga að næstu 35 árum. Markmiðinu um burðuga menntastofnun sem þjónar landinu öllu hefur verið náð. Háskólinn á Akureyri verður að nú að verða sá drifkraftur sem hvað helst tekur þátt í og mótar breytingar í íslensku samfélagi. Íslenskt samfélag verður að verða fjölbreyttara í öllum skilningi hvað varðar samfélagsgerð og lýðfræði, fjölbreytni atvinnulífs, nýja nálgun í opinberri þjónustu og tengingar við alþjóðlegt samfélag.

Hvernig mun Háskólinn á Akureyri stuðla að framþróun hér á landi? Hvernig ætlar háskólinn að leggja sitt af mörkum til að stuðla að uppfyllingu markmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun lífs á okkar litlu bláu jörð?

Hvernig mun Háskólinn á Akureyri taka þátt í að þróa alþjóðlegt háskólasamfélag í rafrænum samskiptum og dreifingu þekkingar, en á sama tíma ná að byggja upp öflugt námssamfélag sem gefur af sér nýja og hagnýta þekkingu til allra byggðarlaga landsins?

Þetta eru stórar spurningar sem háskólasamfélagið verður að svara, í samtali við íslenskt samfélag.

Ný stefna skólans mun liggja fyrir árið 2024. Næstu misseri og ár verða vel nýtt til að finna svör við ofangreindum spurningum og móta skýra framtíðarsýn um hlutverk HA við uppbyggingu íslensks samfélags og hvernig háskólinn stuðlar að betri heimi fyrir alla.

Starfsfólki og stúdentum skólans þakka ég sérstaklega fyrir gott samstarf og mikla fórnfýsi í starfi á erfiðum tímum – nú er bjartari tíð framundan og það er ykkur að þakka að Háskólinn á Akureyri stendur á sterkum grunni til frekari sóknar.

Með vinsemd og virðingu,
Eyjólfur Guðmundsson, rektor



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

STARFSFÓLK

Framgangur

Rektor veitti framgang samkvæmt reglum nr. 1010/2016 um framgang og ótímabundna ráðningu akademíks starfsfólks við HA, með síðari breytingum. Framgangur er veittur frá 1. júlí ár hvert og einnig er veittur framgangur við nýráðningu.

Eftirtalið starfsfólk hlaut framgang 1. júlí 2021:



Antje Neumann,
dósent við Hug- og félags-
vísindasvið



Birgir Guðmundsson,
prófessor við Hug- og
félagsvísindasvið



**Birna María Svanbjörns-
dóttir,** dósent við Hug- og
félagsvísindasvið



**Margrét Elísabet Ólafs-
dóttir,** dósent við Hug- og
félagsvísindasvið



Margrét Valdimarsdóttir,
dósent við Hug- og félags-
vísindasvið



Sigfríður Inga Karlsdóttir,
prófessor við Heilbrigðis-
vísindasvið



Sigríður Sía Jónsdóttir,
dósent við Heilbrigðisvís-
indasvið



Stefán B. Gunnlaugsson,
prófessor við Viðskipta- og
raunvísindasvið

Eftirtalið starfsfólk hlaut framgang við nýráðningu:



Eva Charlotte Halapi,
dósent við Heilbrigðisvís-
indasvið



Gordon Neil Ramsay,
dósent við Hug- og
félagsvísindasvið



Guðbjörg Hildur Kolbeins,
dósent við Hug- og félags-
vísindasvið





GÆÐAMÁL

Gæðaráð ber ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans. Reglur um Gæðaráð Háskólans á Akureyri kveða á um skipun og starfshætti þess. Gæðaráðsfundir eru haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og voru fundirnir átta talsins árið 2021. Eitt af stóru verkefnum ársins var vinna við Gæðastefnu Háskólans á Akureyri, sem samþykkt var í háskólaráði 26. ágúst.

Gæðaráð var þannig skipað á vormisseri:

Vaka Óttarsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri, í forsæti,
Bergljót Borg aðjúnkt, fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs, til vara
Eva Halapi lektor,
Kjartan Ólafsson lektor, fyrstu þrjá mánuði ársins, en þá tók við
Páll Björnsson prófessor. Fulltrúar Hug- og félagsvísindasviðs.
Kristinn Pétur Magnússon prófessor, fulltrúi Viðskipta- og raun-
vísindasviðs,
Stefán Jóhannsson, sérfræðingur gagnagreiningar, fulltrúi
Háskólaskrifstofu,
Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar,
fulltrúi Háskólaskrifstofu,
Daníel Gunnarsson, fulltrúi stúdenta,
Eva María Matthíasdóttir, fulltrúi stúdenta.

Á haustmisseri sátu í Gæðaráði:

Vaka Óttarsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri, í forsæti,
Bergljót Borg aðjúnkt, fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs, til vara
Eva Halapi lektor,
Páll Björnsson prófessor, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs,
Kristinn Pétur Magnússon prófessor, fulltrúi Viðskipta- og raun-
vísindasviðs,
Stefán Jóhannsson, sérfræðingur gagnagreiningar, fulltrúi
Háskólaskrifstofu,
Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar,
fulltrúi Háskólaskrifstofu,
Dagmar Ólína Gunnarsdóttir, fulltrúi stúdenta,
Eva María Matthíasdóttir, fulltrúi stúdenta.

Guðlaug Þóra Stefánsdóttir, verkefnastjóri mannauðs- og gæðamála, var ritari Gæðaráðs þar til Lísbet Hannesdóttir, verkefnastjóri gæða- og mannauðsmála og nýr starfsmaður gæðateymis, tók við.

Stærsta verkefni Gæðaráðs var undirbúningur fyrir ytri úttekt á starfi háskólans í heild. Stóð sú vinna yfir mestallt árið 2021. Sjálfsmat deilda er hluti af henni og skiluðu fimm deildir háskólans sjálfsmati og sú sjötta hóf sjálfsmatvinnu á árinu.

Stýrihópur fyrir stofnanaúttekt, sem skipaður var í upphafi árs 2020, tók nokkrum breytingum þegar tímasetningar vinnunnar færðust til. Sigrún Magnúsdóttir, sérfræðingur í stofnanaúttekt, var upphaflega formaður, en á vormánuðum 2021 tók Eyjólfur Guðmundsson rektor við því sæti. Sigrún starfaði áfram með hópnum við stjórnun og skipulag verkefna. Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar, tók við sæti Sigrúnar Lóu Kristjánsdóttur, sem lét af störfum við háskólann.

Enn fremur tóku sæti í hópnum nýir fulltrúar tveggja fræðasviða, þau Bragi Guðmundsson prófessor, fyrir Hug- og félagsvísindasvið, og Rannveig Björnsdóttir dósent, fyrir Viðskipta- og raunvísindasvið.

Heimfaraldur Covid-19 setti mark sitt á vinnuna en engu að síður tókst að ljúka ferlinu eins og til stóð.

Stýrihópurinn skilaði úttektarskýrslu í byrjun september en þá fékk úttektarnefndin nokkrar vikur til að kynna sér hana ásamt því að óska eftir frekari gögnum.

Til stóð að úttektarnefnd kæmi í HA vikuna 22. – 26. nóvember ásamt Sigurði Óla Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Gæðaráðs íslenskra háskóla. Skömmu fyrir úttektina urðu forföll hjá úttektarnefndinni auk þess sem Covid-smitum hafði fjölgað mikið á Íslandi, sem varð til þess að flytja þurfti úttektina yfir í rafrænt form.

Að stofnanaúttekt kemur mjög stór hópur hvað varðar bæði nám og rannsóknir; starfsfólk, stúdentar, stundakennarar og ytri aðilar. Allir sýndu breytingum á dagskránni mikinn skilning, þó fyrirvarinn væri skammur, og gekk úttektin mjög vel fyrir sig. Úttektarnefndin hrósaði starfsfólki háskólans mikið fyrir hreinskilin og góð samtöl.

Í desember fékk rektor sendar fyrstu niðurstöður úttektarnefndarinnar. Þær voru mjög jákvæðar og því fyllsta ástæða til bjartsýni þegar heildarskýrsla stofnanaúttektarinnar berst, en von er á henni á fyrstu mánuðum ársins 2022.

Stofnanaúttekt, eða ytri úttekt, er þáttur í Rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum.



GÆÐAMÁL

Þetta var í annað sinn sem Háskólinn á Akureyri undirgengst stofnanaúttekt.

Á vormánuðum 2021 bárust niðurstöður úr stofnanaúttekt á námsbraut í lögreglufræðum. Niðurstaðan var að umbóta væri þörf varðandi þó nokkra þætti. Skipta mátti niðurstöðunum í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru það þættir sem snúa að umgjörð námsins milli mennta- og menningarmálaráðuneytis annars vegar og dómsmálaráðuneytis hins vegar. Í öðru lagi eru umbætur sem háskólinn gæti gert til að styðja við námið og í þriðja lagi umbætur er snúa að náminu sjálfu innan námsbrautarinnar. Verkefnið er umfangsmikið og hefur þarfnast samtals og samráðs fjölda aðila. Vinnu við aðgerðaáætlun í kjölfar úttektarinnar miðar mjög vel. Gert er ráð fyrir annarri heimsókn frá úttektarteyminu á vormánuðum 2022 þar sem framvindan verður kynnt.

Af öðrum verkefnum má nefna nýtt, samtalsmiðað námskeiðsmat sem hefur verið að festa sig í sessi og var framkvæmt af öllum deildum háskólans á haustmisseri. Unnið er út frá PDCA hugmyndafræði þar sem unnið er að úrbótum jafnóðum og námskeiðsmat hefur farið fram.

Þá kynntu gæða- og mannauðsstjóri og formaður Stúdentafélags HA útfærslur á vinnustofu með öllum háskólunum og hafa aðrir skólar mikinn áhuga á að taka upp það vinnulag.

Lísbet Hannesdóttir var ráðin inn í gæða- og mannauðsteymið á vormisseri. Hennar hlutverk er að veita lykiltöluteymi HA forystu og vinna að því að gera lykiltölur háskólans og aðrar lykilupplýsingar aðgengilegri og tengja þær betur við gæðavinnu deilda. Sú vinna hefur þróast yfir í sérstök „mælaborð“ fyrir deildir og einingar sem ætluð eru til að styðja við markvissar umbætur milli úttekta.

Enn fremur eru nú tilbúin sniðmát og leiðbeiningar með tölulegum upplýsingar fyrir allar deildir sem vinna við sjálfsmat. Gera má ráð fyrir að þetta muni auðvelda vinnuna til muna fyrir deildirnar.

Breytingar voru gerðar á skipun Bolognaþeymis háskólans, sem hingað til hefur verið undirnefnd Gæðaráðs og haft það hlutverk að veita álit og ráðgjöf varðandi nýtt námsframboð, uppsetningu lærdómsviðmiða og samspil lærdómsviðmiða fyrir heilar námsleiðir og lærdómsviðmiða einstakra námskeiða.

Í stað akademískra fulltrúa frá fræðasviðunum komu tveir kennslaráðgjafar frá Kennslumiðstöð HA inn í teymið. Markmiðið er að auka þekkingu innan Kennslumiðstöðvar varðandi lærdómsviðmið og að deildir og kennarar geti fengið aukna leiðsögn og stuðning í gegnum allt ferlið.

Fundargerðir Gæðaráðs eru birtar á innri vef háskólans, Uglu, á slóðinni <https://ugla.unak.is/kerfi/view/page.php?sid=2052>



GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Góðvinir HA eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá HA og annarra velunnara háskólans.

- Góðvinir efna til endurfunda, fagna útskrift og safna fjármunum í stofnfjársljóð.
- Góðvinir heiðra afburðanemendur við brautskráningu.
- Góðvinir bera hag Háskólans á Akureyri fyrir brjósti.

Háskólahátíð

Vegna heimsfaraldurs og takmarkana á samkomum voru engir endurfundir skipulagðir í tengslum við Háskólahátíð og brautskráningu í júní og var það annað árið í röð. Að venju var heiðursviðurkenning Góðvina veitt kándídotum á brautskráningu. Að þessu sinni heiðraði formaður Góðvina fimm kándídata. Handhafar viðurkenningar Góðvina 2021 eru:

- Heiða Björg Guðjónsdóttir, MT í kennarafræðum,
- Þórey Erla Erlingsdóttir, BS í hjúkrunarfræði,
- Daníel Gunnarsson, BA í félagsvísindum, og Steinunn Alda Gunnarsdóttir, BA í sálfræði,
- Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir, BS í viðskiptafræði.

Í þetta skiptið var ekki hægt að gera upp á milli tilnefndra frá Hug- og félagsvísindasviði svo þar fengu tveir kándídatar verðlaun. Viðurkenningin er að vanda gullnæla úr smíði Kristínar Petru Guðmundsdóttur gullsmíðs og einnig handskrifað viðurkenningarskjál.

Aðalfundur

Aðalfundur Góðvina fyrir starfsárið 2020 var haldinn rafrænn 18. nóvember. Starfsmaður Góðvina flutti skýrslu stjórnar og kosin var ný stjórn. Í henni eiga sæti:

- Berglind Ósk Guðmundsdóttir, formaður,
- Bjarki Freyr Brynjólfsson,
- Kristín Sigurðardóttir, gjaldkeri,

- Elva Gunnlaugsdóttir,
- Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, fulltrúi SHA,
- Katrín Árnadóttir, forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála HA og starfsmaður Góðvina.

Varastjórn:

- Kristjana Hákonardóttir,
- Agnes Ögmundsdóttir, varafulltrúi SHA,
- Sólveig María Árnadóttir,
- Þorsteinn Gunnarsson,
- Árni V. Friðriksson.

Alumni-deild – fyrrverandi nemendur:

- Kristín Baldvinsdóttir,
- Hólmfríður Lilja Birgisdóttir.

Barmmerki Góðvina er nú fáanlegt í vefbúð HA og kostar 4.900 kr.



Handhafar heiðursverðlauna Góðvina á brautskráningu úr grunnámi frá Hug- og félagsvísindasviði 12. júní voru Daníel Gunnarsson, BA í félagsvísindum, og Steinunn Alda Gunnarsdóttir, BA í sálfræði. Einar Brynjólfsson, formaður Góðvina, er lengst til vinstri og Eyjólfur Guðmundsson, rektor, og Kolbrún Benediktsdóttir, heiðursgestur, lengst til hægri.



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Meginmarkmið Heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í heilbrigðisvísindum, þar með talið hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunarfræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda.

Á Heilbrigðisvísindasviði er boðið grunnnám til BS-gráðu í iðjuþjálfunarfræði og í hjúkrunarfræði. Á framhaldsstigi er boðið nám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum á þrettán kjörsviðum. Einnig starfsréttindanám á meistarastigi fyrir iðjuþjálfara í framhaldi af BS-gráðu í þeirri grein.

Á framhaldsstigi er enn fremur í boði diplómanám á nokkrum kjörsviðum sem og diplómanám bæði í fræðilegu og klínísku heilsugæslunámi. Þá er boðið doktorsnám í hjúkrunarfræði/heilbrigðisvísindum við fræðasviðið.

Heilbrigðisvísindasvið er í ágætu samstarfi við Háskóla Íslands og ýmsa háskóla á hinum Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar. Erlendir sérfræðingar eru gjarnan ráðnir til kennslu og rannsókna við fræðasviðið, meðal annars í tengslum við Fulbright-samstarf.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA er samstarfsvettvangur háskólans og Sjúkrahússins á Akureyri og er starfsemin nátengd Heilbrigðisvísindasviði.

Einnig er Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi, þverfræðileg rannsóknarmiðstöð, starfrækt í tengslum við sviðið.

Heimsfaraldur Covid-19 hafði mikil áhrif á starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs. Varðandi námið var nú byggt á reynslu frá fyrra ári og gekk kennslan því vel. Mikil reynsla af sveigjanlegu námi gagnaðist vel við alla skipulagningu, kennslu og próftöku, en próf voru að mestu rafræn nema samkeppnispróf í hjúkrunarfræði, sem voru staðarpróf.

Staðarlotur héldust að mestu leyti, en fyrir kom að færa þurfti þær á rafrænt form með stuttum fyrirvara. Klínískt nám og vettvangsnám var áskorun. Til að framfylgja samkomutakmörkunum þurfti að breyta námsskipulagi og færa nemendur milli deilda og staða með litlum fyrirvara.

Með góðu skipulagi og yfirsýn verkefnastjóra tókst að gera stúdentum kleift að ljúka báðum misserunum. Við alla skipulagningu náðist frábær samvinna milli deilda og stúdenta.

Aðstæðurnar höfðu líka áhrif á stjórnsýslu sviðsins, fasta fundi og starfsþróun starfsfólksins.

Doktorsnám við Heilbrigðisvísindasvið

Einn doktorsnemi bættist í hóp þeirra þriggja sem fyrir voru, en doktorsnám hófst 2019.

Hulda Sædís Bryngeirsdóttur birti ásamt aðalleiðbeinanda sínum tvö ritverk árið 2021:

1) „I'm a winner, not a victim“: The facilitating factors of post-traumatic growth among women who have suffered intimate partner violence. Greinin birtist í *International Journal of Environmental Research and Public Health*.

2) The challenging journey from trauma to post-traumatic growth. Greinin birtist í *Scandinavian Journal of Caring Sciences*.

Starfsréttindanám á meistarastigi fyrir iðjuþjálfara er eins árs 60 eininga nám í framhaldi af BS-námi í iðjuþjálfunarfræði. Gráðan tryggir leyfisveitingu frá Embætti landlæknis til að starfa sem iðjuþjálfari á Íslandi. Stór hluti námsins fer fram á vettvangi í fjölbreytilegu starfsumhverfi þar sem nemendur fá þjálfun og undirbúning fyrir störf iðjuþjálfara.

Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám í iðjuþjálfunarfræði. Grunn nám og allt nám á meistarastigi við Heilbrigðisvísindasvið er með sveigjanlegu námsformi, sem skapar sviðinu sérstöðu meðal íslenskra háskóla.

Haustið 2021 var í fyrsta skipti boðið fagnám til diplómaprófs á kjörsviði öldrunar- og heimahjúkrunar fyrir starfandi sjúkraliða. Það er 60 ECTS-eininga, tveggja ára nám og er á grunnstigi, en fer fram við Framhaldsnámsdeild.

Í undirbúningi er kjörsvið samfélagsgeðhjúkrunar í fagnámi starfandi sjúkraliða og verður það boðið frá og með hausti 2022. Frá sama tíma verður einnig boðið nýtt klínískt meistaranám í geðhjúkrun, í samstarfi við Háskóla Íslands.

Í undirbúningi er þverfaglegt diplómanám um heilabilun.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Karen Birna Þorvaldsdóttir birti einnig tvö ritverk:

- 1) Understanding and measuring help-seeking barriers among intimate partner violence survivors: Mixed-methods validation study of the Icelandic Barriers to Help-Seeking for Trauma (BHS-TR) Scale. Greinin birtist í *International Journal of Environmental Research and Public Health*.
- 2) Adaption of the Barriers to Help-Seeking for Trauma (BHS-TR) Scale: A cross-cultural cognitive interview study with female intimate partner violence survivors in Iceland. Greinin birtist í *Journal of Patient Reported Outcomes*.

Sigríður Halldórsdóttir prófessor er aðalleiðbeinandi Huldu Sædísar og Karenar Birnu. Doktorsverkefnið eru unnin innan alþjóðlegs rannsóknarhóps um kynbundið ofbeldi. Bæði eru þau unnin í samvinnu við Jafnréttisstofu.

Doktorsverkefni Elínar Arnardóttur heitir *Mat á áhættu að fá sykursýki tegund 2: Áhrif af hjúkrunarstýrðri fræðslu innan heilsugæslu, slembuð rannsókn með íhlutun*. Á ensku: *Assessment of risk of developing type 2 diabetes: Nurse-coordinated team-based follow-up program in primary care: a mixed-method complex intervention feasibility and RCT pilot trial among people at risk for diabetes type 2*.

Aðalleiðbeinandi Elínar er Árún Kr. Sigurðardóttir prófessor. Verkefnið er unnið í samstarfi við Høgskulen på Vestlandet og Københavns Universitet.

Unnur Magnúsdóttur hóf doktorsnám árið 2021. Verkefni hennar nefnist *Ligand-binding of human chitinase-like proteins*. Markmið þess er að greina bindisækni og hugsanlega bindistaði kítnasa-líku próteinanna YKL-40, YKL-39 og SI-CLP við mögulega bindla þeirra, með sérstaka áherslu á virkni þeirra í bólguferlum. Aðalleiðbeinandi er Finnþógi Rútur Þormóðsson, prófessor emeritus. Verkefnið er unnið í samstarfi við Genís hf. á Siglufirði.

Skipting í deildir

Heilbrigðisvísindasvið skiptist í þrjár deildir: Hjúkrunarfræðideild, Iðjuþjálfunarfræðideild og Framhaldsnámsdeild.

Prófgráður á fræðasviðinu 2021

Árið 2021 brautskráðust 47 kandídatar með BS-próf í hjúkrunarfræði, 18 með BS-próf í iðjuþjálfunarfræði, tíu með viðbótardiplóma í iðjuþjálfunarfræði á meistarastigi, 13 með MS-gráðu í heilbrigðisvísindum og 41 kandídat með viðbótardiplóma á meistarastigi.

Annað

Stúdentum fjölgaði við allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs árið 2021.

Fjöldatakmörkanir í hjúkrunarfræði voru rýmkaðar og kom breytingin til framkvæmda á vormisseri 2021. Námsplássum fjölgaði um tuttugu og því komust 75 hjúkrunarfræðinemar áfram á vormisseri fyrsta árs að afloknum samkeppnisprófum. Alls þreyttu 133 stúdentar öll samkeppnisprófin.

Nemar í iðjuþjálfunarfræðideild á haustmisseri 2021 voru alls 122 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Sextíu og fimm umsækjendur fengu inngöngu í BS-námið haustið 2021. Flestir þeirra stefna á starfsréttindanámsdeild á meistarastigi í iðjuþjálfun. Sextán nemar innrituðust í starfsréttindanámið á haustmisseri.

Um 20 stúdentar voru í áðurnefndu fagnámi fyrir starfandi sjúkraliða. Um mikil tímamót er að ræða þar sem sjúkraliðum býðst nú í fyrsta sinn nám á háskólastigi.

Alls stunduðu 163 stúdentar nám við Framhaldsnámsdeild í lok árs. Þar af voru 94 nýnemar, sem er aukning frá fyrra ári. Stúdentar sem stunda nám til meistaraþrófs voru 104 talsins og hafa aldrei verið fleiri.

Í byrjun nóvember var haldið við háskólann fimm daga Nordplus-námskeið fyrir iðjuþjálfanema undir yfirskriftinni *Occupation-based perspective in social inclusion*. Þátttakendur voru 27 talsins og komu frá tíu háskólum í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi og á Íslandi. Iðjuþjálfunarfræðideild stóð fyrir námskeiðinu í samvinnu við samstarfsnetið Occupational Therapy in Nordic and Baltic countries.

Skiptinám

Engir stúdentar fóru frá Heilbrigðisvísindasviði í skiptinám erlendis árið 2021. Sviðið tók hins vegar á móti fjórum erlendum skiptinemandum í hjúkrunarfræði í upphafi árs, öllum frá Svíþjóð. Þar af voru tveir í lokaverkefni og tveir komu í klínískt nám. Einnig tók Heilbrigðisvísindasvið á móti iðjuþjálfunarnema frá Finnlandi í vettvangsnámi.

Skiptinám fyrir sex aðra nemendur hafði verið undirbúið en hætta þurfti við vegna faraldursins.

Starfsfólk

Fastir starfsmenn Heilbrigðisvísindasviðs voru 42 í 31,3 stöðugildum. Meðtaldir eru fjórir starfsmenn Heilbrigðisvísindastofnunar. Þar að auki starfar fjöldi stundakennara við sviðið og enn fremur gestalektor og gestadósent.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Þrír starfsmenn létu formlega af störfum vegna aldurs en eru áfram við sviðið. Það eru þau Elísabet Hjörleifsdóttir, prófessor emerita, Guðrún Pálmadóttir, prófessor emerita, og Finnþogi Rútur Þormóðsson, prófessor emeritus.

Stjórnsýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 812/2013, með síðari breytingum.

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Markmið náms í hjúkrunarfræði er að búa stúdenta undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum sem og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Nám í hjúkrunarfræði tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins og mætir alþjóðlegum stöðlum.

Nám til BS-gráðu er skipulagt til fjögurra ára og er 240 ECTS-einingar. Á fjórða námsári eru tekin námskeið á meistarastigi, alls 30 einingar. Hjúkrunarfræðinámið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindi og hjúkrunarfræðigreinar. Stúdentar stunda klínískt nám undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga víða um land yfir námstímann. Hjúkrunarfræðinemar geta stundað nám sitt hvar sem er, en skyldumæting er í staðarloftur í tvær vikur á hverju misseri.

IÐJUPJÁLFUNARFRÆÐIDEILD

Nám í iðjupjálfunarfræði byggir á heilbrigðis- og félagsvísindum og snýst um iðju, heilsu og líffsgæði fólks. Stúdentar tileinka sér þekkingu, viðhorf og leikni sem endurspeglar nýjustu þekkingu og þróun iðjupjálfunarfræði á hverjum tíma.

Skoðað er hvernig umhverfi í víðum skilningi og einstaklingsþættir hafa áhrif á færni og þátttöku fólks í samfélaginu og fjallað er um ólíkar leiðir til úrlausna. Lögð er áhersla á að stúdentar séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi, bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi.

Nám í iðjupjálfunarfræði er 180 ECTS-einingar, tekur þrjú ár og lýkur með BS-gráðu. BS-próf opnar möguleika til ýmissa starfa í velferðarþjónustu. Það veitir einnig aðgang að frekara námi á meistarastigi, svo sem í lýðheilsufræði, fötunarfræði, heilbrigðisvísindum og stjórnun.

Starfsréttindanam á meistarastigi fyrir iðjupjálfa er eins árs 60 eininga nám í framhaldi af BS-námi í iðjupjálfunarfræði. Gráðan tryggir leyfisveitingu frá Embætti landlæknis til að starfa

sem iðjupjálfi á Íslandi. Stór hluti námsins fer fram á vettvangi í fjölbreytilegu starfsumhverfi þar sem nemendur fá þjálfun og undirbúning fyrir störf iðjupjálfa.

FRAMHALDSNÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM

Markmið námsins er að brautskráðir stúdentar verði gagnrýnir greinendur, ígrundandi fagmenn, breytingarliðar og víðsýnir, skapandi leiðtogar. Það eru þeir námskrárþræðir sem áhersla er lögð á og eru rauður þráður í uppbyggingu og innihaldi námskeiða, og leiðarljós í kennslu og námsmati. Þá er í öllum námskeiðum lögð áhersla á mikilvægi vísindarannsókna.

Nám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum er 120 ECTS-einingar. Það er að jafnaði byggt upp af 60 – 90 einingum í námskeiðum og meistararitgerð sem vegur 30 – 60 einingar, eftir kjörsviðum.

Í meistaranáminu voru ellefu kjörsvið árið 2021. Á öllum kjörsviðum eru skyldunámskeið, alls 40 ECTS-einingar, og 20 – 40 einingar í valnámskeiðum. Rannsóknarefni til meistara- verkefnis er valið með aðstoð frá umsjónarkennara. Reynt er að mæta þörfum stúdenta með tilliti til áherslusviðs.

Við Framhaldsnámsdeild er einnig hægt að ljúka 40 – 60 eininga diplómagráðu í heilbrigðisvísindum. Árið 2021 var boðið upp á diplómanám á sviði endurhæfingar, geðheilbrigðisfræði, krabbameins og líknarmeðferðar, og stjórnunar.

Einnig er árlega í boði diplómanám í bæði fræðilegu og klínísku heilsugæslunámi.

Kjörsvið í námi til MS-gráðu árið 2021 voru:

- heilbrigðisvísindi – almennt kjörsvið
- endurhæfing
- geðheilbrigðisfræði
- heilsugæsla í héraði – fræðileg
- heilsugæsla í héraði – klínísk
- langvinn veikindi
- ljósmæður – heilbrigði kvenna
- sálræn áföll og ofbeldi
- stjórnun í heilbrigðisþjónustu
- verkir og verkjameðferð
- öldrun og heilbrigði

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

RANNSÓKNIR

Háskólinn hefur gert rammamninga við helstu heilbrigðisstofnanir landsins. Meðal annars ná samningarnir til klínískrar kennslu stúdenta á Heilbrigðisvísindasviði og til rannsóknarsamstarfs. Flestar heilbrigðisstofnanir hafa áhuga á rannsóknarsamstarfi við sviðið, sem er ánægjuleg þróun.

Rannsóknarstarfsemi er öflug á Heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru þar í samstarfi við erlenda og íslenska fræðimenn. Rannsóknarstefna sviðsins hefur verið í endurskoðun reglulega frá árinu 2017 og unnið er að þróun rannsóknarhópa í samræmi við hana. Allt síðan á árinu 2000 hafa rannsóknarhæslur á Heilbrigðisvísindasviði verið þverfaglegar. Hafa starfsmenn sviðsins hist mánaðarlega í rannsóknarsmiðjum þar sem ný verkefni og lengra komin hafa verið kynnt.

Að venju voru haldnir tveir starfsþróunardagar, í febrúar og nóvember. Í febrúar var umræða um kynferðislegt áreiti í klínísku námi og vettvangsnámi auk þess sem nýtt aðstoðarmannakerfi á sviðinu var rætt. Í nóvember var áherslan á kennslu í fræðilegum vinnubrögðum í grunn- og framhaldsnámi auk þess sem nýtt prófakerfi var kynnt ásamt kynningu frá Náms- og starfsráðgjöf HA.

Sjónaukinn, árleg rannsóknarráðstefna Heilbrigðisvísindasviðs, hefur verið haldin árlega frá árinu 2018. Yfirskriftin 2021 var *Notendamiðuð velferðarþjónusta: Fortíð, nútíð og framtíð*.

Gestafyrirlesarar voru Agnes Higgins, geðhjúkrunarfræðingur og prófessor við Trinity College í Dublin á Írlandi, Yani Hamdani, iðjubjálfi og lektor við University of Toronto í Kanada, Svava Arnardóttir, iðjubjálfi hjá Hugarafli, sjálf með persónulega reynslu af andlegum áskorunum, og Ragnheiður K. Jóhannsdóttir Thoroddsen, örorkulífeyrisþegi og notandi velferðarþjónustu.

Á Sjónaukanum kynna meistaranemendur lokaritgerðir sínar og einnig kynna fræðimenn á sviðinu vísindastarf sitt. Þátttaka á ráðstefnunni var góð, en hún var haldin rafrænt í annað skipti.

Starfsfólk Heilbrigðisvísindasviðs tók þátt í og skipulagði ýmsar rafrænar ráðstefnur á árinu án þess að sviðið héldi sérstaklega utan um skráningu þeirra.

HEILBRIGÐISVÍSINDASTOFNUN HA – HHA

Heilbrigðisvísindastofnun HA er sameiginlegur vettvangur akademískra starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri – SAK og HA til eflingar kennslu, þjálfun og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum, til þekkingarmiðlunar, og til kynningar á rannsóknnum starfsmanna.

Fjórir starfsmenn eru í hlutastörfum við HHA í 20% starfshlutfalli hver. Starfsmenn HHA koma að kennslu og rannsóknnum við Heilbrigðisvísindasviðið.

Stjórn Heilbrigðisvísindastofnunar er skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila, HA og SAK.

Stefnufnd stýrir heildarsamstarfi HA og SAK samkvæmt rammamningi milli aðila frá 2017. Hún hefur það hlutverk að vera stefnumótandi vegna sameiginlegra málefna.

Stefnufnd verður eflð sem vettvangur fyrir undirbúning að því að SAK verði háskólasjúkrahús á Norðurlandi.

Megináhersla er lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirkni starfsmanna SAK og tengja verkefni stúdenta HA við þarfir sjúkrahússins. Stefnt er að því að auka vægi Heilbrigðisvísindastofnunar í rannsóknar- og þróunarsamstarfi háskólans og Sjúkrahússins á Akureyri.

Samkvæmt rammamningi HA og SAK getur starfsfólk SAK sem sinnir kennslu og rannsóknnum sótt um akademíska nafnbót við Heilbrigðisvísindastofnun, í samræmi við gildandi reglur háskólans. Tveir starfsmenn við Sjúkrahúsið á Akureyri hafa fengið slíkar nafnbætur.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2021

Rannsóknarhersla/ rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan sviðs
Heilbrigðisvísindi / sykursýki	<i>Nurse-coordinated, team-based follow-up program in primary care: A mixed-method complex intervention feasibility and RCT pilot trial among people at risk for diabetes type 2 (T2DM)</i>	Elín Arnardóttir og Árun Kr. Sigurðardóttir
Heilbrigðisvísindi / hjúkrunarmenntun	<i>Share the Care: Attracting men to nursing education to counteract a gender-segregated labour market</i>	Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir og Gísli Kort Kristófersson
Iðjuþjálfun / starfsendurhæfing	<i>ReDo©-Redesigning Daily Occupations goes Icelandic</i>	Björg Þórðardóttir
Heilbrigðisvísindi / íþróttasálfræði	<i>Andleg heilsa íþróttamanna á Norðausturlandi</i>	Nanna Ýr Arnardóttir
Heilbrigðisvísindi / heilsulæsi	<i>Eldra fólk á Norðurlandi: Heilsutengdar upplýsingar og þjónusta</i>	Sonja Stelly Gústafsdóttir og Árun Kr. Sigurðardóttir
Heilbrigðisvísindi / heilsa kvenna	<i>Þekking á heilsu kvenna meðal grunnema í hjúkrunarfræði á Íslandi og Noregi</i>	Nanna Ýr Arnardóttir
Næringarfræði	<i>Næringarástand aldraðra í sjálfstæðri búsetu á Akureyri og nágrenni</i>	Laufey Hrólfsdóttir

RÁÐSTEFNUR Á VEGUM FRÆÐASVIÐSINS EÐA DEILDA

Rannsóknarhersla/rannsóknarsvið	Heiti ráðstefnu	Í hvaða mánuði
<i>Heilbrigðisvísindi</i>	<i>Sjónaukinn 2021, rannsóknarráðstefna Heilbrigðisvísindasvið HA</i>	Maí
<i>Heilbrigðisvísindi</i>	<i>Vísindadagur Sjúkrahússins á Akureyri, í samstarfi við Heilbrigðisvísindastofnun HA</i>	September

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

RANNSÓKNARGREINAR BIRTAR Í RITRÝNDUM TÍMARITUM OG BÓKUM

Bækur: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem miðast við staðbundið fræðasamfélag	1
Kaflar í handbókum og alfræðiritum	25
Greinar birtar í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul	23
Aðrar greinar birtar í ISI tímaritum	42
Aðrar greinar í ritrýndum tímaritum	20

FYRIRLESTRAR Á MÁLÞINGUM OG RÁÐSTEFNUM, VEGGSPJÖLD

Opinber boðsfyrirlestur við erlendan háskóla	1
Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum	30
Erindi á innlendum ráðstefnum	37
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundir fyrir faghópa	48





HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hlutverk Hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögræði, menntavísindum og sálfræði.

Á Hug- og félagsvísindasviði er að finna námsframboð sem ekki er við aðra háskóla hérlandis. Það er BA-nám í almennum félagsvísindum, fjölmiðlafræði og nútímafræði.

Á framhaldsstigi er boðið 60 eininga diplómanám í menntunarfræði ætlað þeim sem lokið hafa meistaraþrófi í kennslugrein í framhaldsskóla og vilja afla sér kennsluréttinda á framhaldsskólastigi.

Diplómanám í lögreglufræði er skipulagt til tveggja ára. Diplómanám fyrir verðandi lögreglumenn undirbýr stúdenta fyrir störf í þéttbýli á fámennum og víðfeðmum svæðum þar sem lögreglumaður þarf að geta gengið í nánast öll störf. Hluti af náminu er starfsnám sem veitir starfsréttindi til að hljóta skipun hjá lögregluembættum landsins.

Þá býður Háskólinn á Akureyri einn íslenskra háskóla upp á nám í heimskautarétti á framhaldsstigi.

Loks ber að nefna BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði og enn fremur diplómanám fyrir verðandi og starfandi lögreglumenn, sem er eingöngu boðið við HA.

Doktorsnám við Hug- og félagsvísindasvið

Tveir doktorsnemar stunda nám við Hug- og félagsvísindasvið.

Doktorsverkefni Grétu Bergrúnar Jóhannesdóttur nefnist *Ahrif nærsamfélagsins á búsetu ungra kvenna í sjávarbyggðum, Young women in Icelandic fishing villages: Migration and social context*. Aðalleiðbeinandi er Þóroddur Bjarnason prófessor.

Doktorsverkefni Lara Wilhelmine Hoffmann heitir *Encounters: The role of media, language(s), and the arts in the acculturation process of immigrants in Iceland*. Aðalleiðbeinandi er Markus Meckl prófessor.

Skipting í deildir

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í fjórar deildir: Félagsvísinda-deild, Kennaradeild, Lagadeild og Sálfræðideild.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA er starfrækt innan Hug- og félagsvísindasviðs í gagnvirkum tengslum við Kennaradeild.

Prófgráður á fræðasviðinu 2021

Á grunnstigi er boðið nám til 180 ECTS-eininga BA-gráðu í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, lögræði, lögreglu- og löggæslufræði, nútímafræði og sálfræði. Enn fremur 180 eininga nám til BEÐ-prófs í kennarafræði.

Annað nám á grunnstigi er diplóma í lögreglufræði, annars vegar fyrir starfandi lögreglumenn og hins vegar fyrir verðandi lögreglumenn, og diplóma í leikskólafræðum, 120 einingar.

Á framhaldsstigi er 120 eininga nám til MA-gráðu í fjölmiðla- og boðskiptafræði og einnig rannsóknartengt meistaranám í félagsvísindum, heimskautarétti og sálfræði.

Enn fremur 120 eininga nám til ML-gráðu í lögræði, til MA-gráðu í menntavísindum, til

MEd-gráðu í menntunarfræði, og til MT-gráðu í menntunarfræði.

Á framhaldsstigi er líka boðið 60 eininga diplómanám í heimskautarétti og 90 eininga nám til LLM-gráðu í sömu grein. Einnig 30 eininga diplómanám í fjölmiðla- og boðskiptafræði.

Boðið er framhaldsnám (diplóma) í menntavísindum og menntunarfræði, 60 ECTS-einingar. Loks er diplómanám í starfstengdri leiðsögn, 30 ECTS-einingar, fyrir kennara í starfi.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Annað

Hug- og félagsvísindasvið er fjölmennasta fræðasviðið við HA hvað viðkemur fjölda stúdenta.

Vegna Covid-19 heimsfaraldursins fór námið að mestu fram með rafrænum hætti. Einnig voru próf og annað námsmat að mestu færð yfir í rafrænt form og komið til móts við stúdenta með ýmsu móti. Staðarlotur voru haldnar rafrænt í rauntíma og með ýmsum útfærslum, sem allt reyndi á góða skipulagningu og færni í rafrænum kennsluháttum.

Kennaranemum og lögreglufræðinimum var gert kleift að ljúka verklegu námi sínu og starfsþjálfun.

Frábært samstarf náðist milli deilda og stúdenta við alla skipulagsvinnu vegna breyttra aðstæðna. Skrifstofa fræðasviðsins gegndi einnig mikilvægu hlutverki við að halda starfseminni áfram og halda utan um stúdentahópinn.

Skiptinám

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við HA. Fjöldmörg námskeið innan sviðsins voru kennd á ensku, þar á meðal námsbraut í heimskautarétti. Auk þess voru sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema vísuð á sviðinu en þau eru: Íslenska sem annað mál, íslensk náttúra og íslenskt samfélag, saga og menning. Stúdentar frá öllum deildum sviðsins fóru í skiptinám við erlenda háskóla í gegnum Erasmus+ en einnig Nordplus.

Starfsfólk

Fastir starfsmenn Hug- og félagsvísindasviðs voru 62 talsins þann 1. desember 2021. Auk þeirra starfaði við sviðið fjöldi stundakennara, að viðbættum kennurum á öllum skólastigum víðs vegar um land sem tóku að sér að veita stúdentum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Stjórnýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Hug- og félagsvísindasviðs er lýst í reglum nr. 416/2012, með síðari breytingum.

FÉLAGSVÍSINDAEILD

Félagsvísindadeild er meðal fjölmennustu deilda háskólans hvað stúdenta varðar. Í náminu er áhersla á verkefnavinnu stúdenta og námið felur í sér fjölbjóðlegar tengingar.

Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um félagsvísindaleg og hugvísindaleg efni eru fastir liðir á svonefndum félagsvísindatorgum.

Við Félagsvísindadeild eru fjórar námsleiðir til BA-gráðu, í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, lögreglu- og löggæslufræði og í nútímafræði. Að loknu diplómanámi í lögreglufræði fyrir verðandi eða starfandi lögreglumenn er hægt að bæta við 60 eininga námi til BA-gráðu.

Meistaránám til MA-gráðu við félagsvísindadeild er rannsóknar tengt.

Í boði er 30 eininga diplómanám á meistarastigi í fjölmiðla- og boðskiptafræði í framhaldi af BA-gráðu í fjölmiðlafræði.

Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Námið tekur mið af þróun sem orðið hefur á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum. Leitast er við að samþætta faglega þekkingu sem kennd er í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd er í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera stúdenta hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatækniþyngingu og síhækkandi almennu menntunarstigi.

Stúdentar taka þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum. Áberandi er hve margir brautskráðir hafa fengið störf á fjölmiðlum eða sinna fjölmiðlatengdum störfum.

Nútímafræði

Nútímafræði er þverfaglegt nám á sviði félags- og hugvísinda. Það er blanda af heimspeki, siðfræði, sagnfræði, íslensku og samfélagsgreinum. Mörg valnámskeið eru í boði og góðir möguleikar á skiptinámi, bæði á Íslandi og erlendis.

Námið er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér víðtækrar menntunar og öðlast traustan grunn fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

Stúdentar ljúka 120 einingum í kjarnanámskeiðum. Auk þess er valið á milli fjögurra áherslusviða: Nútímafræði, sagnfræði, heimspeki og íslensku.

Almenn félagsvísindi

BA-námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Það byggir einkum á félagsfræði,

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

mannfræði og stjórnmálafræði. Stúdentar öðlast innsýn í eðli mannlegs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Það er sambærilegt við BA-nám í einstökum undirgreinum félagsvísinda við aðra innlenda og erlenda háskóla.

Að námi loknu hafa brautskráðir traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

BA-nám í félagsvísindum var hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum:

- Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali.
- Afbrotufræði, áhersla á eðli og skilgreiningu afbrota og annarra frávika, félagslegar, efnahagslegar, menningarlegar og sálfræðilegar orsakir þeirra og afleiðingar fyrir einstaklinga og samfélög.
- Byggðafræði, áhersla á byggðaþróun á Íslandi, fólksflutninga innanlands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum, stjórnmál, stjórnsýslu og stefnumótun í byggðamálum.
- Kynjafræði, áhersla á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglinga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu.
- Norðurslóðfræði, áhersla á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurslóðum, í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni.

Lögreflufræði

Lögreflufræði fjallar um viðfangsefni löggæslu í víðu samhengi. Námið miðar að því að veita stúdentum haldgóða undirstöðufærni í að fyrirbyggja og upplýsa um brot á lögum og að tryggja almannaoöryggi. Það er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á lögreflufræði sem fræðigrein, en er jafnframt tengt starfi lögreglu á grundvelli laga, reglna, þjálfunar og alls verklags sem er mikilvægt í starfi lögreglunnar.

BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði leggur grunn að ólíkum

leiðum í námi og starfi. Það er góður kostur fyrir stúdentana sem vilja afla sér víðtækrar menntunar á sviði lögreglu- og löggæslufræði.

Diplómanám í lögreglufræði er skipulagt til tveggja ára. Diplómanám fyrir verðandi lögreglumenn undirbýr stúdentana fyrir störf í þéttbýli á fámennum og víðfeðmum svæðum þar sem lögreglumaður þarf að geta gengið í nánast öll störf. Hluti af náminu er starfsnám sem veitir starfsréttindi til að hljóta skipun hjá lögregluembættum landsins.

Diplómanám fyrir starfandi lögreglumenn er ætlað þeim sem vilja kynnast fræðigreininni betur og dýpka þekkingu sína á löggæslu og rannsóknum afbrota, eða vilja prófa nýja nálgun á fagið. Þessi námslína felur ekki í sér starfsþjálfun.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu – MSL annast starfsnám í lögreglufræði í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Stúdentar sem sækja um starfsnám í lögreglufræði þurfa að fullnægja almennum skilyrðum sem kveðið er á um í 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og standast fræðileg námskeið, þrekpróf, læknisskoðun og fleira. Meginmarkmið námsins er að mennta stúdentana sem stefna á störf í lögreglu.

KENNADEILD

Kennaradeild skiptist í *Kennarabraut* og *Menntavísindabraut*.

Á *Kennarabraut* er boðið heildstætt, fimm ára kennaranám, sem skiptist í þriggja ára 180 ECTS-eininga kennaranám til BEd-gráðu og tveggja ára 120 eininga nám í menntunarfræðum til MEd-gráðu og MT-gráðu.

Í BEd-náminu eru tvö kjörsvið: Leikskólakjörsvið og grunnskólakjörsvið.

Í MEd- og MT-námi sérhæfa stúdentar sig til kennslu á leikskólastigi, grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi. MEd- og MT-námið er einnig opið þeim sem lokið hafa BA- eða BS-gráðu á öðrum námssviðum. Að því loknu geta nemendur sótt um leyfisbréf til kennslu.

Á grunnstigi er boðið tveggja ára, 120 eininga diplómanám í leikskólafræði.

Á framhaldsstigi er boðið 60 eininga diplómanám í menntunarfræði ætlað þeim sem lokið hafa meistaraþrófi í kennslugrein í framhaldsskóla og vilja afla sér kennsluréttinda á framhaldsskólastigi.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Á *Menntavísindabraut* fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfshæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið fyrir þá sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu.

Tvær mislangar námsleiðir eru innan brautarinnar. Annars vegar er 120 eininga rannsóknartengt meistaranám til MA-gráðu fyrir þá sem vilja sérhæfa sig á tilteknu sviði til ýmissa starfa í menntakerfinu og/eða stunda rannsóknir og fræðistörf. Hins vegar er 60 eininga viðbótarnám (Dipl.Ed.) sem er ætlað þeim sem vilja sérhæfa sig á tilteknu áherslusviði og auka hæfni sína til starfa. Á árinu var boðið upp á eftirtalin áherslusvið:

- Almennt svið
- Nám og læsi – lestrarfræði
- Nám og margbreytileiki – sérkennslufræði
- Stjórnun og forysta í lærdómssamfélagi
- Upplýsingatækni í námi og kennslu

Jafnframt er boðið 30 eininga diplómanám með áherslu á starfstengda leiðsögn með kennaranemum á vettvangi og með nýjum kennurum í starfi. Námið er einnig til sérhæfingar á áherslusviðinu Stjórnun og forysta í lærdómssamfélagi á Menntavísindabraut. Stefnt er að því að í hverjum skóla á landinu verði kennari sem lokið hefur 30 einingum í faglegri starfstengdri leiðsögn á vettvangi, sem skilar sér í auknum faglegum stuðningi bæði við nýja kennara og við kennaranema. Kennaradeild tók þátt í alþjóðlegu samstarfi af ýmsum toga árið 2021, meðal annars í rannsóknarverkefnum sem lúta að kennaranámi og starfsþróun kennara.

Má þar nefna norræna rannsókn um gæði kennslu og þróun kennaranáms, *Quality in Nordic Teaching, QUINT*, sem nokkrir fræðimenn Kennaradeildar eru aðilar að, en það verkefni er styrkt af Nordforsk 2018–2024. Á vegum þeirrar rannsóknar stóðu kennarar deildar fyrir starfsþróunarnámskeiði fyrir starfandi grunnskólakennara þar sem kennarar tóku upp eigin kennslu og greindu gæði kennslunnar út frá ákveðnum viðmiðum.

Stór hluti kennara deildarinnar kom að mótun og kennslu starfsþróunarnámskeiða í *Menntafléttu* fyrir starfandi kennara og skólastjórnendur. *Menntafléttan – námssamfélög í skóla- og*

frístundastarfi, er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HA, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands.

Deildin átti jafnframt fulltrúa í nýju Kennararáði sem starfar samkvæmt lögum nr. 95/2019 um menntun og hæfni kennara. Einnig átti kennaradeild fulltrúa í starfshóp á vegum Kennararáðs um þróun hæfniramma til starfsþróunar.

Kennararáð er skipað af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hefur það hlutverk að veita ráðherra menntamála ráðgjöf og leiðbeiningar um kennaramenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda og notkun hæfniramma í því samhengi.

Nefna má þátttöku Kennaradeildar í ýmsum öðrum starfshópum, til dæmis í ráðgjafanefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara, sem skipað var af mennta- og menningarmálaráðherra 2019 til fimm ára. Einnig þátttöku í starfshóp um styrkingu leikskólastigs, en sá hópur skilaði af sér skýrslu um stöðu leikskólastigsins 2021 sem kynnt er á vef Stjórnaráðs Íslands. Nú þegar hefur verið unnið að framgangi fjölmargra tillagna starfshópsins.

Einnig átti Kennaradeild fulltrúa í starfshóp um snemmbæran stuðning í skólakerfinu og í nefnd Íslensku menntaverðlaunanna sem veitir viðurkenningu fyrir framúrskarandi skólastarf, menntaumbætur og þróunarverkefni.

LAGAÐEILD

Meginmarkmið náms í lögfræði er að nemendur öðlist þekkingu í undirstöðuatriðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, annars staðar í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur takast á við grunngreinar íslenskrar lögfræði og kynnast lögum og rétti í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi og nýta enn fremur aðferðir samantærlögfræði þar sem það á við.

Nám í lögfræði við HA er um margt með öðru sniði en tíðkast við aðra íslenska háskóla. Sérstaðan felst meðal annars í alþjóðlegri, sögulegri og fræðilegri nálgun.

Lagadeild býður bæði upp á BA-nám í lögfræði, sem er 180 eininga nám, og svo 120 eininga nám til ML-gráðu í lögfræði.

Annað hvert ár er hægt að innrita í nám í heimskautarétti, og var innritað á árinu 2021.

Í náminu er lögð áhersla á umhverfisvernd og fjölbreytni líf-

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

ríkisins, mannréttindi, hafrétt, reglur um sjálfbæra þróun og auðlindir, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfsstjórn, stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum. Námið er kennt innan ramma samstarfssamnings um West Nordic Studies og fer alfarið fram á ensku. Boðið er upp á 120 eininga nám til MA-gráðu í heimskautarétti, auk 90 eininga náms til LLM-gráðu og 60 eininga diplómanám.

SÁLFRÆÐIDEILD

Sálfræði fjallar um mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinám á bakkalárstigi við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt, veitir grunnþekkingu á sálfræði sem vísindagrein og nýtist bæði sem grunnur fyrir framhaldsnám og sem undirbúningur fyrir störf á margvíslegum vettvangi. Ásamt kenningum er sterk áhersla lögð á þjálfun í aðferðafræði og rannsóknaraðferðum sem tíðkast á hinum margvíslegu sviðum sálfræðinnar.

BA-próf í sálfræði veitir ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði heldur fá stúdentar gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið vísindagreinarinnar. Stúdentar frá HA sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar hafa einkum sótt sér framhaldsmenntun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, en hafa þó einnig komist inn í krefjandi framhaldsnám í öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

Framhaldsnám við sálfræðideild Háskólans á Akureyri er nám í megindlegri sálfræði á meistarastigi. Áhersla er lögð á einstaklingsbundið, hagnýtt nám í rannsóknaraðferðum og þekkingaröflun sem býr stúdenta vel undir frekara framhaldsnám í sálfræði en gerir þá einnig eftirsóttá sérfræðistörf sem krefjast gagnrýnnar hugsunar, vandaðrar meðferðar gagna, frumkvæðis og þekkingar á mannlegu eðli.

RANNSÓKNIR

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2021

Félagsvísindadeild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs	Vefslóð verkefnis
Ójöfnuður, stéttaskipting meðal kvenna, samþætting fjölskyldu og atvinnulífs, velferðakerfið	<i>Working-Class Women, Well-Being and the Welfare State: New Evidence from the Icelandic Context</i>	Berglind Hólm Ragnarsdóttir og Andrea Hjalmsdóttir	

Kennaradeild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs	Vefslóð verkefnis
Leikskólafræði	<i>Upplifun barna á dvalartíma sínum í leikskóla</i>	Kristín Dýrfjörð	
Listgreinakennsla	<i>Grunnskólakennarinn</i>	Margrét Elísabet Ólafsdóttir	
Grunnskóli – nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli	<i>Þróun kennsluhátta og félagslegra tengsla fyrir nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli – safn aðferða sem reynst hafa vel í íslenskum skólum.</i>	Hermína Gunnþórsdóttir	
Háskólakennsla	<i>Frán definierade fysiska rum till (o)definierade virtuella rum: om (klass)rummets transformation i högre utbildning under covid-19-pandemin</i>	Jórunn Elísdóttir	
Fræðslu- og skólasaga	<i>Barnafræðsla í Strandasýslu og Húnavatnssýslu 1887–1905</i>	Bragi Guðmundsson	
Listgreinakennsla	<i>Menntun myndmenntakennara</i>	Margrét Elísabet Ólafsdóttir	

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lagadeild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs	Vefslóð verkefnis
Law: governance of natural resources; EIA; public participation	<i>Towards a socially just transition in the Arctic: Exploring, theorizing and disseminating best practice in meaningful stakeholder engagement for communities</i>	Rachael Lorna Johnstone og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir	
Law: energy law; public participation; Social impacts	<i>Just Energy Transition in Scotland and the Arctic: Managing Environmental and Social Impacts of Low-Carbon Energy Projects</i>	Rachael Lorna Johnstone og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir	
Law: international law; rights of Indigenous Peoples International Relations; Arctic Governance	<i>Iceland and the Arctic Region: a Decade of Policy in Action</i>	Rachael Lorna Johnstone	
Lögfræði: nýlendur, Grænland; frumbyggjar; norðurslóð; frítt, fyrirfram og upplýst samþykki	<i>Sjónahorn á nýlendur á Grænlandi</i>	Rachael Lorna Johnstone	
Law: colonisation and decolonisation History: historiography	<i>Arctic Truth & Reconciliation Commissions and the Nordic Welfare State</i>	Rachael Lorna Johnstone	
Law: Colonisation and decolonisation; Rights of Indigenous Peoples	<i>Diritto polare e decolonizzazione: la terra e i popoli indigeni (Polar Law and Decolonisation: Lands and Indigenous Peoples)</i>	Rachael Lorna Johnstone Sara Fusco (stundakennari) Federica Scarpa (stundakennari)	
Law/Environmental Science and Geography	<i>Management of Antarctic tourism</i>	Antje Neumann í samstarfi við rannsóknarteymi erlendra sérfræðinga	
Law/Landscape Planning/ Geography	<i>Wilderness Mapping in Iceland</i>	Antje Neumann	
Law	<i>Arctic wilderness tools compared: the regulation and management of tourism in three Arctic case studies</i>	Antje Neumann	

Sálfræðideild

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs	Vefslóð verkefnis
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	<i>SAD-Food-Study: Fylgni milli matarhegðunar, árstíðabundinna sveiflna og dægursveiflna</i>	Yvonne Höller	https://www.unak.is/is/rannsoknir/rannsoknir-vid-ha/sad-food-study
Klínísk sálfræði, íþróttasálfræði	<i>Sálræn vanlíðan og vellíðan hjá íþróttamönnum á Norðurlandi eystra: Langtímarannsókn á áhættu- og verndandi þáttum</i>	Richard E. Tähtinen	
Skynjunarsálfræði, taugasálfræði	<i>Rannsóknir á hugsýnum og hugsýnastoli</i>	Árni G. Ásgeirsson	

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

RÁÐSTEFNUR Á VEGUM FRÆÐASVIÐSINS EÐA DEILDA

Heiti ráðstefnu	Í hvaða mánuði
<i>Samfélag fjölbreytileikans: Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi</i>	Febrúar
<i>International Virtual Conference: The Role of Universities in Addressing Societal Challenges and Fostering Democracy</i>	Mars
<i>Löggæsla og samfélagið</i>	Október

RANNSÓKNARGREINAR BIRTAR Í RITRÝNDUM TÍMARITUM OG BÓKUM

Félagsvísindadeild:

Bækur: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem miðast við staðbundið fræðasamfélag	1
Bókakaflar: Alþjóðlega ritrýnd útgáfa og innlend ritrýnd útgáfa með alþjóðlega skírskotun	4
Bókakaflar: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem miðast við staðbundið fræðasamfélag	6
Kaflar í handbókum og alfræðiritum	7
Kaflar í öðrum bókum	1
Greinar birtar í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul	7
Aðrar greinar birtar í ISI tímaritum	18
Aðrar greinar í ritrýndum tímaritum	7

FYRIRLESTRAR Á MÁLÞINGUM OG RÁÐSTEFNUM, VEGGSPJÖLD

Inngangsfyrirlestrar á alþjóðlegum vísindaráðstefnum	6
Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum	40
Erindi á innlendum ráðstefnum	22
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	24

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

RANNSÓKNARGREINAR BIRTAR Í RITRÝNDUM TÍMARITUM OG BÓKUM

Kennaradeild:

Bókakaflar: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem miðast við staðbundið fræðasamfélag	4
Kaflar í handbókum og alfræðiritum	4
Greinar birtar í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul	1
Aðrar greinar birtar í í ISI tímaritum	7
Aðrar greinar í ritrýndum tímaritum	19

FYRIRLESTRAR Á MÁLÞINGUM OG RÁÐSTEFNUM, VEGGSPJÖLD

Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum	45
Erindi á innlendum ráðstefnum	35
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	27

RANNSÓKNARGREINAR BIRTAR Í RITRÝNDUM TÍMARITUM OG BÓKUM

Lagadeild:

Bókakaflar: Alþjóðlega ritrýnd útgáfa og innlend ritrýnd með alþjóðlega skírskotun	1
Bókakaflar: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem miðast við staðbundið fræðasamfélag	1
Aðrar greinar í ritrýndum tímaritum	3

FYRIRLESTRAR Á MÁLÞINGUM OG RÁÐSTEFNUM, VEGGSPJÖLD

Inngangsfyrirlestrar á alþjóðlegum vísindaráðstefnum	1
Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum	11
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	6

RANNSÓKNARGREINAR BIRTAR Í RITRÝNDUM TÍMARITUM OG BÓKUM

Sálfræðideild:

Bókakaflar: Alþjóðlega ritrýnd útgáfa og innlend ritrýnd með alþjóðlega skírskotun	1
Greinar birtar í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul	2
Aðrar greinar birtar í ISI tímaritum	11

FYRIRLESTRAR Á MÁLÞINGUM OG RÁÐSTEFNUM, VEGGSPJÖLD

Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum	4
Erindi á innlendum ráðstefnum	3
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	3



MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



Miðstöð skólalárunar er starfrækt innan Hug- og félagsvísinda- sviðs Háskólans á Akureyri. Hlutverk hennar er að efla leik-, grunn- og framhaldsskóla sem faglegar stofnanir og að vera farvegur þekkingar til starfandi kennara á öllum skólastigum og frá þeim til háskóla.

Meginviðfangsefni sérfræðinga MSHA eru þróun og umbætur í skólastarfi og annast þeir ráðgjöf og fræðslu til starfandi kennara og skólastjórnenda.

Innan MSHA hefur byggst upp margvísleg þekking á stjórnun og forystu, starfsþróun og fagmennsku, fjölbreyttum starfsháttum í skólum, námskrágerð, mati á skólastarfi, teymisvinnu og læsi. Í samstarfi við sérfræðinga innan Kennaradeildar HA hefur miðstöðin forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skólalárunar. MSHA stendur auk þess fyrir rannsóknum á starfsháttum í skólum (starfendarannsóknum) og heldur ráðstefnur, námskeið og fræðslufundi. Þá sinna sérfræðingar MSHA kennslu í Kennaradeild.

MSHA hefur með höndum sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar samkvæmt samningi þar um. Dalvíkurbyggð, Langanesbyggð, Þingeyjarsveit og Svalbarðs- strandarhreppur hafa einnig gert samninga við MSHA.

Sveitarfélög og skólar víðs vegar um landið hafa að auki gert tímabundna samninga við MSHA um ýmis skólalárunar- verkefni. Unnið er samkvæmt starfs- og þróunaráætlunum viðkomandi sveitarfélags/skóla. Í starfi MSHA er lögð áhersla á fræðslu, ráðgjöf, samræðu, samvinnu og ígrundun. Skóla- þróunarverkefnum er ætlað að leiða til starfsþróunar og eflingar skólalárunar á öllum skólastigum.

Árið 2021, var eins og árið á undan, sérstakt vegna Covid-19 og samkomutakmarkana sem fylgdu. Ráðgjöf, kennsla og fundahald færðist nánast alfarið yfir á rafrænt form, sem var nokkur áskorun. Það var þó með ólíkindum hve vel tókst til og hefur sjaldan verið meira að gera í ráðgjöf.

MSHA er aðili að Menntafléttunni fyrir hönd háskólans. Það er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir Menntafléttuna til þróunar og kennslu um 40 námskeiða sem eru kennurum og starfsfólki í menntakerfinu að kostnaðarlausu. Viðfangsefni snerta fjölbreytt svið náms, kennslu, sjálfbærrar þróunar, vellíðunar, frístundastarfs og forystu. MSHA styrkir starf Menntafléttunnar með 15% stöðugildri verkefnastjóra í læsi og vinnu í ýmsum stýrihópum að auki.

MSHA byggir allt starf sitt á sjálfsaflafé. Styrkir fengust til

þróunar á nýjum verkefnum, kennslugögnum og námsefni. Þeir aðilar sem styrktu starfsemina eru Þróunarsjóður námsgagna, Endurmenntunarsjóður grunnskóla, Sprotasjóður, Verkefnasjóður HA og Rannsóknasjóður HA.

Árið 2021 störfuðu fimm sérfræðingar hjá MSHA í jafnmörgum stöðugildum. Þar af er hálf stöðugildi eyrnamerkt vinnu við Menntafléttuna. Þá er einn sérfræðingur MSHA staðsettur á höfuðborgarsvæðinu og sinnir flestum verkefnum á því svæði. Eftirfarandi er stutt lýsing á helstu verkefnum Miðstöðvar skólalárunar.

Úti er ævintýri

Ratleikur um Kjarnaskóg, læsishvetjandi leikur þar sem þátt- takendur leita að persónum úr vinsælum barnabókmenntum í skóginum. Verkefnið sameinar lestur, barnamenningu, útivist, hreyfingu, listsköpun og náttúru- og menningarläsi. Það er samstarfsverkefni MSHA, Minjasafnsins á Akureyri, Vinnuskóla Akureyrarbæjar, Skógræktarfélag Eyjafjarðar, Ólafs Sveinssonar myndlistarmanns og barna í þriðja og fjórða bekk í grunnskólum á Akureyri. Alls hafa 2.300 manns spreytt sig á ratleikum.

Talaðu við mig! Gæðamálörvun í leikskóla

Námskeið til að styrkja leiðtoga í leikskólalárunni til að leiða hóp samstarfsfólks í námssamfélagi með samræðum um mikilvægi málþroska í leikskóla. Leiðtogar fá hagnýt verkfæri til að fylgjast með og efla málþroska barna.

Gæðamálörvun er höfð að leiðarljósi og kynntar eru fjölbreyttar aðferðir til að nýta í daglegu starfi með börnum í gegnum leik og lestur. Þátttakendur í námskeiðinu voru 40 talsins.

Áhugahvöt og yndislestur

Námskeið fyrir leiðtoga sem leiða hóp samkennara í að efla námssamfélag um lestur og lestraráhuga. Sjónum er beint að því hvernig fyrirmyndir og aðstæður í umhverfi nemenda hafa mótandi áhrif á viðhorf til lestrar. Fjallað er um leiðir til að efla áhuga og dýpka upplifun af lestri, og það hvernig lestur getur verið kveikja að samræðum og félagslegum samskiptum. Leiðbeint er um notkun stafrænna kennslutækja. Þátttakendur voru 80 talsins.

Drengir og læsi

Þróunarverkefni um eflingu læsis hjá drengjum á öllum grunnskólastigum og eru þátttakendur umsjónarkennarar. Að hausti var haldið námskeið þar sem farið var yfir hvernig hægt er að nýta upplýsingatækni til að koma til móts við

MÍÐSTÖÐ SKÓLAPRÓUNAR HA – MSHA



nemendur með slakan lestrarárangur. Kennarar vinna með nemendum og síðan er eftirfylgni af hálfu MSHA. Þátttakendur voru um 25 kennarar.

Læsi fyrir lífið – Naustaskóli

Læsi fyrir lífið miðar að því að efla læsinnám á mið- og efsta stigi grunnskóla. Verkefnið var unnið með sniði starfendaránnsóka. Kennarar héldu dagbók þar sem þeir ígrunduðu eigið starf og tileinkuðu sér nýja þekkingu og færni við læsiskennslu í samstarfi við starfsfélag og ráðgjafa frá MSHA. Áhersla var á að kennarar fylgdust með þátttöku og framlagi nemenda í kennslustundum. Þátttakendur voru 14 kennarar á mið- og unglingastigi.

Haustdagur grunnskóla Akureyrarbæjar og Dalvíkurbyggðar

Þann 13. ágúst var haldinn sameiginlegur námskeiðsdagur fyrir starfsfólk í grunnskólum Akureyrarbæjar og Dalvíkurbyggðar. Boðið var upp á fjölbreytt starfsþróunarnámskeið og fór dagskráin fram rafrænt. Boðin voru eftirtalin námskeið:

Einelti í skólum
Ég og umhverfið
Framsögn og raddbeiting
Gagnlegar leiðir í kennslu með einhverfum
Leiðsagnarnám
Rafbækur og tungumálakennsla
Ritun á unglingastigi
Smáforrit og námsaðlögun
Stafræn hæfni kennara
Þematengt nám í Salaskóla

Byrjendalæsi og verkfærakistan
Google verkfæri, Hvað get ég gert?
Jákvæður agi
Leikir í skólastarfi
Læsi fyrir lífið
Seesaw

Sjálfstyrking og bætt félagsfærni nemenda
Þátttakendur á námskeiðunum voru 558 talsins.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk aðferð í læsiskennslu þar sem barnabækur og fleiri textar eru uppspretta fjölbreyttra viðfangsefna og námstækifæra. Aðferðin hefur verið í þróun í rúman áratug í samstarfi MSHA við Háskólann á Akureyri og tugi grunnskóla víðs vegar um landið.

Gengið er út frá því að lestur byggist bæði á færni í að umskrá bókstafi og orð og í sjálfstæðri merkingarleit, þar sem lesandi nýtir meðal annars mál- og bakgrunnþekkingu sína. Unnið er jöfnum höndum með alla þætti máls; lestur, hlustun, tal og ritun. Þátttakendur í Byrjendalæsi 2021 voru sem hér segir:

- Byrjendalæsinámskeið I 54 þátttakendur
- Byrjendalæsinámskeið II 50 þátttakendur
- Leiðtogafundur í október 32 þátttakendur
- Rafrænar smíðjur 966 þátttakendur.

Námslínan Leiðtoganám í Byrjendalæsi er 15 ECTS-einingar á framhaldsstigi og nær yfir þrjú misseri. Um er að ræða þjálfun faglegra leiðtoga í námssamfélagi læsiskennara í grunnskólum. Leiðtogi í læsi getur eflt faglega starfshæfni einstaklinga og hópa með félagastuðningi og samræðum um efni og aðferðir.



Svipmyndir úr starfinu



MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



Athygli er beint að mikilvægi áhugavatar fyrir lestrarnám og eru meðal annars kynnt ýmis smáforrit til þess. Markmiðið er er að efla læsiskunnáttu barna og auka orðaforða og lesskilning, ritunarhæfni, samvinnunám og samræðu til náms. Útskrifaðir leiðtogar úr námi voru þrettán talsins.

Læsi fyrir lífið

Þróunarverkefni til að efla læsiskennslu á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Nýttar eru aðferðir Byrjendalæsis og samþætting orðaforða, lesskilnings, lesfimi, ritunar, samræðu, tjáningar og hlustunar í skólastarfi. Unnið er með læsi þvert á námsgreinar. Kennarar fá þjálfun í að kafa í viðfangsefni með nemendum með gagnvirkum lestri, hugtakagreiningu, ritunnarramma og samræðum.

Þátttökuskólarnir voru tveir, Grunnskóli Grindavíkur, kennarar á miðstigi, og Stapaskóli í Reykjanesbæ, kennarar á mið- og unglingastigi.

Leiðsagnarnám

Þróunarstarf á vettvangi fyrir kennarahópa í þeim tilgangi að innleiða leiðsagnarnám í skólastarfið. Fylgst er með í námsferlinu í þeim tilgangi að gera umbætur á náms- og kennsluháttum. Leiðsagnarnám eflir námsvitund nemenda og skilning þeirra á því hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri. Í aðalnámskrá segir að leggja skuli áherslu á leiðsagnarnám.

Þátttakendur voru allir kennarar í grunnskólum í Múlaþingi, að undanskildum Grunnskóla Seyðisfjarðar. Einnig er Tónlistarskóli Eyjafjarðar þátttakandi.

Þróunarstarf á vettvangi

– forysta um menntun fyrir alla í lærdómssamfélagi

Markmið námskeiðsins byggjast á hæfniviðmiðum. Að leiðarljósi er starfsþróun kennara og menntun fyrir alla. Námskeiðið er í umsjá MSHA og þátttakendur geta fengið það metið til fimm ECTS-eininga við Kennaradeild.

Að loknu námskeiðinu skal þátttakandi:

- geta sýnt fram á trausta þekkingu og skilning á fræðilegum forsendum þess þróunarstarfs sem er viðfangsefni hans á námskeiðinu,
- geta nýtt fræðilegan grunn til að gera áætlun um þróunarverkefni á eigin starfsvettvangi og fylgja henni eftir,

- hafa tök á aðferðum til að meta og ígrunda á gagnrýninn hátt framvindu og árangur þróunarstarfs,
- geta unnið skipulega og á gagnrýninn hátt úr mati á framvindu og árangri þróunarstarfs, sett fram niðurstöður og dregið af þeim ályktanir, til dæmis um áframhaldandi þróunarstarf.

Þátttakendur voru 38 talsins, allt skólastjórnendur í Eyjafirði, Skagafirði og Þingeyjarsýslum.

Teymisvinna

Verkefnið snýst um að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélagsins í þátttökuskólunum með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu og efla dreifða forystu með leiðtogum í teyimum. Áhersla er á stuðning við stjórnendur í kennslufræðilegri forystu og við kennara til að nýta fjölbreyttar og gagnreyndar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Leikskólar sem tóku þátt voru:

- Lundarsel – Akureyri
- Krílakot – Dalvík
- Álfaborg – Svalbarðseyri
- Krókur – Grindavík
- Laut – Grindavík

Grunnskólar sem tóku þátt voru:

- Grunnskólinn austan Vatna
- Varmahlíðarskóli
- Grunnskólinn í Grindavík
- Leik- og Grunnskólinn á Þórshöfn
- Dalvíkurskóli
- Brekkuskóli
- Lundarskóli
- Oddeyrarskóli
- Giljaskóli

Alls voru 108 kennarar skráðir sem leiðtogar í verkefnið.

Bekkjjarfundir

Hagnýt námskeið fyrir kennara í að halda gagnlega bekkjarfundir og gera þá að sjálfsögðum þætti í skólastarfinu. Kennari fær þjálfun í að „lesa“ nemendahópinn og undirbúa nemendur til að taka þátt í bekkjarfundum. Í kjölfar námskeiðsins geta skólar óskað eftir stuðningi og eftirfylgd til að festa bekkjarfundir í sessi og efla bekkjarfundamenningu.

MÍÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



Eftirfarandi skólar tóku þátt:

- Gerðaskóli í Garði, 50 þátttakendur,
- Klébergsskóli á Kjalarnesi, um 20 þátttakendur
- Fellaskóli í Reykjavík, um 50 þátttakendur
- Snælandsskóli í Kópavogi, um 50 þátttakendur
- Varmárrskóli í Mosfellsbæ, um 30 þátttakendur.

Krakkaspjall

Hagnýtt samskipta- og samræðuverkefni ætlað nemendum á yngsta og miðstigi grunnskóla, þróað á MSHA í samstarfi við nemendahópa og kennara. Nemendur og samræðustjóri hittast á tíu samræðufundum og taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem miða að því að rækta styrkleika nemenda og efla félagsfærni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum. Á námskeiði í febrúar voru átta þátttakendur.

Félagaspjall

Samskiptaverkefni ætlað nemendum á miðstigi, þjálfun í að taka þátt í samræðum og efla hæfni í daglegum samskiptum. Fjallað er um sjálfsstyrkingu, að tjá skoðanir sínar og virða skoðanir annarra. Á fyrsta fundi eru sett samskipta- og samræðuviðmið byggð á sjö þemum og fjölbreyttum viðfangsefnum. Þau koma frá The Jubilee Center við University of Birmingham í Bretlandi. Verkefnið fellur vel að lykilhæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og hæfniviðmiðum samfélagsgreina sem snúa að lífsleikni og siðfræði.

Námskeiðið var þróað með eftirfarandi skólum: Glerárskóla, Brekkuskóla og Síðuskóla, öllum á Akureyri, og Grunnskólanum á Þórshöfn.

Unglingaspjall

Unglingaspjall er fyrir nemendur á unglingsstigi í grunnskólum. Meginmarkmiðið er að nemendur þjálfist í að taka þátt í samræðum og efla samræðuhæfni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum. Fjallað er um sjálfsstyrkingu og að tjá skoðanir sínar og virða skoðanir annarra. Unglingarnir setja sér markmið og vinna að því á milli funda. Á fyrsta fundi eru samskipta- og samræðuviðmið sett af hópnum. Verkefnið fellur vel bæði að lykilhæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og hæfniviðmiðum samfélagsgreina sem snúa að lífsleikni og siðfræði.

Á vefnámskeiði í september voru tíu þátttakendur.

Samskipti stúlkna

Samskipti stúlkna – leið til lausna er samræðu- og samskipta-verkefni ætlað stelpum á mið- og unglingsstigi grunnskóla, hugsað sem fyrirbyggjandi gegn samskiptavanda og einnig til að vinna úr vanda sem er fyrir hendi. Verkefnið samanstendur af tíu spjallfundum og er námsefnið byggt á hugmyndum bandarísku sérfræðinganna Julaine Field, Jered Kolbert, Laura Crothers og Tammy Hughes.

Félagsleg færni er eflað með samskiptavinnu og samræðu um ýmis félagsleg skilaboð sem beinast að ungum stelpum. Stúlkurnar fá þjálfun í að meta eigin samskipti og félagsleg tengsl, og hvernig hægt er að takast á við árekstra og samkeppni við jafningja.

Á vefnámskeiðum í janúar og nóvember voru 30 þátttakendur.

Vertu næs! Um mikilvægi góðra samskipta

Fyrirlestrar fyrir unglingsstúlkur um mikilvægi góðra samskipta. Á fyrirlestri í september fyrir Myllubakkaskóla í Reykjanesbæ voru þátttakendur um 20 stúlkur. Í nóvember var haldinn fyrirlestur fyrir Brekkuskóla á Akureyri, þátttakendur voru um 20 stúlkur.

Í báðum tilfellum voru nemendur úr 9. og 10. bekk.

Mannkostamenntun, dyggðasiðfræði (Character education)

Mannkostamenntun byggir á hagnýtri siðfræði og þeirri hugmynd að með því að rækta siðferðisþroska nemenda og efla dyggðalæsi þeirra sé lagður grunnur að farsælu lífi.

Lögd er áhersla á framhaldsskólástigið með það í huga að hópurinn geti nýtt námsefni í mannkostamenntun frá The Jubilee Center við University of Birmingham.

Námsefnið er heildstætt og með tækjum og tólum sem gefa nemendum tækifæri til að kynna siðfræði, æfa samræðu og mynda sér skoðanir á flóknum siðferðilegum álitamálum. Það hefur verið þýtt og staðfært og hafin er vinna við undirbúning námskeiða fyrir kennara.

Verkefnið var meðal tíu verkefna sem tilnefnd voru til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands árið 2020, en verðlaunin voru afhent í janúar 2021.

Nánari upplýsingar um starfsemi Miðstöðvar skólaþróunar er að finna á vefslóðinni www.msha.is



VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Meginmarkmið Viðskipta- og raunvísindasviðs er að bjóða upp á öflugt háskólanám á grunn-, meistara- og doktorsstigi og standa fyrir rannsóknum á sviðum viðskipta- og raunvísinda með áherslu á rannsóknir á náttúruauðlindum og nýtingu og rekstur þeirra, svo og rannsóknir á íslensku atvinnulífi og í þágu þess.

Námsframboð Viðskipta- og raunvísindasviðs inniheldur námslínur sem ekki er að finna við aðra háskóla hér á landi.

dósents. Þetta er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Náttúrufræðistofnunar Íslands, University of Birmingham, Englandi, og frönsku umhverfisrannsóknarstofnunarinnar INRAE.

Theodore Squires innritaðist í ágúst 2021 og vinnur að rannsóknum á erfðamengi rjúpu undir leiðsögn Kristins P. Magnússonar prófessors. Samstarfsaðilar eru Háskólinn á Akureyri, Náttúrufræðistofnun Íslands, Uppsala Universitet, Svíþjóð, og Boise State University, Bandaríkjunum.

Af sérnámskeiðum á sviði líftækni má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, líftækni, lífefnafræði, ónæmisfræði, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli.

Viðskiptafræðingar með sjávarútvegsfræði sem auka grein hljóta menntun sem meðal annars nýtist vel til starfa í sjávarútvegsgreinum.

Sérfræðingar Viðskipta- og raunvísindasviðs leiðbeina einnig doktorsnemum við aðra háskóla.

Skipting í deildir

Viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í tvær deildir, Auðlindadeild og Viðskiptadeild.

Nám í tölvunarfræði fer einnig fram á Viðskipta- og raunvísindasviði í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Frá sviðinu brautskrást enn fremur stúdentar með meistargráðu í haf- og strandsvæðastjórnun og þeir stunda alfarið nám sitt við Háskólasetur Vestfjarða.

Þar má nefna sérhæft nám í líftækni og sjávarútvegsfræðum á BS-stigi og nám til MS-gráðu í auðlindafræðum á sömu sviðum. Enn fremur nám til MRM-gráðu í haf- og strandsvæðastjórnun, sem er í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði.

Doktorsnám við Viðskipta- og raunvísindasvið

Hægt er að stunda doktorsnám við Viðskipta- og raunvísindasvið á sviðum líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði og viðskiptafræði. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni verði að jafnaði þverfræðileg og unnin í nánu samstarfi deilda innan sviðsins sem og í samstarfi við önnur fræðasvið háskólans og innlenda jafnt sem erlenda háskóla, stofnanir og fyrirtæki.

Tveir doktorsnemar starfa að rannsóknum sínum við Viðskipta- og raunvísindasvið:

Natalia Ramírez innritaðist í ágúst 2020 og vinnur að rannsóknum á plöntusýklinum *Pseudomonas syringae* undir leiðsögn Odds Þórs Vilhelmssonar prófessors og Auðar Sigurbjörnsdóttur

í nánum tengslum við fræðasviðið er Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri, sem er sjálfseignarstofnun.

Viðskipta- og raunvísindasvið tekur einnig þátt í samstarfi um Sjávarútvegsskóla GRÓ, með því að leiðbeina nemendum og skipuleggja og sjá um námskeið við HA.

GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu rekur Sjávarútvegsskólann GRÓ – Fisheries Training Programme – GRÓ-FTP undir UNESCO og Utanríkisráðuneytinu.

GRÓ-FTP tók árið 2020 við af Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna – UNU-FTP.

Prófgráður á fræðasviðinu 2021

Á árinu brautskráðust 17 kandidatar með BS-gráðu í sjávarútvegsfræði, 11 með BS-gráðu í líftækni, 90 með BS-gráðu í viðskiptafræði og fjórir með BS-gráðu í viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði.

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Fimm brautskráðust með MS-próf í viðskiptafræði, tveir með MS-próf í auðlindafræði og 16 með MRM-próf í haf- og strand-svæðastjórnun.

Annað

Frá árinu 2018 hefur verið unnið að þróun nýrra námskeiða á meistarastigi við báðar deildir fræðasviðsins. Áherslan er á öflugt, þverfaglegt meistaranám sem sniðið er að þörfum hvers og eins, og á að námskeið á framhaldsstigi gangi þvert á fræðasvið.

Ný námsbraut í meistaranámi í sjávarútvegsfræði var ekki kennd veturinn 2020 – 2021 eins og áætlað var, en bætt var við framhaldsnámskeiði í sjávarútvegsfræði. Nemendur frá Háskóla Íslands og Háskólasetri Vestfjarða sóttu þessi námskeið ásamt heimastúdentum og komu þeir víða að úr heiminum.

Í þriðja sinn var boðið nám á meistarastigi um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, MarBio, í samstarfi Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum, Göteborgs universitet í Svíþjóð, Nord universitet í Bodö í Noregi og University of New England í Bandaríkjunum.

Árið 2021 var unnið áfram að markvissri endurnýjun og uppfærslu tækja og búnaðar á rannsóknarstofum Auðlindadeildar, sem orðin var mjög aðkallandi þar eð lítið svigrúm hefur verið til hennar undanfarin ár.

Einnig var fylgt eftir ítarlegri stefnumótun fyrir sviðið og deildir þess sem unnin var á árinu 2017 sem hluti undirbúnings fyrir stefnu Háskólans á Akureyri 2018 – 2023.

Gott samstarf er um rannsóknir og kennslu við fyrirtæki í íslensku atvinnulífi og gefur það námi á sviðinu hagnýta vidd. Kennarar stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi og í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki. Það styrkir verulega grundvöll rannsóknartengds meistaranáms og doktorsnáms við fræðasviðið.

Heimsfaraldur Covid-19 hafði áhrif á starfsemi sviðsins allt frá því snemma á vormisseri og til ársloka. Allt bóklegt nám var fært á stafrænt form og samskipti kennara og stúdenta fóru sömuleiðis fram í gegnum rafræna miðla. Námsmati var breytt eins og við önnur fræðasvið háskólans.

Þegar fyrstu sóttvarnartakmarkanir tóku gildi á vormisseri höfðu stúdentar lokið námi á rannsóknarstofum.

Það tókst að gera stúdentum í Auðlindadeild kleift að ljúka verklegu námi á haustmisseri, meðal annars með því að endurskipuleggja verklegt nám og dreifa því yfir misserið þannig að hægt var að taka inn minni hópa í einu. Þetta tókst í mjög góðri samvinnu deilda og með samráði við stúdenta.

Skrifstofa Viðskipta- og raunvísindasviðs gegndi mikilvægu hlutverki við endurskipulagningu náms og samræmingu innan fræðasviðsins.

Skiptinám

Erlendir skiptinemar til sviðsins voru 24 talsins, frá Bandaríkjunum, Danmörku, Finnlandi, Noregi, Rúmeníu, Póllandi, Spáni, Slóvakíu, Tékklandi, Tyrklandi og Þýskalandi. Aðeins einn stúdent fór utan í skiptinám á vegum Erasmus+ og var það til Spánar.

Frá Háskólasetri Vestfjarða fóru fjórir stúdentar í skiptinám eða verknám, til Grikklands, Ítalíu og Færeyja. Einn nemandi í sjávarútvegsfræði fór í skiptinám til Bandaríkjanna haustið 2021. Dræm þátttaka stúdenta frá HA í skiptinámi orsakast fyrst og fremst af þeim skorðum sem Covid-19 faraldurinn hefur sett.

Starfsfólk

Fastir kennarar viðskipta- og raunvísindasviðs voru 27 í rúmlega 24 stöðugildum, að meðtalinni prófessorsstöðu sem sviðið deilir með Náttúrufræðistofnun Íslands. Meðal kennara sviðsins eru níu prófessorar. Til viðbótar kemur staða forstöðumanns Sjávarútvegsmiðstöðvar HA og staða tveggja verkefnastjóra náms í tölvunarfræði.

Á sviðsskrifstofu starfa skrifstofustjóri og verkefnastjóri.

Stjórnsýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Viðskipta- og raunvísindasviðs er lýst í reglum nr. 864/2009 með síðari breytingum.

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

AUÐLINDAEILD

Innan Auðlindaeildar eru tvær námsbrautir, Líftækni braut og Sjávarútvegsfræðibraut.

Lögð er áhersla á að auka þekkingu á auðlindum norðurljóða í víðum og þverfaglegum skilningi. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í líftækni, sjávarútvegsfræði og öðrum náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar. Starfsemi deildarinnar var svipuð og undanfarin ár.

Í Auðlindaeild er boðið þriggja ára 180 ECTS-eininga nám til BS-gráðu í sjávarútvegsfræði og líftækni. Einnig gátu stúdentar lokið 240 eininga námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum og brautskráðst með tvöfalda BS-gráðu, sem lengir námstímann um að lágmarki eitt ár.

Þá er einnig boðið þriggja ára nám til BS-gráðu í viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði, í samstarfi við Viðskiptadeild.

Á framhaldsstigi er boðið 120 eininga einstaklingsmiðað, rannsóknartengt nám til MS-gráðu í auðlindafræðum með áherslu á annað hvort líftækni eða sjávarútvegsfræði. Námið er skipulagt til tveggja ára og geta meistaraverkefni verið ýmist 60 eða 90 einingar. Námskeið eru tekin að hluta til við HA og að hluta til við aðra háskóla hér á landi eða erlendis. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaranáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum.

Stúdentar geta valið að taka lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaranámsnefndar.

Meistaránámsnefnd Viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Stúdentar sem brautskrást með MS-gráðu í sjávarútvegsfræði í framhaldi af BS-gráðu í sömu grein bera starfsheitið sjávarútvegsfræðingur.

Auðlindaeild býður einnig nám í haf- og strandsvæðastjórnun til MRM-gráðu, Master of Resource Management, í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða. Um er að ræða 120 eininga meistaranám. Þá er líka boðið 90 eininga diplómanám í sjávarvæðingur.

Við Háskólasetur Vestfjarða er enn fremur 120 eininga meistaranám í sjávarbyggðafræði til MA-gráðu, í samstarfi við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Líftækni braut

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingar grunn til að starfa í líftækni fyrirtækjum og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Nám í líftækni er samsett af ýmsum námskeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlindalíftækni, ásamt viðskiptagreinum og greinum á Heilbrigðisvísindasviði (heilbrigðislíftækni). Lögð er rík áhersla á að kynna stúdentum líftæknilegar aðferðir til nýtingar auðlinda með nýstárlegum hætti og að koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Áhersla er einnig á umhverfis- og orkulíftækni. Á meðal áherslusviða í náminu má nefna:

- lífvirk efni,
- efni með lyfjavirkni,
- aukaefni í matvælum og efni sem styrkja ónæmiskerfið,
- fæðubótarefni,
- líftæknilega þætti fiskeldis hvað varðar heilbrigði og næringu/fóður,
- niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna,
- grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru.

Af sérnámskeiðum á sviði líftækni má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, líftækni, lífefnafræði, ónæmisfræði, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli.

Sjávarútvegsfræðibraut

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingar grunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum, og grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa í ýmsum greinum sjávarútvegs og annarra framleiðslugreina, svo sem við veiðar, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Kennend eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Í sérnámskeiðum sjávarútvegsfræði er fjallað um vistkerfi sjávar og um veiðar og vinnslu sjávarafurða. Rík áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, ekki síst í tengslum við lokaverkefni stúdenta.

Kennarar Viðskipta- og raunvísindasviðs sjá árlega um mót-

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

töku og kennslu fyrir nemendahóp Sjávarútvegsskóla GRÓ. Stúdentar koma víðs vegar að úr heiminum og voru nemendur haustið 2021 frá Kosta Ríka, Nýja-Sjálandi, Namibíu, Suður-Afríku, Malaví, Seychelleseyjum, Síerra Leóne, Tansaníu og Papúa Nýju-Gíneu. Haustið 2021 var GRÓ námskeiðið við HA endurskoðað frá grunni og ný námslína sett upp með áherslu á fiskveiðistjórnun í sem víðustum skilningi. Ellefu nemendur sóttu námskeiðið og unnu þeir allir lokaverkefni sitt á Akureyri undir handleiðslu sérfræðinga fræðasviðsins.

VIÐSKIPTADEILD

Viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er fræðilegt og hagnýtt nám þar sem stúdentar öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfaðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru stúdentar æfðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast í framhaldsnámi og starfi. Í grunnnáminu öðlast stúdentar góða grunnþekkingu á viðskiptafræði. Starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Nám til BS-gráðu í viðskiptafræði er 180 ECTS-einingar, skipulagt til þriggja ára. Þrjár námsleiðir voru í boði: Stjórnun og markaðsfræði, stjórnun og fjármál, og viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði, það síðastnefnda í samstarfi við Auðlindadeild. Stúdentar gátu einnig lokið tvöfaldri námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum til BS-gráðu eins og áður hefur komið fram.

Stjórnun og markaðsfræði

Lögð er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa. Fjallað er um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Einnig um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Farið er yfir aðferðir til markaðsgreiningar sem og gerð markaðs- og kynningaráætlana, þjónustumælinga og almannatengslaherferða. Að auki eru kennd námskeið í vörupróun og áætlanagerð.

Stjórnun og fjármál

Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda,

mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig er fjallað ítarlega um fjármálastjórnun, áhættustýringu og verðbréfalögfræði.

Viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði

Námið samanstendur af þverfaglegum grunni viðskiptagreina og sérnámskeiða í sjávarútvegsfræði. Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir í sjávarútvegi og stoðgreinum hans. Viðskiptafræðingar með sjávarútvegsfræði sem aukagrein hljóta menntun sem meðal annars nýtist vel til starfa í sjávarútvegsgreinum.

Meistaránám í viðskiptafræði til MS-gráðu er ýmist 90 eða 120 ECTS-einingar. Námið er einstaklingsmiðað, rannsóknartengt og skipulagt til tveggja ára. Nemandi fylgir eigin námskrá sem sniðin er að þörfum hans og rannsóknarverkefninu. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Til 90 eininga gráðu eru 60 einingar í námskeiðum og 30 eininga meistaraverkefni. Til 120 eininga gráðu eru 60 einingar í námskeiðum og 60 í meistaraverkefni. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaránáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Önnur námskeið tekur nemandi við HA eða samstarfsháskóla, erlenda eða innlenda. Einnig er mögulegt að nemandi taki lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaránámsnefndar sviðsins.

RANNSÓKNIR

Kennarar Viðskipta- og raunvísindasviðs stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi. Náðið samstarf er við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki og vísindamenn vítt og breitt um heiminn, meðal annars undir merkjum Erasmus, Nordplus (Nobanet, EkoTekNord) og ESPON.

Árið 2021 var unnið að mörgum rannsóknarverkefnum tengdum sjávarútvegi innan Auðlindadeilda. Sérfræðingar deildarinnar stunduðu rannsóknir á hafstraumum á norðurslóðum, á áhrifum plastmengunar í hafinu, á áhrifum fiskveiðistjórnunar og umhverfis á fiskistofna, á þróun auðlindarentu og þróun uppsjávarfiskiðnaðarins.

Einnig voru stundaðar rannsóknir í sjávarlíftækni sem tengja saman námsbrautirnar tvær í Auðlindadeild, líftækni og sjáv-

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

arútvogsfræði. Kennarar Auðlindadeildar stunda einnig rannsóknir í öðrum geirum líftækni, svo sem umhverfislíftækni, visterfðafræði, efnasmíðalíftækni og heilbrigðislíftækni.

Rannsóknarverkefni í Viðskiptadeild eru einnig mörg og fjölbreytt. Kennarar deildarinnar stunda til að mynda rannsóknir á alþjóðafjármálum, fjölskyldufyrirtækjum, fasteignamarkaði, byggðamálum, sjálfbærni og sveitastjórnarmálum, sem og á heilsu, líðan og starfstengdum viðhorfum á vinnustað. Tengsl milli Auðlindadeildar og Viðskiptadeildar eru til dæmis við rannsóknir á auðlindarentu.

Þrátt fyrir Covid-19 faraldurinn og tilheyrandi takmarkanir á ferðaferlsi hafa kennarar tekið þátt í ráðstefnuhaldi, að mestu leyti með rafrænum hætti. Einnig voru þeir virkir við birtingar og kynningar á niðurstöðum rannsókna sinna.

Samstarf var um nám og rannsóknir við fjölda fyrirtækja og rannsóknarstofnana hérlendis. Má þar telja Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu. Enn fremur var virkt samstarf við aðra íslenska háskóla, þ.e. Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskólasetur Vestfjarða. Þá var samstarf við ýmsa erlenda skóla, til dæmis Universitetet i Bergen, University of Birmingham, Woods Hole Oceanographic Institution og fleiri. Einnig við fjölda fyrirtækja, til dæmis Samherja hf., Norðurorku hf., Landsvirkjun, MýSköpun ehf., BioPol ehf., Matís ohf., HempPack ehf., Marea ehf., Arctic Therapeutics og fleiri.

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2021

Rannsóknaráhersla/svið	Heiti verkefnis	Tengiliður
Visterfðamengjafræði	<i>Erfðamengi birkisins og erfðaupplag íslenskra birkiskóga</i>	Kristinn Pétur Magnússon
Visterfðamengjafræði	Erfðamengjafræði rjúpunnar	Kristinn Pétur Magnússon
Sjávarlíftækni	<i>PROFIUS – Preservation of underutilized fish biomasses for improved quality, stability and utilization</i>	Hjörleifur Einarsson
Sjávarlíftækni	<i>SAFE – Sustainable aquaculture feed based on novel biomass from wood by-products</i>	Hjörleifur Einarsson
Líftækni	<i>Nord Plast</i>	Sean Scully
Líftækni	<i>INCITE: Icelandic bioplastic from hemp</i>	Sean Scully
Viðskiptafræði	<i>Margur er knár þó hann sé smár</i>	Vífill Karlsson
Viðskiptafræði	<i>Innflytjendur og staða þeirra á vinnumarkaði í Covid-kreppu</i>	Vífill Karlsson

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

RANNSÓKNARGREINAR BIRTAR Í RITRÝNDUM TÍMARITUM OG BÓKUM

Auðlindaeyld:

Bókakafnar: Alþjóðlega ritrýnd útgáfa og innlend ritrýnd með alþjóðlega skírskotun	2
Kaflar í handbókum og alfræðiritum	1
Kaflar í öðrum bókum	1
Greinar birtar í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul	8
Aðrar greinar birtar í ISI tímaritum	7
Aðrar greinar í ritrýndum tímaritum	1

FYRIRLESTRAR Á MÁLÞINGUM OG RÁÐSTEFNUM, VEGGSPJÖLD

Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum	14
Erindi á innlendum ráðstefnum	5
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	16

RANNSÓKNARGREINAR BIRTAR Í RITRÝNDUM TÍMARITUM OG BÓKUM

Viðskiptadeild:

Bókakafnar: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem miðast við staðbundið fræðasamfélag	1
Kaflar í handbókum og alfræðiritum	3
Kaflar í öðrum bókum	2
Greinar birtar í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul	4
Aðrar greinar birtar í ISI tímaritum	11
Aðrar greinar í ritrýndum tímaritum	8

FYRIRLESTRAR Á MÁLÞINGUM OG RÁÐSTEFNUM, VEGGSPJÖLD

Inngangsfyrirlestrar á alþjóðlegum vísindaráðstefnum	1
Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum	9
Erindi á innlendum ráðstefnum	5
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	50

TÖLVUNARFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Boðið er nám í tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri í samstarfi við Háskólann í Reykjavík – HR. Stúdentar eru innritaðir við HR, sem ber ábyrgð á náminu, og þeir brautskrást þaðan.

Nám og námsmat fer fram í Háskólanum á Akureyri. Námið er með sveigjanlegu formi og stúdentar mæta vikulega í verkefnatíma í HA. Háskólinn á Akureyri leggur til vinnuáðstöðu, leiðsögn með náminu og kennslu í verkefnatímum. Árið 2021 voru dæmatímar ýmist rafrænir eða á staðnum.

Um er að ræða nám í tölvunarfræði til BSc-gráðu og eru þrjár námslínur:

- Tölvunarfræði – almenn, 180 ECTS-einingar. Námið er skipulagt til þriggja ára.
- Tölvunarfræði með viðskiptafræði sem aukagrein, 180 einingar. Námið er skipulagt til þriggja ára. Það skiptist í 120 einingar í tölvunarfræði og 60 einingar í viðskiptagreinum. Viðskiptanámskeiðin eru tekin við Viðskipta- og raunvísindasvið HA.
- Tölvunarfræði – almenn, 120 einingar. Námið er skipulagt til tveggja ára. Skilyrði er að Háskólinn í Reykjavík hafi metið inn 60 einingar úr fyrra heildstæðu háskólanámi.

Einnig er boðið 120 ECTS-eininga diplómanám í tölvunarfræði, sem skipulagt er til tveggja ára. Stúdentar sem brautskrást með BSc-gráðu hafa starfsheitið tölvunarfræðingur, en það er lögverndað.

Á vormisseri 2021 brautskráðust níu stúdentar með BSc-gráðu úr tölvunarfræðináminu við HA.

Þar af voru tveir með viðskiptafræðiáherslu.

Á haustmisseri 2021 stunduðu um 60 stúdentar nám í tölvunarfræði og var það fjölgun frá árinu áður.

Forritunarkeppni framhaldsskólanna hefur verið haldin rafrænt þau tvö ár sem Covid-19 faraldurinn hefur staðið yfir.

Verkefnastjóri tölvunarfræði í Háskólanum á Akureyri er Ólafur Jónsson.





MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA

Meginhlutverk Miðstöðvar doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna – MDSR er að fara með málefni doktorsnáms við háskólann ásamt því að efla rannsóknir við skólann. MDSR heyrir undir Rectorsskrifstofu.

Stjórn Miðstöðvar doktorsnáms, sem kallast doktorsnámsráð, hefur yfirumsjón með framkvæmd doktorsnáms, fylgir eftir settum viðmiðum og gæðakröfum um námið og er vettvangur fyrir umræðu og samráð.

Breytingar voru gerðar á reglum um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri nr. 701/2018 með breytingum nr. 793/2021 í júní 2021. Helstu breytingarnar fólust í því að ábyrgð á MDSR var skipt upp í annars vegar stjórnsýslu- og rekstrarlega ábyrgð (forstöðumaður MDSR) og hins vegar akademíska ábyrgð (formaður doktorsnámsráðs).

Enn fremur var nafni miðstöðvarinnar breytt í **Miðstöð doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna** (áður Miðstöð doktorsnáms), sem vísar í það hlutverk miðstöðvarinnar að bera einnig ábyrgð á stjórnsýslu rannsókna við skólann. Helstu verkefni á því sviði snúa að vinnumati akademískra starfsmanna, framkvæmd grunnmats vegna framgangs í starfi, vinnu með dómnefnd að gerð dómnefndarálita, umsjón með rannsóknarmisserum ásamt fleiru.

Á árinu 2021 hélt áfram innleiðing á ÍRIS, miðlægu upplýsingakerfi um íslenskar rannsóknir.

Á haustmánuðum var ráðinn verkefnastjóri til að leiða vinnuna fyrir hönd HA. Með innleiðingu ÍRIS verður eitt kerfi fyrir allt rannsóknarstarf á Íslandi. Heildaryfirsýn fæst yfir íslenskar rannsóknir og þær gerðar aðgengilegar. Hægt verður að ná fram fjölbreyttum tölfræðiupplýsingum um rannsóknarvirgni einstaklinga, innan einstakra greina eða skóla eða á landsvísi. Þá fæst einnig betri yfirsýn yfir fjármuni sem veitt er til rannsókna og yfir styrki.

Vel þarf að standa að verki við innleiðingu á svo viðamiklu og marglaga kerfi sem ÍRIS er og því er enn óljóst hvenær formleg opnun verður. Orðið hefur seinkun á innleiðingu hjá HA vegna utanaðkomandi ástæðna.

Mikil vinna var lögð í undirbúning fyrir ytri gæðauttekt á doktorsnáminu og rannsóknum við skólann. Heimsókn alþjóðlegrar úttektarnefndar í nóvember fór fram rafrænt vegna heimsfar-

aldursins. Úttektarnefndin fundaði með forstöðumanni MDSR, formanni doktorsnámsráðs og fulltrúum í doktorsnámsráði. Enn fremur fundaði nefndin með doktorsnemum annars vegar og leiðbeinendum hins vegar.

Doktorsnámið gekk vel á árinu og samkvæmt áætlun. Við lok árs 2021 voru átta doktorsnemar skráðir við Háskólann á Akureyri, tveir í félagsvísindum, fjórir í heilbrigðisvísindum og tveir í auðlindavísindum. Fyrirhugað er að fyrsti doktorsneminn brautskráist í lok ársins 2022. Einn nemi hætti námi á árinu af persónulegum ástæðum og tveir nýir bættust við.

Nýtt doktorsnámsráð var skipað frá og með 1. ágúst 2021, skipunartími er til þriggja ára:

- Stefán B. Sigurðsson, formaður, fyrrverandi rektor, prófessor emeritus,
- Helga Kristjánsdóttir prófessor, fulltrúi Viðskipta- og raunvísindasviðs, til vara Steingrímur Jónsson prófessor,
- Rachael Lorna Johnstone prófessor, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs, til vara Markus Meckl prófessor,
- Sigfríður Inga Karlsdóttir prófessor, fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs, til vara Árún K. Sigurðardóttir prófessor,
- Lara Wilhelmine Hoffman doktorsnemi, til vara Karen Birna Þorvaldsdóttir doktorsnemi,
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir doktorsnemi, til vara Natalia Ramirez Carrera, doktorsnemi.

Við Miðstöð doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna eru þrjú stöðugildi. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir var ráðin nýr forstöðumaður í ágúst í stað Lars Gunnars Lundsten, sem lét af störfum við háskólann.

Sif Jónsdóttir er verkefnastjóri doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna. Sigurbjörg Rún Jónsdóttir var ráðin verkefnastjóri ÍRIS-rannsóknargrunnsins í september.

Auk þess er Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus, ráðgjafi MDSR. Í lok árs var gengið frá ráðningu í nýja stöðu rannsóknastjóra við miðstöðina og mun Adam Fishwick hefja störf á vormánuðum 2022. Verða þá fjögur föst stöðugildi við Miðstöð doktorsnáms auk ráðgjafa.

RANNSÓKNIR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Í framtíðarsýn og stefnu Háskólans á Akureyri 2018 – 2023 er skólinn ein helsta mennta- og rannsóknarstofnun landsins. Háskólinn er virkur og virtur þátttakandi í íslensku og alþjóðlegu fræðasamfélagi ásamt því að vinna með atvinnulífinu að nýsköpun og eflingu frumkvöðlahugsunar í nærsamfélaginu.

Markmið háskólans í rannsóknum og nýsköpun eru eftirfarandi:

- Efling rannsókna
- Doktorsnám á öllum fræðasviðum
- Aukin sókn í samkeppnisjóði
- Aukin þátttaka skólans og nemenda hans í nýsköpun.

Samkvæmt reglum nr. 928/2018 um starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri skiptist vinnuskylda kennara í kennslu, rannsóknir og stjórnun í ákveðnum hlutföllum eftir starfsheiti og starfshlutfalli. Kennarar hafa akademískt frelsi til að velja viðfangsefni og aðferðir í rannsóknum á sínu sviði sem skilgreint er af viðkomandi fræðasviði. Niðurstöður rannsókna skal kynna á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur og einnig skulu þær kynntar almenningi.

Rannsóknir eru almennt 40% af starfi prófessora, dósentna og lektora. Rannsóknarskylda dósentna og lektora í minna en hálfri stöðu er 23% og aðjúnkt í meira en hálfri stöðu hefur almennt 31% rannsóknarskyldu.

Háskólinn á Akureyri styður við rannsóknir kennara á margvíslegan hátt, meðal annars með öflugri stoðþjónustu, góðri vinnuaðstöðu, rannsóknarmisserum og með styrkveitingum úr Rannsóknarsjóði HA.

Háskólinn leggur áherslu á samþættingu kennslu og rannsókna fyrir nemendur sína á öllum námsstigum. Skólinn hefur um árabil boðið rannsóknartengt meistaranám og í lok árs 2018 innrituðust fyrstu doktorsnemarnir.

Miðstöð doktorsnáms og stjórnýsla rannsókna við HA tekur árlega saman upplýsingar um rannsóknarvirkni á undan-gengnu ári.

Rannsóknir akademísku starfsfólks eru metnar samkvæmt Matskerfi opinberra háskóla. Rannsóknarvirkni er meðal annars

mæld í fjölda birtinga ritrýndra greina og bókarkafla. Rannsóknarvirkni er líka metin í rannsóknarstigum, sem endurspegla bæði birtingar og aðra þætti svo sem þátttöku í ráðstefnum, útgáfu ritrýndra bóka og fleira.

Rannsóknarvirkni jókst á árinu 2021. Árið 2020 glímdi akademíska samfélagið við afleiðingar heimsfaraldursins. Þá var ráðstefnum seinkað eða þær felldar niður sökum samkomu- og ferðatakmarkana. Samskipti fóru yfir í rafrænt form. Þær ráðstefnur sem voru haldnar fóru fram rafrænt. Hlutfall ráðstefna árið 2020 var aðeins 30% af ráðstefnum 2019.

Árið 2021 jókst fjöldi ráðstefna í netheimum um 100% frá árinu 2020.

Árið 2020 unnu rannsakendur mikið til heimavið og afrakstur þeirrar vinnu kemur fram í rannsóknartölum fyrir árið 2021.

Árið 2021 var doktorsnám stundað við öll þrjú fræðasviðin, Heilbrigðisvísindasvið, Hug- og félagsvísindasvið og Viðskipta- og raunvísindasvið.

Birtar greinar og bókarkaflar í ritrýndum tímaritum og bókum

	2021	2020
Fjöldi birtra greina í ritrýndum tímaritum og bókum	178	160
Fjöldi birtinga í ritrýndum tímaritum og bókum sem gefa aflstig	170	160
Fjöldi birtinga í ISI tímaritum	133	92

Heildarfjöldi rannsóknastiga við háskólann

2021	2020
3.094	2.414

Vísindaráð HA er rektor, háskólaráði, háskólafundi og yfirstjórn til ráðgjafar um málefni vísinda við Háskólann á Akureyri.

RANNSÓKNIR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

IRIS RANNSÓKNARGÁTT

IRIS er rannsóknargátt sem ætluð er rannsakendum, stofnunum, stjórnvöldum og almenningi við íslenska háskóla og rannsóknarstofnanir.

IRIS birtir upplýsingar um einstaklinga og rannsóknarverkefni þeirra, rannsóknarvirkni, rannsóknartengsl, styrkveitingar, niðurstöður og útgáfur. Hluti af upplýsingunum færast inn í IRIS úr mannauðskerfum háskóla og stofnana. Starfsfólk sem sinnir rannsóknum færir upplýsingar um rannsóknir sínar inn í PURE (bakenda kerfisins) og ákveður sýnileika gagnanna út á við í IRIS. Algengast er að upplýsingar séu öllum sýnilegar.

Með IRIS fæst aðgengilegt yfirlit yfir rannsóknarvirkni á Íslandi sem áður var ekki til.

Undirbúningur að innleiðingu IRIS við HA stóð yfir í um það bil eitt ár. Á þeim tíma voru færðar inn eldri upplýsingar um rannsóknarvirkni einstaklinga og þar með búinn til grunnur. Um mitt ár 2022 verður IRIS svo opnað til notkunar fyrir starfsfólk HA. Kerfið er í þróun og verður það áfram næstu tvö til þrjú ár.

IRIS rannsóknarkerfið heyrir undir Miðstöð doktorsnáms og rannsókna við HA. Sigurbjörg Rún Jónsdóttir, verkefnastjóri í miðlun rannsóknarupplýsinga, ber ábyrgð á verkefninu. Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans á Akureyri tekur þátt í innleiðingu og þróun kerfisins og ber ábyrgð á gæðum rannsóknarafurða.

IRIS er skammstöfun fyrir heitið Icelandic Research Information System.

IRIS er öllum aðgengileg á vefslóðinni iris.ra.is

[Á vef háskólans má lesa um einstök rannsóknarverkefni.](#)

[Á vefnum eru einnig lykiltölur rannsókna](#)


FJÁRMÁL OG GREINING

Fjármál og greining annast helstu sameiginleg verkefni háskólans á sviði fjármála. Má þar nefna gerð fjárhagsáætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, greiningu og vinnslu lykiltalna, miðlun fjárhagslegra og tölulegra upplýsinga og eftirlit, þ.m.t. vegna rannsóknarverkefna. Einnig ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans.

Á árinu 2021 var starfsemi Fjármála og greiningar með hefðbundnu sniði. Harpa Halldórsdóttir er forstöðumaður Fjármála og greiningar.


Eftirfarandi eru lykiltölur sem lúta að starfsfólki Háskólans á Akureyri

Fjöldi starfsfólks eftir kyni miðað við 1. desember ár hvert - án stundakennara




FJÁRMÁL OG GREINING

Akademískt starfsfólk og aðjúnktar eftir starfsheitum miðað við 1. desember ár hvert



Menntunarstig akademísks starfsfólks og aðjúnkta, aðjúnktar, lektorar, dósentar og prófessorar



Flairi lykiltölur eru aðgengilegar á vef háskólans.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Heimsfaraldur Covid-19 hafði áfram áhrif á störf Markaðs- og kynningarmála árið 2021. Þó var búið að finna leiðir til að starfa innan takmarkana og upplýsingaflæði til stúdenta og starfsfólks var í góðum farvegi.

Námskynningar

Kynningarfulltrúi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri var framan af Agnes Ögmundsdóttir, en á vormánuðum tók Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir við. Á haustmánuðum var Karen Jónasdóttir, fyrrverandi kynningarfulltrúi stúdentafélagsins, ráðin sem verktaki við kynningar á höfuðborgarsvæðinu. Með því móti var hægt að halda mun fleiri kynningar þar en ella og með minni kostnaði. Heilt yfir má segja að heimsfaraldurinn hafi orðið til þess að námskynningarnar urðu markvissari.

Námskynningar fóru að mestu leyti fram rafrænt. Verkefnið HA vinur opnaði möguleika fyrir persónulega, rafræna kynningu. Í langflestum tilfellum voru það stúdentar sem höfðu veg og vanda af kynningum, bæði fyrir einstaklinga og hópa.

Ákveðið var að halda árlegan Háskóladag rafrænan og bjóða upp á Zoom-fundi fyrir kynningar á námsleiðum. Haldin var æfing fyrir þátttakendur úr HA svo allt gengi vel fyrir sig. Á deginum sjálfum var mikil umferð á vefsíðum háskólans en mun færri nýttu sér rafrænu fundina.

Auglýsingaefni

Þar sem lítil sem engin kennsla fór fram á háskólasvæðinu var ekki hægt að taka ljósmyndir af hefðbundnu skólafarfi til að nota í kynningar. Þess í stað var ákveðið að taka uppstilltar myndir og fengust mjög góðar ljósmyndir sem nýttust meðal annars í nýja hreyfborða. Þeir voru unnir af Ólafi Þór Kristinsyni, grafískum hönnuði.

Birtingaáætlun Markaðs- og kynningarmála var í höndum birtingastofunnar MediaCom og auglýsingar frá háskólanum birtust á vefmiðlum, í útvarpi, á YouTube og á samfélagsmiðlum. Vegna aukinna umsvifa var prófað að kaupa umfjöllun í einu vinsælasta hlaðvarpi landsins, Norminu. Annar umsjónaraðili hlaðvarpsins er nemandi við HA og var þetta áhugaverð tilraun.

Með verkefninu HA vinur býður háskólinn upp á persónulega kynningu fyrir einstaklinga eða hópa.

Óskað er eftir HA vini með því að fylla út skráningarblað á vefsíðu háskólans. Út frá skráningunni er fundinn tengiliður innan raða stúdenta og síðan koma aðilar sér saman um stund og samskiptamáta. Þannig er hægt að fá kynningu á náminu, skólanum og samfélaginu frá fyrstu hendi. Auglýsingastofan UndirEins gerði teiknað myndband til að auglýsa verkefnið. Kynning á HA vinur ásamt myndbandinu var send



MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

til allra framhaldsskóla á landinu til útprentunar og til að setja á upplýsingaskjái.

Sólveig María Árnadóttir hannaði útlit kynningarátaks á samfélagsmiðlum, sem einingar háskólans tóku virkan þátt í að móta.

Teknar voru upp nýjar útvarpsauglýsingar og var Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, formaður Stúdentafélags HA, fenginn í starfið. Auglýsingarnar voru teknar upp og hljóðblandaðar algerlega innan stofnunarinnar.

Viðburðir

Háskólahátíð var skipulögð í mörgum útfærslum með góðum fyrirvara svo hægt væri að hafa framkvæmdina eftir gildandi samkomutakmörkunum þegar að henni kom. Brautskráning fór fram í þremur athöfnum og var þeim streymt á Facebook og YouTube-rás HA. Gestum var ekki boðið á brautskráningu að þessu sinni og dagskrá var einfölduð nokkuð. Þannig var tónlistaratriði sleppt, en strengjakvartett spilaði á undan athöfnunum.

Vigdís Diljá Óskarsdóttir var kynnir Háskólahátíðar og Kolbrún Benediktisdóttir varahéraðssaksóknari var heiðursgestur. Kandídatar voru sammála um að það væri gleðiefni að geta komið saman á staðnum og haldið Háskólahátíð þó hún væri með breyttu sniði.


Ársfundur fór fram á staðnum 23. júní og var honum einnig streymt. Rektor heiðraði fráfarandi starfsfólk og 30 ára starfsafmælum var fagnað. Eftir fundinn var létt móttaka í Miðborg.

Nýnemadagar í ágúst voru haldnir á háskólasvæðinu. Dagskráin var skipulögð með það í huga að takmarka fjölda stúdenta í kennslustofum í einu. Stúdentafélag HA stóð fyrir grillveislu fyrir framan aðalinngang háskólans í hádeginu og þar myndaðist góð stemning. Dagskrá námssamfélagsins var í formi spurningakeppni í appi.

Opnir dagar voru haldnir á staðnum en þó með breyttu sniði. Í stað langra kynninga í hátíðarsal var ákveðið að bjóða upp á bása fyrir hverja námsbraut, einskonar Menntatorg, þar sem gestir gátu kynnt sér það sem þeir höfðu áhuga á. Stúdentar stóðu sig með miklum sóma og voru básarnir hver öðrum glæsilegri.

Jólaboð rektors var haldið í Miðborg 16. desember. Starfsfólk skólans kom saman síðdegis í fallega skreyttu umhverfi. Boðið var upp á léttar veitingar og jólaglög, sem orðið er nokkurra ára hefð sem Eva Halapi dósent hefur veg og vanda af. Ösp Eldjárn og Kristján Edelstein sáu um tónlist.

Undir ræðu rektors fékk starfsfólk sms með jólagjöf sem að þessu sinni var inneign í appinu Yay, til að nota í dekur.



MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL



Jólaböð rektors var haldið í Miðborg 16. desember. Jólalögg Evu Halapi, lagað frá grunni að sænskum sið, er orðið ómissandi.

Mannauðsmál

Forstöðumaður og vefstjóri störfuðu í 80% starfshlutfalli á árinu. Ákveðið var að auglýsa 100% stöðu verkefnastjóra samfélagsmiðla og samskipta til að vega upp takmarkað starfshlutfall innan einingarinnar. Sólveig María Árnadóttir var ráðin í stöðuna. Í júní var Steinunn Alda Gunnarsdóttir ráðin til afleysingar í fæðingarorlofi Sólveigar Maríu.

Almannatengsl

Nokkrir fundir voru haldnir með þingflokki til að upplýsa þingmenn og koma málefnum háskólans betur inn í umræðuna. Einnig var farið af stað með kynningarröðina Vísindafólkið okkar sem er kynning á rannsakerndum meðal starfsfólks HA

með persónulegu ívafi. Kynningin er á vef háskólans og er einnig birt í Vikublaðinu og á samfélagsmiðlum. Til mótvægis er starfsfólk skólans í stoðþjónustu kynnt á sambærilegan hátt á Uglunni, innri vef háskólans.

Sögusýning

Sett var upp í húsnæði háskólans sýning í máli og myndum um sögu hans. Sýningin byggir á sögusýningu sem haldin var í tengslum við 30 ára afmæli skólans árið 2017.

Sýningin er á vegg í almannarými og þar má sjá þróun háskólans og helstu vörður í uppbyggingu hans. Hönnuður sýningarinnar er Dagný Reykjalín.

MIÐSTÖÐ ALÞJÓÐASAMSKIPTA

Miðstöð alþjóðasamskipta við HA var stofnuð í lok árs 2018 og tilheyrir hún Rektorsskrifstofu.

Undir Miðstöð alþjóðasamskipta heyrja hvers konar alþjóðamál svo sem stúdenta-, kennara- og starfsmannaskipti, gerð samninga við erlendar menntastofnanir og enn fremur ýmis verkefni tengd norðurlóðum. Þar má nefna Rannsóknarþing Norðursins – NRF (Northern Research Forum) og einnig stöðu rannsóknarprófessors í heimskautafræðum, Nansensstöðuna við HA, sem Miðstöð alþjóðasamskipta hefur umsjón með.

Covid-19 heimsfaraldurinn setti óhjákvæmilega svip á alþjóðleg samskipti árið 2021.

Skiptinám, kennaraskipti og starfsmannaskipti

Háskólinn á Akureyri er aðili að um það bil 200 samningum við skóla og samstarfsnet fyrir stúdenta- og kennaraskipti. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skiptiáætlanir: Erasmus+, Nordplus og North2North, og einnig tvíhliða samninga.

Ný áætlun Erasmus+ hófst að hausti 2021 og hafa spennandi nýjungar verið kynntar til sögunnar, til dæmis styttri námsdvöl sem kölluð er *blended intensive mobility*.

Á árinu 2021 var 81 erlendur skiptinemi skráður í Háskólann á Akureyri, bæði í venjulegt skiptinám og í verknám, en það er aukning um 25 nemendur milli ára.

Skiptinemarnir komu frá eftirtöldum löndum: Austurríki, Bandaríkjunum, Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Hollandi, Póllandi, Rúmeníu, Slóvakíu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Tyrklandi og Þýskalandi. Helsta skýringin á aukningu milli ára er sú að árið 2020 var skiptinám með allra minnsta móti vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Alls stundaði 21 stúdent frá Háskólanum á Akureyri skiptinám eða verknám í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Færeyjum, Grikklandi, Ítalíu, Noregi og Spáni.

Stúdentar og kennarar HA tóku þátt í samstarfsverkefnum í formi örnámskeiða innan Nordplus-netsins, sem yfirleitt vara í um það bil viku. Dæmi um það er að lögþjálfunardeild hélt örnámskeið í nóvember 2021, þar sem 25 nemendur frá tíu samstarfsskólum á hinum Norðurlöndunum tóku þátt.

Einnig tóku stúdentar í viðskiptafræði þátt í örnámskeiði á vegum Nordplus-netsins Nobanet.

Nokkrir kennarar og starfsmenn stoðþjónustu háskólans stefndu að því að fara utan í kennara- eða starfsmannaskiptum í gegnum Erasmus eða Nordplus á árinu. Því miður setti Covid-19 strik í reikninginn og margir þurftu að hætta við eða fresta för.

Að sama skapi tók Háskólinn á Akureyri ekki á móti mörgum erlendum gestum í kennara- eða starfsmannaskiptum þetta árið.

Unnið er að því að fjölga skiptinemum frá Háskólanum á Akureyri og meðal annars hafa verið haldnar sérstakar kynningar fyrir stúdenta sem hafa áhuga á að fara í skiptinám eða framhaldsnám. Sem dæmi má nefna kynningar Fulbright-stofnunarinnar á Íslandi (Fulbright-styrkir), kynningar frá erlendum sendiráðum á Íslandi, kynningar frá RANNÍS á Evrópuverkefnum og kynningar á sumarnámskeiðum og möguleikum til skiptináms.

Forstöðumaður Miðstöðvar alþjóðasamskipta er Rúnar Gunnarsson. Síðla árs 2021 var Hildur Friðriksdóttir ráðin í fullt starf verkefnastjóra frá og með 1. janúar 2022.

RANNSÓKNAPING NORÐURSINS – NRF

NORTHERN RESEARCH FORUM



Markmið NRF er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni norðurslóða og að auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Meðal helstu verkefna eru:

- að styðja vísindafélaga NRF í þeirra verkefnum,
- að hafa umsjón með tvíhliða og marghliða samningum sem lúta að samstarfi um norðurslóðamálefni, þar á meðal vegna Nansen-prófessorstöðu við Háskólann á Akureyri,
- að veita vísindafélögum NRF stuðning til að taka þátt í starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins,
- að undirbúa styrkumsóknir,
- að styðja við þátttöku Háskólans á Akureyri í Hringborði Norðurslóða, *Arctic Circle Assembly*,
- að styðja við þátttöku HA í Háskóla Norðurslóða, *University of the Arctic*.

Starfsemi NRF fellur undir Miðstöð alþjóðasamskipta við Háskólann á Akureyri frá og með hausti 2021. Áður var Gunnar Már Gunnarsson verkefnastjóri NRF, en hann lét af störfum við háskólann.

NRF og formennska Íslands í Norðurskautsráðinu

Árið var viðburðaríkt þrátt fyrir heimsfaraldur sem setti ýmislegt úr skorðum svo að fresta varð eða aflýsa verkefnum. Til dæmis var ráðstefnunni *Hringborð Norðurslóða, Arctic Circle*, aflýst að þessu sinni.

NRF kom með virkum þætti að starfi Norðurskautsráðsins í formenskutíð Íslands 2020 og 2021. Gerður var þjónustusamningur milli Háskólans á Akureyri og utanríkisráðuneytisins í tengslum við formennsku Íslands. Samningurinn kveður á um fjármögnun norðurslóðasamstarfs og sérfræðivinnu háskóla-samfélagsins á Akureyri.

Eftirtalin verkefni voru styrkt á árinu:

- Þátttaka Emblu Eirar Oddsdóttur og Eyðisar Kr. Sveinbjarnardóttur í SDWG vinnuhóp Norðurskautsráðsins, en þær leiddu tvo sérfræðingahópa ráðsins undir merkjum SDWG. Einkum var horft til vinnu vegna undirbúnings stöðuskýrslu SDWG um COVID-19 á norðurslóðum, en skýrslan var unnin að beiðni embættismannafndar Norðurskautsráðsins.

- Opnuð var gátt fyrir rafrænar ráðstefnur og erindi um málefni norðurslóða í samstarfi við Norðurslóðanet Íslands sem kallast *Share Your North* <https://www.shareyournorth.is/> Það er liður í stafrænni sókn sem á að efla þátttöku HA og annarra stofnana á Akureyri í alþjóðlegu samstarfi og samtali.
- Starfshópur utanríkisráðuneytisins um efnahagstækifæri á norðurslóðum og starfshópur þingmannanefndar um endurskoðun á stefnu Íslands í málefnum norðurslóða heimsóttu Háskólann á Akureyri. Hóparnir tveir áttu samtali við forsvarsmenn helstu stofnana og fyrirtækja á Akureyri sem starfa á einn eða annan hátt að málefnum norðurslóða. Mikilvægi háskólans og norðurslóðastarfsins á Akureyri endurspeglast í skýrslum og tillögum beggja hópa. Þær má lesa á eftirfarandi vefslóðum:
[Skilabréf og tillögur nefndar um endurskoðun norðurslóða-stefnu.pdf \(stjornarradid.is\)](#)
[Norðurljós - efnahagstækifæri á norðurslóðum WEB.pdf \(stjornarradid.is\)](#)
- Áframhaldandi vinna við rit um norðurslóðastefnu Íslands og framkvæmd hennar síðustu tíu ár.
- Stuðningur við formennskuverkefnið *Gender Equality in the Arctic*, en hér var einkum horft til þess að auka framlag fræðafólks frá HA.
- Undirbúningur og framkvæmd vinnustofunnar *Model Arctic Council 2021*, sem var haldin á netinu fyrir háskólanema frá norðurslóðaríkjunum átta, í tengslum við Vísindaviku norðurslóða. NRF hélt utan um þá vinnu í samstarfi við sérlegan vinnuhóp innan Háskóla norðurslóða, og með aðkomu utanríkisráðuneytis Íslands.
- [Ráðstefnurit](#) gefið út í mars 2021 í tengslum við Vísindaviku norðurslóða sem fram fór 2020.
- NRF kom einnig að ráðstefnunni *The Arctic Guardian Dialogue* í samstarfi við Norðurslóðanet Íslands og ACGF – *Arctic Coast Guard Forum*.

Að lokum má nefna að verkefnastjóri NRF, Gunnar Már Gunnarsson, tók einnig þátt í reglulegum fundum sérfræðinga, sem boðaðir voru af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, til að styðja við undirbúning Íslands á ráðherrafundi um vísindi

RANNSÓKNAPING NORÐURSINS – NRF NORTHERN RESEARCH FORUM



norðurslóða, *Arctic Science Ministerial 3 – AMS3*, sem halda átti haustið 2020 en var frestað til 2021. Um er að ræða samstarf Íslands og Japan.

HA og Háskóli Norðurslóða, University of the Arctic – UArctic

Undirbúningur stóð yfir fyrir vísinda- og framkvæmdaþing Háskóla Norðurslóða, *UArctic Congress*, á Íslandi. Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands leiddu samstarf íslenskra háskóla. Halda átti þingið í aðdraganda og í nánu samstarfi við *Arctic Circle Assembly* í Reykjavík árið 2020 en því var frestað til ársins 2021 vegna heimsfaraldursins.

Samstarf við SSNE – Samtök sveitarfélaga og atvinnu- þróunar á Norðurlandi eystra

NRF er samstarfsaðili í áhersluverkefni SSNE, *Norðurland og norðurslóðir*, fyrir hönd Háskólans á Akureyri. Verkefnið er leitt af Norðurslóðaneti Íslands. Sumarið 2021 voru tveir nemendur í sumarstörfum á vegum Norðurslóðanets Íslands og unnu þeir að því að kynna aðila sem koma að norðurslóðamálum á Akureyri. Jafnframt fóru stúdentar í Polar Law við HA í vettvangsferð um Norðausturland til að kynna norðurslóða- og byggðamálum á svæðinu. Ferðin var skipulögð í samstarfi við SSNE.

Northern Research Forum stýrir verkefninu *Agents for the New North*, sem Norræna ráðherranefndin styrkti á árinu. Framkvæmd verkefnisins frestaðist til 2021 vegna Covid-19 og fór svo að haldinn var rafrænn viðburður.

Nansen-staðan við Háskólann á Akureyri, gestaprófessor í heimskaufafræðum

Dr. Gunnar Rekvig gegndi stöðu Nansen-prófessors 2020 og 2021. Hann starfar jafnframt við Háskólann í Tromsø sem dósent í alþjóðastjórnnumálum, með áherslu á norðurslóðir og Rússland. Til stóð að Gunnar kæmi í reglulegar vinnuferðir til Íslands en Covid-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á þær áætlanir. Gunnar stóð fyrir erindi í tengslum við *Arctic Circle Assembly* í október 2021. Einnig hélt hann hér málþingið *How Small States Navigate Great Powers* í nóvember, og hélt málþingið svo áfram í Osló, Tromsø og Alta. Í lok árs 2021 var embætti Nansen-prófessors auglýst laust til umsóknar, en það er veitt til tveggja ára í senn.

Annað samstarf

NRF hélt áfram samstarfi sínu við sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi, en ráðgert er að taka á móti tveimur gestafræðimönnum við HA þaðan árið 2021. Undirbúningsfundir voru haldnir á árinu af því tilefni.

NÁM OG STÚDENTAR

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að bjóða nám með sveigjanlegu námsformi fyrir stúdenta í grunnnámi. Virkt og faglegt námssamfélag er þungamiðjan í sveigjanlegu námi við HA. Til að styðja við námssamfélagið er áherslan á sveigjanleika, samskipti í kennslu og námi, og tæknilausnir í námi.

Sveigjanlegt nám er stúdentamiðað nám án kröfu um daglega viðveru á háskólasvæðinu á Akureyri. Stúdentar geta stundað námið óháð búsetu þar sem verkefni og verkefnaskil eru rafræn. Samskipti í sveigjanlegu námi eiga sér stað með margvíslegum hætti. Það eru samskipti í rauntíma með viðveru í skólanum eða í gegnum svonefndar fjærverur, Telepresence Robots, með notkun hinna ýmsu samskiptaforrita í rauntíma eða óháð tíma, með netpósti eða einfaldlega í gegnum síma.

Sveigjanlegt nám er í boði fyrir allt grunn nám í háskólanum en það er ólíkt milli námsleiða.

Námsefni getur verið á ýmsu formi, til dæmis upptökur af fyrirlestur, texti, rafrækur og hlaðvörp. Efnið er aðgengilegt fyrir stúdenta í kennsluferfi háskólans. Í sveigjanlegu námi við HA er notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og til dæmis samvinnunám, vendikennslu og blandað nám. Einnig er notast við fjölbreytt námsmat, til dæmis hópaverkefni og próf, símat og leiðsagnarmat.

Kennslulotur eru haldnar reglulega yfir skólaárið en þær eru ólíkar milli námsleiða; ein, tvær eða þrjár lotur á misseri. Námskeið eru mismunandi og geta lotur því staðið í tvo til fimm daga í senn. Kennslulotur eru vettvangur til þess að styðja við námssamfélag háskólans, þar sem stúdentar og kennarar vinna saman. Í lotum eru verkefni og umræður í forgrunni. Þess er krafist af stúdentum að þeir mæti í kennslulotur og séu virkir þátttakendur meðan á þeim stendur. Í ákveðnum aðstæðum, eins og til dæmis ef ófærð hamlar, geta stúdentar, í samráði við kennara, tekið þátt í lotum í gegnum fjærverur.

Próf í sveigjanlegu námi er hægt að taka við Háskólann á Akureyri, í símenntunar- og fræðslumiðstöðvum um allt land eða í viðurkenndum háskólastofnunum eða sendiráðum erlendis. Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri er í sífelldri þróun og endurskoðun. Stuðst er við kennslufræði sem hentar hverju sinni og leitast við að nota þá tækni sem virkar á hverjum tíma til að styðja við kennslufræðina og gæði náms. Umfram allt er sveigjanlegt nám mótað eftir þörfum námssamfélagsins við Háskólann á Akureyri.

Covid-19 heimsfaraldurinn setti mark sitt á nám og námsmat við háskólann árið 2021.

Þar sem áherslan er á sveigjanlegt námsform var mikið af námsframboðinu þegar stafrænt.

Rúmlega 60 lokapróf voru áætluð á prófstað í lok vormisseris. Í ljósi breytilegra sóttvarnarreglna var stöðugt endurmetið hvernig hægt yrði að haga próftöku. Niðurstaðan varð að fela deildum og umsjónarkennurum námskeiða að ákveða, í samráði við forseta fræðasviða, hvort prófað yrði á prófstað eða ekki. Um helmingi prófa var svo breytt í heimapróf. Önnur próf voru haldin á prófstað, þar af voru 80% prófa rafræn.

Til að koma til móts við þá sem áttu erfitt með að mæta á prófstað, til dæmis vegna undirliggjandi sjúkdóma, var stúdentum í fyrsta sinn boðið að sækja um að fá rafræna vöktun í prófum. Alls nýttu 65 stúdentar úrræðið í 126 próftökum.

Rafræn vöktun fór fram í gegnum Zoom og einn prófvörður vaktaði að hámarki fjóra stúdenta sem leystu sín próf með mynd og hljóð í gangi.

Vegna takmarkaðs fjölda í hverju rými þurfti að nýta fleiri kennslustofur en venja er í prófatíð og þar af leiðandi fá fleiri prófverði. Á fjölmönnum prófdögum var stúdentum beint inn í skólann eftir mismunandi inngöngum og snyrtingar voru merktar hverri stofu fyrir sig.

Á fjölmennustu fjarprófstöðunum þurfti einnig að nýta viðbót- arhúsnæði til að uppfylla reglur almannavarna.

Nýtt prófakerfi, *Inspira*, var tekið í notkun haustið 2021.

Það hefur meðal annars þá kosti að stúdentar geta haldið áfram í prófi þó netsamband rofni og að hægt er að senda skilaboð í gegnum kerfið, sem tryggir að mikilvæg skilaboð varðandi próf komist til stúdenta, en próftaka fer fram á fjölmörgum stöðum. Miðlun gagna til prófstaða hefur annars farið fram í gegnum Teams og þar áður Moodle-kennsluferfið.

Í prófatíð á haustmisseri var aftur gripið til þess að fela umsjónarkennurum námskeiða að ákvarða tilhöggun prófa í samráði við stjórnendur fræðasviða. Niðurstaðan var að fjölga heimaprófum og var 48 af 83 prófum breytt í heimapróf. Það einfaldaði alla framkvæmd prófa á prófstað að taka á móti mun færri stúdentum en ella.

Rafræn vöktun var aftur í boði, en nú fyrir stúdenta í sóttkví eða einangrun vegna Covid-19.

Samkeppnispróf voru haldin á prófstað og skyldumæting þar.

NÁM OG STÚDENTAR


Helstu samstarfsaðilar háskólans árið 2021 voru Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð Símenntunar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Háskólasetur Vestfjarða, Farskólinn – Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Háskólasamfélag Suðurlands og Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Nýheimar Þekkingarsetur, Mímir-símenntun og Promennt ehf.

Fjarnám hófst við háskólann haustið 1998, fyrst í litlum mæli en síðan mjög aukið. Langt er síðan svo var komið að stór hluti stúdentahópsins er búsettur utan Akureyrar og nærseita. Lengi vel var námsformið skilgreint sem staðarnám, fjarnám og lotunám.

Með því að mestallt námsframboð skólans er nú á sveigjanlegu formi er notast við þá skilgreiningu.


Eftirfarandi eru lykiltölur háskólans frá hausti 2021

Stúdentar eftir landshlutum




NÁM OG STÚDENTAR

Heildarfjöldi stúdenta eftir kyni miðað við 15. október




Heildarfjöldi stúdenta eftir námsstigi miðað við 15. október




NÁM OG STÚDENTAR

Heildarfjöldi stúdenta eftir fræðasviðum HA miðað við 15. október



Háskólinn á Akureyri

Heildarfjöldi stúdenta eftir námsformi miðað við 15. október



Háskólinn á Akureyri

NÁM OG STÚDENTAR

Við háskólann var eftirfarandi nám boðið árið 2021, til gráðu og diplómu.

Einingaföldi er finnn upp í ECTS-einingum (European Credit Transfer System).

Heilbrigðisvísindasvið

BS	Hjúkrunarfræði	240 einingar	grunnstig
BS	Iðjuþálfunarfræði	180 einingar	grunnstig
	Fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða	60 einingar	grunnstig
	Heilbrigðisvísindi	40 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig
MS	Heilbrigðisvísindi	120 einingar	framhaldsstig
	Heilsugæsla í héraði – klínísk	60 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig
	Iðjuþálfun	60 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig

Hug- og félagsvísindasvið

BA	Félagsvísindi	180 einingar	grunnstig
BA	Fjölmíðlafræði	180 einingar	grunnstig
	Lögreglufræði fyrir starfandi lögreglumenn	120 einingar	grunndiplóma
	Lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn	120 einingar	grunndiplóma
BA	Lögreglu- og löggæslufræði	180 einingar	grunnstig
BA	Nútímafræði	180 einingar	grunnstig
BEd	Kennarafræði	180 einingar	grunnstig
	Diplómanám í leikskólafræðum	120 einingar	grunndiplóma
BA	Lögfræði	180 einingar	grunnstig
BA	Sálfræði	180 einingar	grunnstig
MA	Fjölmíðla- og boðskiptafræði	120 einingar	framhaldsstig
	Fjölmíðla- og boðskiptafræði	30 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig
MA	Rannsóknatengt meistaranám í félagsvísindum	120 einingar	framhaldsstig
MA	Sjávarbyggðafræði	120 einingar	framhaldsstig
MT	Kennsla á framhaldsskólastigi	120 einingar	framhaldsstig
MT	Kennsla á grunnskólastigi	120 einingar	framhaldsstig
MT	Kennsla á leikskólastigi	120 einingar	framhaldsstig
MA	Menntavísindi	120 einingar	framhaldsstig
	Menntavísindi	60 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig
MEd	Menntunarfræði	120 einingar	framhaldsstig
	Menntunafræði	60 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig
	Heimskautaréttur	60 einingar	viðbótardiplóma, framhaldsstig
ML	Lögfræði	120 einingar	framhaldsstig
LLM	Lögfræði, heimskautaréttur	90 einingar	framhaldsstig
MA	Lögfræði, heimskautaréttur	120 einingar	framhaldsstig
MA	Rannsóknatengt meistaranám í sálfræði	120 einingar	framhaldsstig

Viðskipta- og raunvísindasvið

BS	Líftækni	180 einingar	grunnstig
BS	Sjávarútvegsfræði	180 einingar	grunnstig
BS	Viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði	240 einingar	grunnstig
BS	Viðskiptafræði með áherslu á stjórnunar- og fjármálagreinar	180 einingar	grunnstig
BS	Viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og markaðsgreinar	180 einingar	grunnstig
BS	Viðskiptafræði með sjávarútvegsfræði sem aukagrein	180 einingar	grunnstig
MS	Auðlindafræði	120 einingar	framhaldsstig
MRM	Haf- og strandsvæðastjórnun	120 einingar	framhaldsstig
MS	Sjálfbær framleiðsla og nýting sjávarauðlinda	120 einingar	framhaldsstig
MS	Stjórnun sjávarauðlinda	120 einingar	framhaldsstig
MS	Viðskiptafræði	90 einingar	framhaldsstig
MS	Viðskiptafræði	120 einingar	framhaldsstig

(Námskrá 2021)

NEMENDASKRÁ, ÞJÓNUSTUBORÐ NEMENDASKRÁR

Á þjónustuborði Nemendaskrár er upplýsingagjöf og þjónusta fyrir stúdenta og starfsfólk. Einnig almenn símsvörun og upplýsingagjöf um háskólann.

Nemendaskrá tilheyrir ýmis verkefni sem tengjast daglegu starfi skólans.

Fulltrúar Nemendaskrár hafa umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun sem henni fylgir. Það gildir um innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum, útgáfu vottorða og prentun og frágang brautskráningargagna, í nánú samstarfi við starfsfólk fræðasviða.

Þá sjá fulltrúar um innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans sem og ferðabeiðnir og flugbókanir. Enn fremur bókanir og leigu á stofum háskólans.

Sú nýbreytni varð 2021 að á hefðbundnum sumarlokunartíma sá símsvörunarfyrirtæki um símsvörun á skiptiborði háskólans, auk þess að gefa helstu upplýsingar um starfseminna.

Mikil samvinna er milli fulltrúa Nemendaskrár og annarra stöðeininga HA, sér í lagi skrifstofustjóra og verkefnastjóra fræðasviða sem og starfsfólks Kennslumiðstöðvar HA. Þá er einnig samvinna við starfsfólk Markaðs- og kynningarmála.

Verkefni Nemendaskrár breyttust vegna heimsfaraldursins að því leyti að samskipti og þjónusta við starfsfólk og stúdenta færðist nær eingöngu á rafrænt form. Lítil þörf var fyrir ferðabókanir, brautskráning fór fram rafrænt og kandídatar fengu brautskráningarskírteini send í pósti.

Skipulag Nemendaskrár var óbreytt frá árinu áður. Þjónustufulltrúar í Nemendaskrá eru Hanna Björg Guðmundsdóttir og Hafdís Guðfinna Vigfúsdóttir. Forstöðumaður Nemendaskrár er Bára Sif Sigurjónsdóttir.

Þjónustuborð Kennslumiðstöðvar HA er staðsett í rými Nemendaskrár og sinnir Einar Bergur Björnsson starfi þjónustufulltrúa.





RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er fjárhagslega sjálfstæð eining innan skólans. RHA nýtur ekki fastra fjárframlaga heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök, og með innlendum og erlendum rannsóknarstyrkjum. Enn fremur veitir RHA starfsmönnum HA ráðgjöf og aðstoð á sviði rannsókna. Í skipuriti Háskólans á Akureyri tilheyrir RHA Háskóla-skrifstofu.

Markmið og hlutverk

- Markmiðið með rekstri RHA er í meginatriðum fjórþætt:
- Að vera tengiliður Háskólans á Akureyri við atvinnulífið með því að sinna verkefnum fyrir það og stuðla að þekkingaryfirfærslu milli HA og atvinnulífsins.
- Að veita stuðning og þjónustu við rannsóknir innan HA og stuðla þannig að auknum rannsóknum og fjármagni til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
- Að vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt.
- Að vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar einingar og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmasta hátt.

Þjónusta við Háskólann á Akureyri

RHA vinnur eftir rammasamningi við HA um kaup háskólans á þjónustu frá miðstöðinni. Samningurinn er í tveimur liðum:

- A: Almenn rannsóknarþjónusta við sérfræðinga HA og uppbygging tengslanets vegna umsókna í samkeppnissjóði
- B: Þátttaka í verkefnum fyrir hönd HA, þ.m.t. umsýsla fyrir vísindaráð og vísindasjóð HA.

Jafnréttisráð HA fékk í fyrsta sinn starfsmann í hlutastarfi (25%) árið 2018 og gerði samning við RHA um þá vinnu. Fyrirkomulagið hefur gengið vel og var því haldið áfram á árinu 2021.

RHA hefur annast umsýslu fyrir íslenska ESPON – ECP tengiliðinn Grétar Þór Eypósson prófessor, en um áramótin 2021 – 2022 fluttist þetta hlutverk frá háskólanum.

RHA heldur úti Ritveru Háskólans á Akureyri í samstarfi við Bókasafn og upplýsingaþjónustu HA. Þar hægt að fá aðstoð við fræðileg skrif, heimildanotkun og tæknileg atriði. Bæði stúdentar og kennarar geta bókað tíma. RHA hefur gert samning við háskólann um rekstur ritversins 2021 – 2022.

Þátttaka í nefndum og ráðum

Sérfræðingar RHA tóku þátt í ýmsum verkefnum í samfélaginu, svo sem í Hagsmunaráði Landsnets, stýrihópi Sjálfbærni-verkefnis Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi, stýrihópi Sjálfbærni-verkefnis á Norðausturlandi og í Faghópi 3 um samfélagsáhrif í Rammaáætlun og fleira.

Kennsla og námskeið

RHA hefur um árabíl starfað náið með Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri er varðar þjónustu og kennslu við Sjávarútvegsskóla GRÓ, áður Sjávarútvegsskóla Þróunarsamvinnumiðstöðvar UNESCO á Íslandi. Komu sérfræðingar RHA að leiðbeiningu nemenda við skólann þetta námsár.

Starfsfólk RHA kenndi námskeiðið *Gagnagreining: SPSS* við háskólann í annað skipti. Markmið námskeiðsins er að veita hagnýta kennslu í gagnagreiningu í SPSS og farið var yfir gagnagreiningarferlið frá upphafi til enda. Lögð var áhersla á að þátttakendur öðluðust færni í gagnagreiningu í SPSS með verkefnavinnu. Námskeiðið var kennt í fjarkennslu og markaðssett og kynnt í samstarfi við Símenntun HA. Eins og undanfarin ár komu nokkrir starfsmenn RHA að kennslu í fjölbreyttum námskeiðum innan HA á árinu.

Önnur umsýsla og þjónusta

RHA hefur séð um umsýslu Sprotasjóðs fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið frá árinu 2009. Samningur sem gilti út árið 2021 var ekki endurnýjaður. Þess í stað var RANNÍS falin umsjón sjóðsins en það virðist vera stefna stjórnvalda að RANNÍS sjái um sem flesta opinbera sjóði.

RHA sér um framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins fyrir hönd HA. Skólinn er fjármagnaður með hóflegu námsgjaldi en þó aðallega með framlögum frá ýmsum félögum og fyrirtækjum á Akureyri. Tæplega þriðtíu aðilar styrktu skólann að þessu sinni,

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



en sumir þeirra hafa stutt við starfsemina frá upphafi. Um 80 börn sóttu skólann árið 2021 og var kynjaskipting nokkuð jöfn, en þó heldur fleiri drengir. Heiðursgestur við brautskráningu úr Vísindaskólanum var Eliza Reid forsetafrú.

Á hverju ári eru boðin ný námskeið. Heiti á þeim voru:

- Af hverju kom gos á Reykjaneskaga?
- Lengi lífi Ísland
- Björgunarsveitastarfið, býflugur og blómin
- Sem betur fer erum við ekki öll eins
- Er orka endalaus?

Vísindaskólinn er fyrir börn á aldrinum 11 – 13 ára.

Innra starf

Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar hjá RHA hófst þann 1. janúar 2021.

Innleiðing á nýjum tölvukerfum hélt áfram, einkum var um að ræða aukna notkun á Teams-umhverfinu. Þannig var vistun skjala á sameiginlegu tölvudrifi starfsmanna hætt í lok árs 2021 og voru öll tölvugögn færð yfir í Teams. Frá og með 1. janúar 2022 á öll dagleg vinna í skjölum að fara fram í Teams og einnig færast tölvupóstsamskipti þangað. Hvað varðar skjalavistunarkerfi Háskólans á Akureyri, GoPro, voru gögn af sameiginlegu tölvudrifi RHA frá og með 1993 færð í GoPro til varanlegrar vistunar. Verkefnið er unnið undir leiðsögn Kára Einarssonar, skjalastjóra HA.

Styrkir

RHA fékk eftirfarandi styrki á árinu:

- Frá Byggingarannsóknasjóði, *Rannsókn á launamun hjúkrunarfræðinga*. Upphæð 2,5 m.kr.
- Frá Sóknaráætlun SSNE, áhersluverkefnið *Samgönguáætlun SSNE*. Upphæð 7,5 m.kr.
- Frá Jafnréttissjóði sem samstarfsaðili vegna verkefnisins *Working Class Women*. Aðalumsækjandi var Berglind Hólm Ragnarsdóttir lektor við HA. Varða – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins var einnig samstarfsaðili verkefnisins. Upphæð 4 m.kr.

- Frá Vísindasjóði sem samstarfsaðili vegna verkefnisins *Working Class Women*. Aðalumsækjandi var Berglind Hólm Ragnarsdóttir lektor við HA. Varða – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins var einnig samstarfsaðili verkefnisins. Upphæð kr. 900.000.

Rannsóknarverkefni

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA voru fjölbreytt eins og eftirfarandi listi yfir rannsóknarskýrslur ber með sér. Auk þessa vann RHA gagnaöflun fyrir ýmsa aðila innra og utan Háskólans á Akureyri.

Ekki lýkur öllum verkefnum með skýrslu, svo sem minniháttar ráðgjafarverkefnum.

Skýrslur um innri mál stofnana og fyrirtækja, sem og ýmsar áfangaskýrslur, eru ekki birtar. Opinberar skýrslur eru aðgengilegar á vefsíðu RHA.

Útgefna rannsóknarskýrslur starfsmanna og samstarfsmanna RHA 2020:

Almenningssamgöngur á Norðurlandi vestra – fýsileikakönnun. Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Rannveig Gústafsdóttir.

Fimm vindvirkjanir í 4. áfanga rammaáætlunar. Samantekt viðtala í nærsamfélagi um samfélagsleg áhrif. Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmannsson, Magnfríður Júlíusdóttir, Rannveig Gústafsdóttir og Sjöfn Vilhelmsdóttir.

Hringvegur við Egilsstaði. Samanburður þriggja valkosta með tilliti til samfélagsáhrifa. Höfundur: Hjalti Jóhannesson.

Svæðisbundið hlutverk Akureyrar. Skýrsla starfshóps. Höfundar: Starfshópur á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í samvinnu við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (fyrir hönd RHA Arnar Þór Jóhannesson og Hjalti Jóhannesson).

Mögulegar framkvæmdir í vegagerð á Norðurlandi eystra. Höfundur: Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Territorial patterns and relations in Iceland. Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eypórsson og Tom Goosse.

Örorka á Norðurlandi eystra. Umfang og þróun tímabilið 2000 – 2019. Höfundar: Rannveig Gústafsdóttir og Hjalti Jóhannesson.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Aðrar skýrslur og greinargerðir sem ekki eru opnar almenningi

Fiskeldi: Samanburður á stjórnsýslulegri umgjörð og gjaldtaka af rekstraraðilum. Færeyjar, Ísland, Noregur og Skotland. Höfundar: Helga Einarsdóttir, Hjalti Jóhannesson og Rannveig Gústafsdóttir.

Forvarnarstarf Akureyrarbæjar. Ytra mat. Maí 2021. Höfundar: Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir og Anna Soffía Víkingsdóttir.

Launagreining starfsmanna Háskólans á Akureyri. September 2021. Höfundur: Helga Einarsdóttir.

Niceair: Áætlunarflug til útlanda frá Akureyri. Niðurstöður netkönnunar. Höfundar: Arnar Þór Jóhannesson og Helga Einarsdóttir.

Survey on Student Satisfaction: Third Year Undergraduates at the University of Akureyri. Höfundur: Helga Einarsdóttir.

Survey on Student Satisfaction: Graduates 2019 at the University of Akureyri. Höfundur: Helga Einarsdóttir.

Survey on Student Satisfaction: Police Science at the University of Akureyri. Höfundur: Helga Einarsdóttir.

Survey on Student Satisfaction: Third Year Undergraduates at Hólar University. Höfundur: Helga Einarsdóttir.

Survey on Student Satisfaction: Graduates 2019 at Hólar University. Höfundur: Helga Einarsdóttir.

Survey on Student Satisfaction: Third Year Undergraduates at the Agricultural University of Iceland. Höfundur: Anna Soffía Víkingsdóttir.

Survey on Student Satisfaction: Graduates 2019 at the Agricultural University of Iceland. Höfundur: Anna Soffía Víkingsdóttir.

Survey on Student Satisfaction for Undergraduate Students at the University of Akureyri – A Comparison between the years 2018 – 2021 – Faculties. Höfundur: Helga Einarsdóttir.

Survey on Student Satisfaction for Undergraduate Students at the University of Akureyri – A Comparison between the years 2018 – 2021 – Schools. Höfundur: Helga Einarsdóttir.

Ráðstefnur og málstofur

RHA rekur ráðstefnuþjónustu og skipuleggur fundi og kynningar sem haldnar eru í háskólanum í samstarfi við ýmsa aðila. Vegna Covid-19 heimsfaraldursins var lítið um ráðstefnur og málstofur á árinu. Þó veitti RHA þjónustu í tengslum við ráðstefnuna *Löggæsla og samfélagið*, sem haldin var þann 6. október 2021

Árið 2021 störfuðu að jafnaði níu starfsmenn í tæplega átta stöðugildum hjá RHA. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir forstöðumaður fór í tímabundið leyfi um mitt árið. Starfandi forstöðumaður frá ágúst 2021 er Baldvin Valdemarsson.

Á vef RHA, www.rha.is, má finna nánari upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar.

BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Hlutverk Bókasafns og upplýsingaþjónustu er að útvega stúdentum og starfsfólki háskólans efni viðkomandi sínu fagi og fræðasviði. Til viðbótar þeim safnkosti sem keyptur er til eignar á bókasafninu, prentuðu og rafrænu, má nefna að safnið útvegar notendum sínum efni í gegnum millisafnalán og setur inn greinar og bókakafla í Hlöðuna. Hlaðan er rafrænt geymslusafn fyrir höfundarréttarvarið efni sem nýtist í tilteknum námskeiðum. Umsjónarmaður millisafnalána og Hlöðu er Kristín Konráðsdóttir verkefnastjóri.



F.v. Pia Susanna Sigurlína Viinikka og Sigríður Ásta Björnsdóttir, verkefnastjórar á bókasafni.

Starfsfólk bókasafnsins leggur áherslu á að veita notendum sínum faglega og persónulega þjónustu og aðgang að vönduðum safnkosti. Rafrænn safnkostur bókasafnsins er ýmist aðgengilegur í opnum aðgangi, landsaðgangi, hvar.is, Skemmunni eða í séráskriftum á neti skólans. Rafrænn bókakostur jafnar aðgengi stúdenta í sveigjanlegu námi að námsefni bókasafnsins.

Bókasafnið annast sérsöfn háskólans eins og listaverkasafn og steinasafn. Bókasafnið sér einnig um að þjónusta Háskólann á Hólum er samsvarar 25% stöðugildi.

Það er hlutverk bókasafnsins að annast kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi (UL), en það er sú færni sem gerir fólki kleift að afla sér upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og nýta þær á skilvirkan og ábyrgan hátt í námi, kennslu og rannsóknum. Samtals hefur formleg kennsla í UL, námskeiðahald og önnur

aðstoð náð til um 1600 nemenda og starfsmanna á árinu, sem er töluverð aukning sé það borið saman við undanfarin ár.

Kennsla í UL fer meðal annars fram í námskeiðum í samráði við kennara og í viðtölum þar sem stúdentar og kennarar geta bókað tíma. Sú þjónusta er nefnd Bókaðu bókasafnsfræðing og hefur verið í boði frá haustinu 2013. Árið 2021 fengu um 185 einstaklingar slíka þjónustu í samtals um 100 kennslustundum, sem er töluverð aukning frá árinu 2020. Hafa þær Sigríður Ásta

Björnsdóttir og Pia Susanna Sigurlína Viinikka, báðar verkefnastjórar á bókasafni, annast þessa þjónustu. Frá því í mars 2020, eða frá því að Covid-19 heimsfaraldurinn skall á, hefur aðstoðin nær einungis farið fram í gegnum samskiptaforritin Zoom og/eða Teams.

Starfsfólk bókasafnsins hefur einnig umsjón með ritstuldarvarnaforritinu Turnitin. Árið 2021 leituðu um 190 nemendur og kennarar eftir aðstoð vegna notkunar á forritinu og voru verkefnið misjafnlega umfangsmikil.

Bókasafnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum og viðburðum á landsvísu sem og í samstarfi við aðrar einingar háskólans. Má þar m.a. nefna:

- Bókasafnið á fulltrúa í verkefnahópi HA sem sér um innleiðingu á rannsóknarupplýsingakerfinu ÍRIS – *Icelandic Research Information System*. Innleiðing allra háskóla og helstu rannsóknarstofnana hérlendis á kerfinu hófst í árslok 2019 og stefnt er að formlegri opnun um mitt ár 2022.
- Vika opins aðgangs, *International Open Access Week*, er samstarfsverkefni íslenskra háskólabókasafna en verkefnið er hluti af alþjóðlegri vitundarvakningu um málefnið.
- Opin vísindi, *opnvisindi.is*, þar sem vistaðar eru ritrýndar vísindagreinar fræðimanna.
- Skemman, *skemman.is*, þar sem varðveitt eru lokaverkefni nemenda í grunn- og framhaldsnámi.
- Samráðshópur um ritstuldarvarnir sem innleiddi hugbúnaðinn Turnitin, [turnitin.com](https://www.turnitin.com). Bókasafnið sér um námskeið,

BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

kyrningar og daglega aðstoð á Turnitin fyrir stúdenta og kennara.

- Samvinna við Ritver HA. Ritverið er staðsett á bókasafni og hefur það meginmarkmið að efla fræðileg skrif við stofnunina. Á árinu 2021 fór aðstoðin að langmestu leyti fram á Teams/Zoom.
- Alþjóðadagur læsis. Frá árinu 1965 hafa Sameinuðu þjóðirnar helgað 8. september málefnum læsis. Miðstöð skólabróunar við HA, Bókasafn og upplýsingaþjónusta HA, Amtsbókasafnið á Akureyri, Barnabókasetur og fræðslusvið Akureyrar hafa starfað saman að undirbúningi ýmissa læsisviðburða í tilefni dagsins.
- Skólabókaverðir á Akureyri hittast reglulega til að bera saman bækur sínar. Bókasafn og upplýsingaþjónusta á fulltrúa þar.
- Vísindaskóli unga fólksins veitir námfúsum börnum innsýn í vísindi líðandi stundar. Skólinn veitir börnum tækifæri til að vikka sjóndeildarhringinn og kynnast Háskólanum á Akureyri.

Á árinu var hafist handa við tiltekt og endurbætur í kjallara bókasafnsins. Veggir og gólf voru máluð og safnefni var flokkað og grisjað af Jónu Sigurlaugu Friðriksdóttur, undir leiðsögn frá starfsfólki bókasafnsins. Auk þess var haldið áfram við endurskipulagningu og endurnýjun á húsnæði bókasafnsins og munu þær framkvæmdir standa fram á næsta ár.

Ein myndlistarsýning var haldin á árinu 2021, með listakonunni Jónu Bergdal. Sýningin nefndist *Umbrot* og stóð hún til ársloka.

Hin árlega Jólasögustund bókasafnsins var rafræn annað árið í röð og las prófessor Guðmundur Heiðar Frímansson úr ný-útkominni bók Þórarins Eldjárns, *Umfjöllun*.

Forstöðukona Bókasafns og upplýsingaþjónustu er Astrid Margrét Magnúsdóttir. Hún var í veikindaleyfi frá febrúarlokum 2020 og snéri aftur til starfa í tímabundið skert starfshlutfall í mars 2021. Í fjarveru hennar var Sigríður Vilhjálmisdóttir, verkefnastjóri aðfangadeildar, starfandi forstöðukona. Fastráðnir starfsmenn voru í árslok fimm talsins í 4,8 stöðugildum.



Guðmundur Heiðar Frímansson

KENNSLUMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – KHA

Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri veitir kennurum faglega aðstoð við þróun kennsluhátta í sveigjanlegu námi. Það er gert í formi almennrar ráðgjafar og námskeiða og í þróunarstarfi með áherslu á upplýsingatækni og kennslufræði. Árlega taka nokkrir kennarar þátt í þróunarnámskeiðum þar sem þeir fá aðstoð við að breyta námskeiðum sínum með tilliti til kennslufræði og tækni.

KHA ber ábyrgð á prófahaldi og námsmati við háskólann. KHA ber einnig ábyrgð á öllum tölvukerfum, stýrikerfum og netkerfum háskólans. Allar ákvarðanir í tengslum við kerfismál eru teknar í teymi þar sem þekking á kennslufræði og notenda-aðstoð er til staðar. Þverfaglegt samstarf kennslufræðinga og tæknimanna er mikilvægt fyrir háskóla sem leggur áherslu á sveigjanlegt nám.

Dagleg störf Kennslumiðstöðvar felast í því að veita stúdentum og starfsfólki háskólans ýmiss konar tækni-, kennslu- og prófa-ráðgjöf, ásamt daglegum rekstri á tölvu-, stýri-, og netkerfum skólans.

Sú breyting sem varð á starfsemi og þjónustu Kennslumiðstöðvar sem viðbragð við Covid-19 faraldrinum, þ.e. að færa þjónustuna sem mest yfir í rafrænt form, hefur að mörgu leyti haldist, og sumt er komið til að vera.

Ákveðið var að halda áfram að bjóða upp á opna tíma fyrir ráðgjöf og aðstoð við starfsfólk skólans í gegnum fjarfund og er þessi þjónusta opin alla virka daga kl. 11:00 – 12:00. Yfir árið voru 650 heimsóknir í opnu tímana á 11 mánaða tímabili. Einnig er hægt að bóka ráðgjöf í gegnum rafrænt beiðnakerfi Kennslumiðstöðvar.

Allar beiðnir um aðstoð og leiðbeiningar þurfa að fara í gegnum rafrænt þjónustuborð Kennslumiðstöðvar, <https://hjalp.unak.is/>. Beiðnir geta verið óskir um aðstoð við allt sem tengist kerfum HA, allt frá uppsetningu á námskeiðum í Canvas til þess að eiga samtál um kennslufræði og uppbyggingu námskeiðsáætla.

Markmið Kennslumiðstöðvar er að starfsfólk Háskólans á Akureyri búi yfir þeirri stafrænu hæfni sem þarf til að kenna og starfa í rafrænu umhverfi. Í því augnamiði heldur Kennslumiðstöð reglulega vinnustofur um hin ýmsu kerfi. Haldnar voru 140 vinnustofur árið 2021, sem er mikil fjölgun frá árinu áður.

Aðalviðfangsefnið var að mynda dýpri skilning og þekkingu á kerfum háskólans.

Kennslumiðstöð er þátttakandi í verkefninu *CUTE – Competence for Universities, Using Technology in Education*, <https://cute.ku.dk/>. Markmið þess er að efla stafræna hæfni innan stofnunar og hvetja kennara til nýsköpunar.

Kennslumiðstöð hefur í auknum mæli komið að vinnu Bologna-teymis háskólans. Bologna-teymið er undirnefnd gæðaráðs með það hlutverk að veita álit og ráðgjöf varðandi nýtt námsframboð, uppsetningu lærdómsviðmiða og samspil lærdómsviðmiða fyrir heilar námsleiðir og fyrir einstök námskeið. Markmiðið er að kennarar, námsnefndir eða deildarformenn geti bókað tíma í ráðgjöf hjá kennslufræðiteymi varðandi lærdómsviðmiðin.

Eins og undanfarin ár tók starfsfólk KHA virkan þátt í ýmsu starfi háskólans. Nefna má skipulagningu og kynningu stoðþjónustu á nýnemadögum í ágúst og þátttöku í Vísindaskóla unga fólksins í júní, og tekið var á móti heimsóknnum frá fræðafólki og starfsfólki frá erlendum háskólum.

Unnið var að breytingum og uppfærslum á kennslustofum á Sólborg. Breytingar á kennslurýmum miða að því að koma enn frekar til móts við sveigjanlegt nám og einnig að auka og auðvelda samskipti milli kennara og stúdentna.

Vorið 2021 var Kennsluráðstefna KHA haldin í sjötta sinn með sömu yfirskriftinni, *Hvað er góð háskólakennsla?* Eins og aðrir viðburðir Kennslumiðstöðvar þetta árið var ráðstefnan haldin með rafrænu sniði. Kennarar og starfsfólk Háskólans á Akureyri, ásamt kennurum frá Háskóla Íslands, fluttu þar 21 hringborðs-erindi tengd háskólakennslu. Gestafyrirlesari var dr. Matthew Whelpton, prófessor við Háskóla Íslands. Einnig var kynning á Kennsluakademíu opinberu háskólanna.

Á haustmisseri var eins og áður boðið upp á kennslufræðinámskeiðið *Háskólakennsla og háskólanám* fyrir fastráðið starfsfólk háskólans. Námskeiðið er tíu ECTS-einingar á meistarastigi og er í senn fræðilegt og hagnýtt. Námskeiðið er kennslufræði á háskólastigi, kenningar og aðferðir, og einnig vinna kennarar meðfram námskeiðinu að breytingum á eigin námskeiðum við skólann.

KENNSLUMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – KHA

Námskeiðið fór fram sem rafrænar kennslustundir í rauntíma. Að þessu sinni tóku tíu kennarar frá öllum þremur fræðasviðum háskólans þátt. Allir þátttakendur fá spjaldtölvu til afnota við áframhaldandi kennsluþróun. Þátttakendur á námskeiðinu munu flytja erindi um kennsluþróun sína á Kennsluráðstofnu KHA á vormisseri 2022.

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar tekur þátt í nokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum og rannsóknarverkefnum.

Í september hélt KHA síðasta fundinn í verkefninu *MOCAT – Modern Competences of Academic Teachers – the Key to Modern Higher Education*. Verkefnið byggist á því að þróa nútímalegar lausnir, verkfæri og efnivið til að auka gæði í kennslu á háskólastigi.

Einnig tók starfsfólk KHA þátt í verkefninu *CUTE*, sem áður var getið. Enn fremur tók starfsfólk Kennslumiðstöðvar þátt í verkefninu *TRINE – Telepresence Robot in Education*.

Þrjú starfsmenn Kennslumiðstöðvar fengu nafnbótina *Canvas Certified Educators* eftir 36 vikna námskeið hjá kennsluumsjónarkerfinu Canvas, og eru þau fyrst til að hljóta slíka vottun á Íslandi.

Eins og undanfarin ár tók Kennslumiðstöð þátt í *#Eymennt netmenntabúðum*. Það er vettvangur skóla á Eyjafjarðarsvæðinu fyrir miðlun þekkingar og reynslu í notkun upplýsingatækni í skólastarfi.

Þá fluttu starfsmenn KHA erindi á nokkrum innlendum ráðstefnum, m.a. *Menntaviku* hjá Háskóla Íslands og *UTís2021*, árlegu tækniráðstefnunni á Sauðárkróki.

Fastráðnir starfsmenn Kennslumiðstöðvar í árslok 2021 voru fjórtán í þrettán og hálfu stöðugildi. Á árinu bættist við eitt stöðugildi. Forstöðumaður er Auðbjörg Björnsdóttir.



STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Stúdentafélag Háskólans á Akureyri hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþrótt- og fjölskyldumála og stendur á bak við aðildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint. Auk þess vinnur félagið náið með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta.



Framkvæmdastjórn SHA 2021 – 2022, Agnes Ögmundsdóttir, Nökkvi A. R. Jónsson og Særún Anna Brynjarsdóttir

Aðildarfélög SHA eru deildarfélög háskólans og er það val stúdenta hvort þeir skrá sig í aðildarfélag eða ekki. Aðildarfélög sjá um hagsmunagæslu félagsmanna sinna og sitja fulltrúar þeirra deildarfundi, deildarráðsfundi og fræðasviðsfundi fyrir hönd viðkomandi stúdentahópa. Þá tilnefna aðildarfélögin einnig fulltrúa í náms- og matsnefndir sinna deilda. Auk þess standa aðildarfélögin straum af félagslífi stúdenta. Aðildarfélög SHA eru:

Data, félag tölvunarfræðinema
Eir, félag heilbrigðisnema
Kumpáni, félag félagsvísinda- og sálfræðinema
Magister, félag kennaranema
Reki, félag viðskiptafræðinema
Stafnbúi, félag nema í auðlindafræðum
Pemis, félag laganema.

Stúdentaráð fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra. Stúdentaráð skipa framkvæmdastjórn, formenn aðildarfélaganna og formenn fastanefndanna, sem kosnir eru til eins árs í senn. Auk þess á fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA sæti í stúdentaráði.

Framkvæmdastjórn SHA er skipuð formanni, varaformanni og fjármálastjóra ráðsins. Daglegur rekstur félagsins er í höndum framkvæmdastjórnar og ber hún ábyrgð á því að halda réttindaskrifstofu félagsins opinni fyrir stúdenta. Þá er formaður félagsins helsti talsmaður stúdenta Háskólans á Akureyri, innan skólans sem utan.

Fyrsti formlegi stúdentaráðsfundurinn var haldinn 4. mars. Alls voru átta formlegir fundir á starfsárinu.

Á starfsárinu áttu 15 einstaklingar sæti í stúdentaráði en formaður SHA situr einnig í Háskólaráði og því voru fulltrúar stúdentaráðs 16 talsins. Vegna breytingar sem gerð var á starfsemi Forseta, félags lögreglufræðinema, fækkaði fulltrúum stúdentaráðs frá fyrra ári úr 17 í 16.

Á fyrsta fundi stúdentaráðs var farið yfir starfsemi félagsins og áætlanir gerðar fyrir komandi starfsár. Eins og undanfarin ár var einróma samþykki um að aðaláherslan í starfseminni væri hagsmunabaráttu og hagsmunagæsla stúdenta.

Allir fulltrúar stúdentaráðs hafa lagt sitt af mörkum þegar kemur að hagsmunamálum og staðið vakt sína vel og örugglega.

STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



Stúdentaráð vildi einnig endurvekja það mikla og öfluga félagslíf sem er eitt af einkennum SHA. Það hafði legið í dvala vegna kórónuveirunnar, en þó voru haldnir rafrænir viðburðir. Með rými fjöldatakmörkunum sköpuðust tækifæri fyrir staðbundna viðburði. Aðildarfélag stóðu fyrir frábærum viðburðum og stúdentafélagið skipulagði stærri viðburði eins og Nýnemagleði, Sprellmót og Vísindaferðir, sem fengu mjög góðar viðtökur. Þrátt fyrir faraldur iðaði skólinn af lífi og hamingju lengst af. Í byrjun haustmisseris stóð til að mótuneyti Háskólans á Akureyri yrði einungis í boði fyrir starfsfólk. Stúdentaráð beitti sér gegn því og í góðu samstarfi við stjórnendur háskólans var ákvörðunin dregin til baka. Stúdentaráð vinnur að könnun meðal stúdenta um það hvaða þjónustu er óskað eftir frá mótuneytinu. Stúdentaráð er afar ánægt með samráð við stjórnendur háskólans og að tekið sé tillit til skoðana stúdenta á hinum ýmsu málefnum innan skólans sem snúa að hagsmunum stúdenta.

Líkt og síðustu þrjú starfsár hefur SHA haft þjónustusamning við Stúdentaráð Háskóla Íslands – SHÍ um lánasjóðsfulltrúa SHÍ. Lánasjóðsfulltrúi þjónustar stúdenta HA og annarra opinberra háskóla landsins. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi farsælt samstarf. Á komandi starfsári þarf að kynna öllum stúdentum HA þessa þjónustu betur og gætu nýnemadagar HA verið tilvaldir til þess.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS – Landssamtökum íslenskra stúdenta og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu. Stúdentafélag HA hefur verið aðili að yfirlýsingum LÍS og lagt sig fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki enda er gríðarlega mikilvægt að taka pláss í umræðunni.

*Nökkvi Alexander Rounak Jónsson
Formaður Stúdentaráðs 2021–2022*



Stúdentaráð 2021 – 2022.

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA Á AKUREYRI – FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar við HA og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka stúdentaíbúðir og annast aðra þjónustu við stúdentana. Sérstakar reglur gilda um úthlutun stúdentahúsnæðis. Umsóknarfrestur fyrir vetrarvist er til 20. júní ár hvert.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46, með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,

Klettastíg 2-4-6, með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993 – 1994,

Drekagil 21, þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000,

Tröllagil 29, með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004,

Kjalarsíðu 1A/B, með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jóhannes Baldur Guðmundsson.

Stjórn FÉSTA skipuðu:

Halla Margrét Tryggvadóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar

Hólmari Svansson, fulltrúi Háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Harpa Halldórsdóttir, fulltrúi Háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, stúdent, skipaður af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri

Fríða Freydís Prastardóttir, stúdent, skipuð af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri

Vefsíða FÉSTA www.festaha.is

Tölvupóstur: festa@unak.is



SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Símenntun Háskólans á Akureyri er ætlað það meginhlutverk að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfar viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi.

Símenntun nýtur ekki opinberra fjárveitinga, sem gerir þær kröfur að starfsemin standi undir útlögðum kostnaði og taki tillit til samkeppnislaga. Þjónusta sem lýtur að húsnæði og fjárhagslegum rekstri Símenntunar er keypt af viðkomandi einingum Háskólaskrifstofu HA.

Vegna áhrifa Covid-19, og svo að stækka megi kennsluvæði Símenntunar, hefur staðarnámskeiðum fækkað og möguleikar fjarkennslu með Zoom og Canvas verið nýttir í kennslu í auknum mæli. Með því sparast einnig ferðakostnaður og ferðatími bæði kennara og þátttakenda, og hefur sú nýbreytni mælst vel fyrir.

Annað árið í röð ákvað ríkisstjórnin að vera með átak, Sókn fyrir stúdenta, þar sem fyrirséð var að hefðbundin sumarstörf skólafólks yrðu af skornum skammti vegna áhrifa Covid. Háskólinn á Akureyri fól Símenntun, fyrir sína hönd, umsjó og framkvæmd sumarnáms 2021. Alls voru haldin 29 námskeið sem stóðu yfir allt frá einni viku og upp í 12 vikur. Fjöldi á hverju námskeiði var allt frá tíu og upp í 150 manns.

Alls voru nemendur á námskeiðum sumarskólans 861 talsins. Mikill meirihluti var með stúdentspróf og í háskólanámi, og 112 nemendur höfðu lokið fyrstu eða annarri háskólagráðu. Kynjaskipting meðal nemenda var þannig að konur voru um tveir þriðju hlutar og karlar einn þriðji. Tæplega 30 nemendur voru með erlent ríkisfang. Nokkur fjöldi nemenda skráði sig í fleiri en eitt námskeið.

Mikill meirihluti kennara sumarnámsins voru kennarar við háskólann, margir þeir sömu og sumarið áður. Reynslan kom því að góðu gagni, til dæmis fór ekki mikill undirbúningstími í kennslu á Canvas kennslukerfið, en öll námskeiðin voru í fjarkennslu með Zoom-fundum.

Samstarf Háskólans á Akureyri við University of The Highlands and Islands – UHI í Skotlandi, sem hófst vorið 2020, hélt áfram. Það gerir íslenskum nemendum kleift að stunda MBA-nám við UHI í fjarnámi. Námið er vottað af The Quality Assurance Agency for Higher Education – QAA í Bretlandi. Það felur í sér

sex áfanga og ritgerð og fá nemendur tæknilega aðstoð og almenna handleiðslu þegar við á hjá Símenntun HA. Mikill áhugi er áfram á náminu og voru 19 stúdentar innritaðir á haustmisseri.

Áfram býður Símenntun fyrirtækjum og stofnunum að setja upp og halda sérsniðin námskeið í fjarkennslu með aðgengi að Zoom og Canvas. Enn fremur býður Símenntun upp á umsjón með rafrænum ráðstefnum, sem hefur gengið vel.

Frá árinu 2017 hefur Símenntun, fyrir hönd háskólans, annast rekstur stjórnendánáms sem þróað er af Starfsmenntasjóði Samtaka atvinnulífsins og Sambandi stjórnendafélaga. Námið er á þriðja og fjórða hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun og námslok, og er það metið til 30 ECTS-eininga. Um er að ræða 100% fjarnám og skiptist það í fimm lotur sem nemendur stunda þar sem þeir kjósa, en öll kennsla og námsefni er á vefsvæðinu Canvas.

Á árinu voru kenndar átta lotur í stjórnendánámi og þátttakendur voru 156 talsins. Vegna Covid-19 var engin formleg útskrift þeirra er luku náminu á árinu heldur voru nemendum send brautskráningarskrirteini.

Námið Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun (Vogl) hófst enn eitt haustið með 21 nemanda.

Það er metið ígildi 24 ECTS-eininga. Í náminu er stjórnun og samskiptum tvinnuð saman við vinnulotur í háskólanum. Loturnar riðluðust vegna Covid-19 faraldursins þannig að á haustmisseri fór námið alfarið fram á Zoom. Þá var ekki venjuleg brautskráning að vori heldur skirteini send nemendum í námslok.

Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun er boðin í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf.

Símenntun og Viðskipta- og raunvísindasvið HA gerðu með sér samstarfssamning í lok árs um farveg meistaranámskeiða sviðsins í gegnum Símenntun og vonast Símenntun til að gera sambærilega samninga við hin tvö fræðasvið háskólans einnig.

Við Símenntun eru tvö og hálf stöðugildi. Símenntunarstjóri er Elín Hallgrímsdóttir.

SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ

Hlutverk Sjávarútvegsmiðstöðvar Háskólans á Akureyri er að efla tengsl háskólamenntunar við íslenskt atvinnulíf á sviði sjávarútvegs og stoðgreina hans. Einnig að stuðla að rannsókn-um og nýsköpun atvinnugreininni til framdráttar, í samstarfi við erlenda og innlenda sérfræðinga, stofnanir og fyrirtæki. Enn fremur að stuðla að kynningu íslensks sjávarútvegs og stoðgreina hans á lægri skólastigum og meðal almennings. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fjármagnar reksturinn að hluta samkvæmt samningi þar um. Sjávarútvegsmiðstöðin heyrir undir Viðskipta- og raunvísindasvið háskólans.

Starfsemi SJÁ á árinu 2021 var með svipuðu sniði og árið áður.

Eitt af verkefnum er rekstur Sjávarútvegsskóla unga fólksins, sem nær til allra landshluta. Hann er ætlaður grunnskólanemendum á aldrinum 13–16 ára. Tilgangur Sjávarútvegsskólans er að kynna ungu fólki möguleika sjávarútvegs og tengdra greina sem framtíðarvinnustaðar. Kennarar við skólann eru aðallega stúdentar í sjávarútvegsfræði og líftækni við Háskólann á Akureyri, ýmist brautskráðir eða enn í námi.

Starfsemin er svæðisbundin og skólinn er haldinn á þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið. Aðalstyrktaraðilar eru fyrirtæki í sjávarútvegi og tengdum greinum sem og viðkomandi sveitarfélög og bæjarfélög, og er skólinn starfræktur í nánú samstarfi við vinnuskóla á hverjum stað.

Fiskeldisskóli unga fólksins var starfræktur í fyrsta skipti á árinu og voru nemendur 22 talsins. Skólinn er með svipuðu sniði og Sjávarútvegsskóli unga fólksins.

Forstöðumaður SJÁ annast skipulagningu Sjávarútvegsskólans og Fiskeldisskólans og hefur alla umsjón með framkvæmd.

Haldið var áfram vinnu við verkefnið *BRIDGES CoVE*, sem er samstarf fjögurra landa um úttekt á námi í fiskeldi og gerð tillagna að skipulagi náms fyrir framtíðarstarfsmenn fiskeldisstöðva. Samstarfslöndin eru Noregur, Svíþjóð, Finnland og Ísland og stendur verkefnið yfir í fjögur ár. Af hálfu Íslands taka þátt í því, auk Háskólans á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Fiskitækniskóli Íslands og Arnarlax ehf.

Þrjú starfsmenn Auðlindadeildar HA og Kennslumiðstöðvar HA komu að verkefninu á árinu 2021 og einnig tveir brautskráðir nemendur frá HA. Haldinn var fundur í Þrándheimi í Noregi í lok október þar sem allur hópurinn hittist og fór yfir stöðu

verkefnisins og næstu skref.

SJÁ er þátttakandi og heldur utan um verkefnið af hálfu Háskólans á Akureyri.

Verkefnið hlaut veglegan styrk frá Erasmus+ árið 2020.

Í lok árs 2021 var skrifað undir samning um samstarfsverkefnið *BRIDGING – Bridging university to schools by ocean science*, sem er samstarf HA við University of Algarve í Portúgal og snýr að þróun á sjávarfangsskóla fyrir skólabörn í suðurhluta Portúgal, með Sjávarútvegsskóla unga fólksins og Fiskeldisskóla unga fólksins að fyrirmynd.

SJÁ er þátttakandi og heldur utan um verkefnið af hálfu Háskólans á Akureyri.

Um er að ræða tveggja ára verkefni sem hlaut styrk úr EEA-sjóði.

Forstöðumaður SJÁ annaðist bókhald fyrir félagið Konur í sjávarútvegi. Sú vinna og vinnuaðstaða er stuðningur Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar við félagið.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Austurlandi fór fram á Vopnafirði og Fáskrúðsfirði, í Neskaupstað, á Eskifirði og á Seyðisfirði. Nemendur voru 71 talsins.

Aðalstyrktaraðilar voru Síldarvinnslan hf., Brim hf., Loðnavinnslan hf. og Eskja hf. en auk þess styrktu skólann sveitarfélagið Múlaþing, Hafnarsjóður Fjarðabyggðar og Vopnafjarðarhreppur. Þá komu Björgunarsveitir byggðarlaganna að verkefninu.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Norðurlandi fór fram á Akureyri, Dalvík og Grenivík. Nemendur voru samtals 200. Vegna fjölda þátttakenda frá Akureyri var kennt þar í sex vikur, þar af var tvísetið í tvær vikur. Aðalstyrktaraðili var Samherji hf., en auk þess styrktu skólann Kælismiðjan Frost ehf., Gjögur hf., Sæplast Iceland ehf., Fóðurverksmiðjan Laxá hf. og Frosti ehf.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins í Reykjavík var haldinn í annað skipti sumarið 2021. Nemendur voru 76 talsins. Aðalstyrktaraðilar voru Brim hf., Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. og Iceland Seafood ehf.

Einnig veittu styrki Marel Iceland ehf., Faxaflóahafnir sf., Samhentir kassagerð ehf. og Samskip innanlands ehf.

SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Sauðárkróki var kenndur í annað sinn sumarið 2021 með 13 nemendum. Styrktaraðilar voru FISK-Seafood ehf., Dögun ehf., Fiskmarkaður Íslands hf., Fiskmarkaður Snæfellsness ehf. og Hafnarsjóður Skagafjarðar.

Fiskeldisskóli unga fólksins

Fiskeldisskóli unga fólksins starfaði í fyrsta skipti sumarið 2021 og fór fram á Patreksfirði og á Djúpavogi. Nemendur voru samtals 22 talsins. Frá Patreksfirði voru farnar vettvangsferðir til Bíldudals og á Tálknafjörð. Styrktaraðilar í Vesturbyggð voru Arnarlax ehf., Arctic Fish ehf., Vestriða ehf., Oddi hf., og sveitarfélagið Vesturbyggð.

Styrktaraðilar á Djúpavogi voru Laxar fiskeldi ehf., Fiskeldi Austfjarða hf., sveitarfélagið Múlaþing og Egersund ehf.

Önnur helstu verkefni

Árið 2021 gerði Sjávarútvegsmiðstöðin úttekt á fullvinnslu á afurðum frá fiskeldi og hvaða tækifæri gætu skapast fyrir íslenskt atvinnulíf með því að flaka eldisfisk í landvinnslu og vinna vörur úr hliðarafurðum hans. Verkefnið var unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Því lauk með skýrslunni Fullvinnsla fiskeldisafurða – yfirlit yfir stöðu og tækifæri.

Sjávarútvegsmiðstöðin fékk styrk frá Rannsóknarsjóði Síldarútvegsins að upphæð kr. 3.000.000 til að vinna verkefnið *Hafsjór spurninga*. Þar er um að ræða hönnun á smáforriti og spurningaleik sem ætlaður er grunnskólanemendum og fjallar um hafið og auðlindir þess. Verkefnið verður unnið í samstarfi við kennara Naustaskóla á Akureyri og nemendur í tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri. Verklök eru fyrirhuguð á vordögum 2022.

Sjávarútvegsmiðstöðin er í samstarfi við Þekkingarsetur Vestmannaeyja og dr. Hólmfríði Sveinsdóttur verkefnisstjóra, fyrir hönd Þekkingarsetursins, til að koma á laggirnar Líftækniskóla unga fólksins í Vestmannaeyjum, með Sjávarútvegs- og Fiskeldisskóla unga fólksins sem fyrirmyndir.

Starfsfólk

Eitt fast stöðugildi er við Sjávarútvegsmiðstöðina, þ.e. starf forstöðumanns, Guðrúnar Arndísar Jónsdóttur.

Átta nemendur í sjávarútvegsfræði og líftækni við HA, ýmist enn í námi eða brautskráðir, voru ráðnir tímabundið vegna Fiskeldis- og Sjávarútvegsskóla unga fólksins og vinnu við *BRIDGES CoVE* verkefnið. Einn brautskráður nemandi úr sjávarútvegsfræði var ráðinn tímabundið til aðstoðar við vinnslu á sérverkefni.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Rannsóknamiðstöð ferðamála er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. RMF sinnir viðfangsefnum á sviði ferðamála-rannsókna í tengslum við atvinnulíf og innlenda sem erlenda háskóla. Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands.

RMF kom að mörgum fjölbreyttum rannsóknarverkefnum og tók þátt í samstarfi rannsakernda á ýmsum sviðum. Meginstarfsemi RMF fólst sem fyrr í gagnasöfnun, úrvinnslu og skýrsluskrifum. Erlend samstarfsverkefni héldu áfram að setja svip sinn á starfið á árinu með fjölbreyttum viðfangsefnum á borð við krísustjórnun ferðaþjónustufyrirtækja, móttökusvæði skemmtiskipa og áhrif og nýtingu poppmenningar í ferðaþjónustu.

Dagana 21.–23. september stýrði RMF 29. ráðstefnunni í ráðstefnuröð norræna ferðamálarannsakernda, Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research, undir yfirskriftinni *Shaping mobile futures: Challenges and possibilities in precarious times*. Halda átti ráðstefnuna í Háskólanum á Akureyri en vegna Covid-19 faraldursins var ákveðið með fjögurra vikna fyrirvara að færa hana alfarið yfir á rafrænt form. Ráðstefnan var haldin á fjárfundabúnaðinum Zoom og tóku 205 manns þátt.

Flestir þátttakendur komu frá Norðurlöndunum en aðrir komu frá öðrum Evrópulöndum, Norður-Ameríku og Japan. Á ráðstefnunni voru haldin 157 erindi í 31 málstofu og auk þess fjórar vinnustofur með 15 erindum. Þrjú lykilyrilestrar voru fluttir af þeim dr. Penelope Harvey frá University of Manchester, dr. Edward Huijbens frá Wageningen University og dr. Outi Rantala frá University of Lapland.

Þær breytingar urðu á starfslíði RMF að Ása Marta Sveinsdóttir hóf störf hjá rannsóknamiðstöðinni í ársbyrjun og RMF fékk tvo starfsmenn til sín.

Alina Bavykina, meistaranemi frá Uppsala Universitet á Gotlandi í Svíþjóð, var í sínu starfsnámi á Akureyrarskrifstofu RMF, en starfsnám Clay Appell, meistaranema frá University of Prince Edward Island í Kanada, fór fram rafrænt sökum ferðatakmarkana.

Þar að auki komu sex starfsmenn inn í sérverkefni eða sem sumarstarfsmenn á árinu. Anna Vilborg Einarsdóttir, lektor við ferðamálaeild Háskólans á Hólum, og Magdalena Falter

unnu að rannsókn á áhrifum fyrirhugaðrar tilfærslu Hringveggar um Mýrdal á Suðurlandi. Verkefnið var unnið fyrir Vegagerðina og stýrt af RMF. Um sumarið unnu Ragnhildur Pétursdóttir og Kristófer Orri Guðmundsson, nemendur við Háskóla Íslands, að verkefninu *Kóvið tæklað – Rannsókn á bjargráðum í ferðaþjónustu*, en verkefnið hlaut styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Auk þess vann Elva Dögg Pálsdóttir að gerð spurningakönnunar fyrir viðhorfskannanir meðal ferðamanna á áfangastöðum Vörðu, en Varða er samstarfsverkefni um ferðamannastaði á vegum ríkisins. Einnig vann Kolbrún Reynisdóttir að undirbúningi nýs fræðitímarits um ferðamál.

Starfsfólk RMF á árinu 2021:

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður
Ása Marta Sveinsdóttir sérfræðingur
Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur
Íris Hrund Halldórsdóttir sérfræðingur
Vera Vilhjálmsdóttir sérfræðingur
Þórný Barðadóttir sérfræðingur
Anna Vilborg Einarsdóttir sérverkefni
Magdalena Falter sérverkefni
Elva Dögg Pálsdóttir sumarstarfsmaður
Kristófer Orri Guðmundsson sumarstarfsmaður
Kolbrún Reynisdóttir sumarstarfsmaður
Ragnhildur Pétursdóttir sumarstarfsmaður
Alina Bavykina starfsmeni
Clay Appell starfsmeni

Í árslok 2021 sátu í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

Ásta Dís Óladóttir, frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar
Bragi Guðmundsson, frá Háskólanum á Akureyri
Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, frá Háskólanum á Akureyri
Rannveig Ólafsdóttir, frá Háskóla Íslands
Ingibjörg Sigurðardóttir, frá Háskólanum á Hólum
Vilborg Helga Júlíusdóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar
Oddný Þóra Óladóttir, frá Ferðamálastofu.

Aðalfundur stjórnar RMF var haldinn 19. ágúst í Grósku – hugmyndahúsi í Reykjavík. Sú breyting varð á stjórn RMF í byrjun árs að Ásta Dís Óladóttir, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, tók við formennsku af Guðrúnu Pétursdóttur, sem lét af störfum um áramótin. Rannveig Ólafsdóttir var í leyfi frá stjórnarstörfum á árinu og kom Katrín Anna Lund, prófessor í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands, inn í hennar stað.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



Rannsóknaverkefni ársins

Verkefni	Verkefnastjórar
<i>Aðlögunarhæfni og seigla í ferðaþjónustu: Hvernig á að mæta áföllum?</i>	Íris H. Halldórsdóttir
<i>Áhrif Airbnb gestgjafa á staðbundin hagkerfi á norðurlóðum: Neyslumynstur, frumkvöðlastarfermi og sjálfbærni</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Vera Vilhjálmisdóttir
<i>ACT – Áhrif skemmtiskipaumferðar á náttúru, efnahag og menningu norðurlóða</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Þórný Barðadóttir
<i>Gerð spurningakönnunar fyrir ferðamenn á áfangastöðum Vörðu</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
<i>Gildi og nýting minjastaða</i>	Vera Vilhjálmisdóttir
<i>Kínverskir ferðamenn á Íslandi: Upplifun og reynsla íslenskra ferðaþjónustuaðila</i>	Vera Vilhjálmisdóttir
<i>MBT – Kortlagning helstu ferðaleiða: Líkanagerð um staðbundna neyslu skemmtiskipafarþega</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Þórný Barðadóttir
<i>OUTPACE – Poppmenning í ferðaþjónustu</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Vera Vilhjálmisdóttir
<i>Sjálfbær móttökusæði skemmtiskipa á norðurlóðum: Frá starfsháttum til stýringar</i>	Ása Marta Sveinsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Þórný Barðadóttir
<i>T-Crisis NAV – Leiðsögn lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ferðaþjónustu í gegnum krísu</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Íris Hrund Halldórsdóttir
<i>Tilfærsla Hringvegjar um Mýrdal</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
<i>Vetraráfangastaðurinn Akureyri</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Nánari lýsingar á verkefnum er að finna í ársskýrslu á vef RMF www.rmfi.is.
Þar gefur enn fremur að líta yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra, erindi, ráðstefnur, málþing o.fl.



SAMNINGAR

Í skránni er getið nokkurra helstu samninga sem Háskólinn á Akureyri gerði á árinu. Fyrst er getið um samningsaðila, þá eðli samnings og síðast dagsetningu undirritunar.

Auk þess gera deildir og svið samstarfssamninga fyrir hönd skólans, meðal annars við erlendar stofnanir og háskóla. Miðstöð alþjóðasamskipta við Háskólann á Akureyri gerir fjölda samninga við erlendar menntastofnanir. Rannsóknastofnun HA – RHA og Miðstöð skólaþróunar við HA – MSHA gera samninga um sérfræðiverkefni

- Stúdía ehf.: *Verksamningur, tæknipjónusta*. 13. janúar 2021.
- Háskóli Íslands, Menntavísindasvið: *Samningur við Háskólann á Akureyri, Miðstöð skólaþróunar, um starfsþróunarverkefnið Námsamfélag leiðtoga um allt land*. 18. janúar 2021.
- N4 ehf. sjónvarp og prentmiðill: *Samningur um umfjöllun og birtingar 2021*. 25. janúar 2021.
- Mýsilica: *Samstarfssamningur með Háskólanum á Akureyri, Auðlindadeild Viðskipta- og raunvísindasviðs. Samningur um rannsóknaraðstöðu við HA*. 1. febrúar 2021.
- Promennt ehf.: *Þjónustusamningur um próftöku í húsnæði Promennt ehf.* 18. febrúar 2021.
- Promennt ehf.: *Vinnlusamningur, gögn í tengslum við próftöku í húsnæði Promennt ehf.* 18. febrúar 2021.
- Háskólasetur Vestfjarða: *Þjónustusamningur um próftöku í húsnæði Háskólaseturs Vestfjarða*. 22. febrúar 2021.
- Háskólasetur Vestfjarða: *Vinnlusamningur, gögn í tengslum við próftöku í húsnæði Háskólaseturs Vestfjarða*. 22. febrúar 2021.
- Háskólafélag Suðurlands: *Þjónustusamningur um próftöku í húsnæði Háskólafélags Suðurlands*. 23. febrúar 2021.
- Háskólafélag Suðurlands: *Vinnlusamningur, gögn í tengslum við próftöku í húsnæði Háskólafélags Suðurlands*. 23. febrúar 2021.
- Mímir-símenntun: *Þjónustusamningur um próftöku í húsnæði Mímis-símenntunar*. 23. febrúar 2021.
- Mímir-símenntun: *Vinnlusamningur, gögn í tengslum við próftöku í húsnæði Mímis-símenntunar*. 23. febrúar 2021.
- Nýheimar – þekkingarsetur: *Þjónustusamningur um próftöku í húsnæði Nýheima – þekkingarseturs*. 1. mars 2021.
- Nýheimar – þekkingarsetur: *Vinnlusamningur, gögn í tengslum við próftöku í húsnæði Nýheima – þekkingarseturs*. 1. mars 2021.
- Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja: *Þjónustusamningur um próftöku í húsnæði Visku*. 2. mars 2021.
- Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja: *Vinnlusamningur, gögn í tengslum við próftöku í húsnæði Visku*. 2. mars 2021.
- Instructure Global Ltd: *Þjónustusamningar*. 11. mars 2021 og 5. júlí 2021.
- Arctic Therapeutics ehf.: *Samstarfsyfirlýsing með Háskólanum á Akureyri, Viðskipta- og raunvísindasviði. Samstarf á sviði lyfjaþróunar Arctic Therapeutics*. 15. mars 2021.
- DRIEAM: *Samningur um námskeiðsmat fyrir Símenntun Háskólans á Akureyri*. 13. apríl 2021.
- Qualtrics XM : *Verksamningur, tæknipjónusta*. 14. apríl 2021.
- Ernst & Young AS: *Samningur um vinnustofu í tengslum við Græn skref*. 30. apríl 2021.
- Instructure Global Ltd.: *Samningur um Canvas-kerfið*. 5. maí 2021.
- Starfsmenntasjóður Samtaka atvinnulífsins og Sambands stjórnendafélaga: *Samningur um rektstur og umsýslu stjórnendanáms*. 19. maí 2021.
- Utanríkisráðuneytið: *Framlenging á samningi um stöðu rannsóknarprófessors, Nansensstöðunnar, fyrir árið 2021*. 1. júní 2021.
- 1819 – Nýr valkostur ehf.: *Þjónustusamningur um símsvör*. 29. júlí 2021.
- Síminn hf. og Míla ehf.: *Samningur um yfirfærslu réttinda og skyldna Símans hf. (skv. samningi HA og Símans hf.) til Mílu ehf.* 16. ágúst 2021.
- Hemp Pack ehf.: *Samstarfsyfirlýsing með Háskólanum á Akureyri, Viðskipta- og raunvísindasviði. Samningur um rannsóknaraðstöðu við HA*. 16. ágúst 2021.
- Háskóli Íslands, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum: *Samningur um Rannsóknarmiðstöð ferðamála*. 19. ágúst 2021.
- Blíðfari ehf.: *Samningur um notkun rannsóknarskipisins Einar í Nesi EA-043*. 15. september 2021.
- Ölfus Cluster, þekkingarsetur: *Viljayfirlýsing um stofnaðild að þekkingarsetrinu*. 23. september 2021.
- Sjávarútvegsskóli GRÓ – FTP: *Samningur um Sjávarútvegsskóla Gró á Akureyri skólaárið 2021–2022*. 15. október 2021.
- Félagsstofnun stúdenta á Akureyri: *Samningur um rektstur námsmannaíbúða*. 17. október 2021.
- Stúdentafélag Háskólans á Akureyri: *Samningur um hagsmunagæslu og félagsstarf í þágu stúdenta HA*. 25. nóvember 2021.
- Universitdade do Algarve: *Samstarfssamningur, Bridging: Bridging university to schools by ocean science*. 11. desember 2021.
- NORDUnet A/S: *Samningur um Panopto-kerfið*. 14. desember 2021.
- Símenntun HA og Viðskipta- og raunvísindasvið HA: *Samningur um nám á meistarastigi*. 22. desember 2021.
- Íslandshotel hf.: *Fyrirtækjasmningur 2021*.
- Listaháskóli Íslands: *Samningur um samstarf skólaárið 2021–2022*.

EITT OG ANNAÐ

Dagur leikskólans 6. febrúar



Anna Elísa Hreiðarsdóttir í leiksmíðu barna á 30 ára afmæli háskólans 2017.


Frá árinu 2008 hefur verið haldið upp á Dag leikskólans þann 6. febrúar hér á landi.

Dagurinn er tileinkaður fyrsta skólastiginu og málefnum þeirra sem mynda leikskólasamfélagið. Um árabíl hefur Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor við Kennaradeild, haft veg og vanda af skipulagningu málþings í Háskólanum á Akureyri þennan dag.


Árið 2021 fór málþingið fram 4. febrúar og var yfirskriftin *Við erum öll að gera okkar besta, leikskólinn og Covid-19*. Það var haldið rafrænt og í streymi. Háskólinn á Akureyri hefur menntað leikskólakennara frá árinu 1996.

Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra. Sjötti febrúar var valinn vegna þess að þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara hér á landi fyrstu samtök sín.

Á Degi leikskólans er jafnan veitt viðurkenningin Orðsporið fyrir framlag í þágu leikskóla og leikskólabarna. Árið 2021 kom viðurkenningin í hlut leikskólastigsins.



Sýnatökufærð á Hofsjökli. Hér er verið að bora snjókjarna sem inniheldur úrkomu vetrarins 2018–2019.



Það er tímafrekt að einangra plast úr sýnum. Á myndinni er sýnt úr botni Eyjafjarðar í vinnslu, en þar má greina örplast sem flytur á yfirborði vökvans.

Plastmengun á norrænum slóðum, örplast í íslensku umhverfi allt frá því fyrir 1950

Í mars var haldin alþjóðleg, rafræn ráðstefna undir yfirskriftinni *Plastics in the Arctic and the Sub-Arctic Region*. Ráðstefnan var á vegum ríkisstjórnar Íslands og norrænu ráðherranefndarinnar, í tengslum við formennsku Íslands í ráðherranefndinni.

Meðal þátttakenda var Ásta Margrét Ásmundsdóttir, efnafraeðingur og aðjúnkt við Auðlindadeild. Hún tók þátt í málstofunni *Microplastics, methods and monitoring* og var titill framlags hennar *Microplastics occurrence and composition in drinking water from an Icelandic urban area*.

Einnig sat Ásta í pallborði í málstofunni *Occurrence of plastic in the Arctic*, og flutti hún þá jafnframt fyrirlesturinn *First record of the occurrence and composition of microplastics in sediments in Eyjafjörður, Iceland*.

Ásta Margrét stundar rannsóknir á örplasti (plastagnir sem eru < 5 mm að stærð) í samstarfi við aðrar rannsóknarstofnanir, m.a. norsku stofnunina NORCE, Háskóla

Íslands og Veðurstofu Íslands. Rannsóknirnar hafa leitt í ljós að plastmengun er víða í náttúru Íslands. Sem dæmi hefur Ásta Margrét og samstarfsfólk hennar mælt töluverða örplastmengun á Hofsjökli sem bendir til þess að örplast geti borist til afskektra svæða með loftstraumum.

Í annarri rannsókn hópsins greindist örplast í setkjörnum úr Haukadalsvatni sem rekja má til árana 1940–1950.

Þessi niðurstaða sýnir okkur að plastmengun má rekja allt aftur til þess tíma þegar plastnotkun varð almenn. Margt á eftir að koma í ljós um skaðleg áhrif örplasts á lífverur, þar með talið fólk.

EITT OG ANNAÐ



Frumkvöðlar í norðurslóðasamstarfi

Þann 12. maí veitti Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, Þorsteini Gunnarssyni, sérfræðingi og fyrrverandi rektor HA, og Níels Einarssyni, forstöðumanni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, viðurkenningar fyrir ótult starf í þágu Norðurslóða.

Tilfnið var 20 ára afmæli Háskóla norðurslóða, University of the Arctic – UArctic.

Árleg ráðstefna UArctic átti að fara fram á Akureyri en var þess í stað haldin rafrænt dagana 15. – 18. maí.

Þorsteinn Gunnarsson var rektor Háskólans á Akureyri frá 1994 – 2009 og á hann stóra hlutdeild í uppbyggingu norðurslóðasamstarfs á sviði mennta og vísinda á Íslandi. Sem rektor lagði Þorsteinn grunninn að þeirri miðstöð norðurslóða sem varð til á Akureyri og hefur hann haldið áfram að starfa í málaflokknum af mikilli hugsjón. Má í því samhengi nefna Vísindaviku norðurslóða, en Þorsteinn hafði veg og vanda af því að leiða það verkefni á síðasta ári.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar starfar samkvæmt lögum nr. 81/1997. Stofnuninni er ætlað innlent og alþjóðlegt hlutverk viðvíkjandi rannsóknum, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samvinnu á sviði sjálfbærrar þróunar og umhverfismála á Norðurslóðum. Stofnunin heyrir undir umhverfisráðuneytið.



Grænu kennsluverðlaunin veitt í fyrsta sinn

Með þátttöku í Grænum skrefum og Grænfánaverkefninu hefur háskólinn sett umhverfissjónarmið á dagskrá í öllu starfi skólans. Grænu kennsluverðlaunin eru veitt kennurum sem vekja sérstaka athygli á umhverfismálefnum í námskeiðum sínum.

Fyrstu handhafar grænu kennsluverðlaunanna við HA eru Brynhildur Bjarnadóttir, dósent við Kennaradeild, og Rachael Lorna Johnstone, prófessor við Lagadeild.

Brynhildur fékk verðlaunin fyrir námskeiðið *Raunvísindi í námi og leik*, þar sem unnið er með hugtakið sjálfbærni í viðum skilningi. Rachael fékk verðlaunin fyrir *Inngangsnámskeið í norðurslóðafræði* fyrir stúdenta í heimskautafræði og námskeiðið *Norðurskautsráðið að störfum*, en þar eiga stúdentar í samskiptum við aðra af norðurheimskautssvæðinu.

Yvonne Höller, formaður umhverfisráðs, afhenti verðlaunin.

EITT OG ANNAÐ

Brautskráning fór fram á Háskólahátíð sem haldin var 11. og 12. júní

Þann 11. júní voru brautskráðir kandiðatar úr framhaldsnámi á öllum fræðasviðun-um. Daginn eftir voru tvær brautskráningarathafnir, annars vegar fyrir Heilbrigðisvísindasvið og Viðskipta- og raunvísindasvið saman, og hins vegar fyrir Hug- og félagsvísindasvið.

Athöfnunum var streymt á Facebook og á YouTub-rás háskólans. Ekki var hægt að taka á móti gestum eins og venjan er, en að athöfnum loknum komu kandiðatar saman á sínum fræðasviðum.



Frá brautskráningu kandiðata af framhaldsstigi 11. júní.



Heiðursverðlaunahafi Góðvina úr hópi kandiðata úr framhaldsnámi var Heiða Björg Guðjónsdóttir, MT í kennarafræðum, Hug- og félagsvísinda-sviði. Til vinstri er Einar Brynjólfsson, formaður Góðvina, og til hægri Eyjólfur Guðmundsson rektor.



Þórey Erla Erlingsdóttir, BS í hjúkrunarfræði, og Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir, BS í viðskiptafræði, hlutu heiðursverðlaun Góðvina á brautskráningu úr grunnnámi 12. júní.

EITT OG ANNAÐ



Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, BA í lögfræði, flutti erindi kandidateis af Hug- og félagsvísindasviði 12. júní.



Marianna Margeirsdóttir, BS í viðskiptafræði, flutti erindi kandidateis á Viðskipta- og raunvísindasviði 12. júní.



Sigríður Arna Lund, kandidateis í diplómanámi til starfsréttinda í iðjuþjálfun, flutti ræðu kandidateis á brautskráningaráhátíð framhaldsnema 11. júní.



Hanna Birna Valdimarsdóttir, BS í iðjuþjálfunarfræði, flutti ræðu kandidateis á Heilbrigðisvísindasviði 12. júní.



Kolbrún Benediktisdóttir varasóknari var heiðursgestur Háskólahátíðar.



Brautskráning á tímum heimsfaraldurs.



EITT OG ANNAÐ



Brautskráning á Hrafnseyri á Þjóðhátíðardaginn

Þann 17. júní var haldin Háskólahátíð Háskólaseturs Vestfjarða á Hrafnseyri.

Þar brautskráðust átta kandiðatar úr haf- og strandsvæðastjórnun og tveir fyrstu kandiðatarnir úr sjávarbyggðafraeði, en sú námsbraut var sett á fót haustið 2019.

Eyjólfur Guðmundsson rektor tók þátt í athöfninni í sjöunda sinn. Hrafnseyri við Arnarfjörð er fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar og þar er menningarsetur í hans nafni. Brautskráningarathöfn Háskólaseturs Vestfjarða fer fram í tengslum við þjóðhátíðardagskrá á staðnum.

Náms- og starfsráðgjöf – NSHA

Markmið Náms- og starfsráðgjafar er að þjónustan sé öllum stúdentum aðgengileg óháð staðsetningu. Árið 2021 nýttu stúdentar sér þjónustuna meira en áður. Mikil aukning hefur orðið á eftirspurn eftir þjónustu Náms- og starfsráðgjafar þau tvö ár sem Covid-19 faraldurinn hefur staðið yfir og til að mæta því hefur starfsemin verið efl. Þá hefur samstarf NSHA og Stúdentafélags Háskólans á Akureyri styrkst verulega.



Stúdentar geta bókað tíma hjá ráðgjafa á nýrri bókunarsíðu á vef háskólans og valið viðtalsformið, þ.e. að vera á staðnum eða á Teams. Sálfræðiþjónusta NSHA hefur þróast, og er stúdentum bæði boðið upp á hópnámskeið og einstaklingsviðtöl.

Ráðgjafar og sálfræðingur NSHA héldu ýmis námskeið fyrir stúðenta, til dæmis sjálfstyrkingarnámskeið og námskeið fyrir þau sem fást við prófkvíða. Einnig var boðin hugræn atferlismeðferð. Enn fremur voru reglulega fluttir stuttir fyrirlestrar um afmörkuð efni. Námskeiðin og fyrirlestrarnir voru nokkuð vel sótt. NSHA lagði aukna áherslu á notkun samfélagsmiðla og voru námskeiðin oftast í beinu streymi.

Á haustmisseri var starfsfólki háskólans boðið á kynningu á starfi Náms- og starfsráðgjafar, sem og til samtals um jákvæð samskipti við stúðenta. Það var ánægjulegt að fá tækifæri til að hittast, ræða saman og styrkja tengsl NSHA innan skólans.

Fjórir starfsmenn eru við Náms- og starfsráðgjöf. Árný Þóra Ármannsdóttir er forstöðumaður og María Jónsdóttir og Ólína Freysteinsdóttir eru náms- og starfsráðgjafar. Ólína er einnig fjölskylduráðgjafi. Einar Kristinnson er sálfræðingur við NSHA.

EITT OG ANNAÐ



Frá vinstri: Eyjólfur Guðmundsson, Agnes Eyfjörð Kristinsdóttir, Steingrímur Jónsson, Sigfríður Inga Karlsdóttir, Finnbogi Rútur Þormóðsson, Sigrún Magnúsdóttir og Hafdís Skúladóttir.

Ársfundur Háskólans á Akureyri, komið undan Kófinu í bili

Ársfundur háskólans var haldinn 23. júní. Á dagskrá voru hefðbundin ársfundarstörf. Gestur fundarins var Yvonne Höller, formaður umhverfisráðs HA, og í erindi sínu sagði hún frá hinum ýmsu stóru umhverfisverkefnum sem háskólinn vinnur að.

Rektor heiðraði starfsfólk sem starfað hafði við skólann í 30 ár eða lengur. Þau voru:

Agnes Eyfjörð Kristinsdóttir, verkefnastjóri bókhalds
Astrid Margrét Magnúsdóttir, forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu
Ása Guðmundardóttir, skrifstofustjóri Viðskipta- og raunvísindasviðs
Hafdís Skúladóttir lektor
Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent
Sigfríður Halldórsdóttir prófessor
Steingrímur Jónsson prófessor.

Einnig kvaddi rektor starfsfólk sem lét af störfum vegna aldurs. Þau voru:

Finnbogi Rútur Þormóðsson prófessor
Kristjana Fenger lektor
Sigrún Magnúsdóttir sérfræðingur,
fyrirverandi gæðastjóri HA
Rúnar Sigþórsson prófessor.

Alþjóðlegt námskeið í iðjuþjálfun haldið í háskólanum

Í byrjun nóvember var haldið við háskólann fimm daga Nordplus-námskeið fyrir iðjuþjálfanema undir yfirskriftinni *Occupation-based perspective in social inclusion*. Þátttakendur voru 27 talsins og komu frá tíu háskólum í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi og Íslandi. Iðjuþjálfunarfræðideild stóð fyrir námskeiðinu í samvinnu við samstarfsnetið *Occupational Therapy in Nordic and Baltic countries*.



EITT OG ANNAÐ

Aftur nýnemadagar á hákólasvæðinu, og líka í streymi

Nýnemadagar 23. – 27. ágúst fóru fram á hákólasvæðinu, og nýnemar voru um 1.150 talsins að þessu sinni. Að venju skiptist stúdentahópurinn eftir fræðasviðum. Allir fengu almenna kynningu á skólanum, sviðinu, stoðþjónustunni, námsumhverfinu og umhverfismálum. Síðan skiptust stúdentar í hópa eftir deildum fyrir frekari kynningu. Stúdentafélag háskólans tók þátt í að bjóða nýja nemendur velkomna.

Síðasta daginn fór fram móttaka skiptinema og nýnema í heimskautarétti.

Fastur liður á nýnemadögum er hringing Íslandsklukkunnar. Að þessu sinni var hringjari Hrafn Jónsson, nýnemi í iðjuþjálfunarfræði.

Nýnemadagarnir tókust mjög vel. Þeir voru skipulagðir í samræmi við sóttvarnareglur eins og allir viðburðir háskólans á öðru ári heimsfaraldursins.



Nansensstaðan við Háskólann á Akureyri í tíu ár



Þann 29. september 2011 undirrituðu utanríkisráðherrar Noregs og Íslands, Jonas Gahr Støre og Össur Skarphéðinsson, viljayfirlýsingu um rannsóknarsamstarf landanna tveggja á sviði heimskautafraeða. Hluti af samningnum er staða rannsóknarprofessors í norðurslóðafraeðum við Háskólann á Akureyri. Staðan er kennd við norska heimskautafraeðinginn Fridtjof Nansen. Nansensstaðan er veitt tímabundið framúrskarandi vísindamanni á sviði norðurslóðafraeða. Þessi hafa gegnt Nansensstöðunni:

2013 – 2014	Natalia Loukacheva
2014 – 2015	Astrid Ogilvie
2015 – 2017	Jessica Shadian
2017 – 2019	Gunhild Hoogensen Gjørn
2019 –	Gunnar Rekvig

EITT OG ANNAÐ



Rúnar Gunnarsson, forstöðumaður Miðstöðvar alþjóðasamskipta, og Eyjólfur Guðmundsson rektor.

Arctic Circle Assembly – Hringborð norðurslóða

Háskólinn á Akureyri tók virkan þátt í Arctic Circle-ráðstefnunni sem fór fram í Hörpu í Reykjavík 13. – 17. október. Var þetta fyrsta stóra, alþjóðlega ráðstefnan sem haldin var í Evrópu frá því að Covid-19 faraldurinn hófst. Þátttakendur í viðburðum voru rannsakendur af öllum þremur fræðisviðum háskólans, stúdentar, rektor, forstöðumaður Miðstöðvar alþjóðasamskipta og Gunnar Rekvig, sem gegndi stöðu Nansenprófessors.

Þar að auki starfaði við ráðstefnuna stór hópur sjálfboðaliða frá HA úr röðum stúdenta og skiptinema.

Opnir dagar í Háskólanum á Akureyri 28. og 29. október

Opnir dagar voru haldnir á staðnum en þó með breyttu sniði frá því síðast. Í stað langra kynninga í hátíðarsal var ákveðið að bjóða upp á bása fyrir hverja námsbraut, eins konar Menntatorg, þar sem gestir gátu kynnt sér það sem þeir höfðu áhuga á. Stúdentar stóðu sig með miklum sóma og voru básarnir hver öðrum glæsilegri.

Opnir dagar eru árlegur viðburður. Þar fer fram kynning á náminu við háskólann, stoðþjónustunni og starfi Stúdentafélagsins. Námskynningin er að langmestu leyti í höndum stúdenta.



EITT OG ANNAÐ

Ný staða rannsóknarprófessors í byggðafræði við HA

Hug- og félagsvísindasvið HA og Þóroddur Bjarnason prófessor hafa gert með sér samning um tímabundna stöðu rannsóknarprófessors í byggðafræði. Um er að ræða hlutastarf. Verkefni rannsóknarprófessors í byggðafræði eru til dæmis öflun rannsóknarstyrkja til samstarfsverkefna á sviði byggðafræði, þátttaka Íslands og aðild HA í ráðstefnum á sviði byggðafræði, athugun á möguleikum á samkenntu eða sameiginlegum prófgráðum í byggðafræði við HA og HÍ, og kennsla og leiðbeining stúdenta á sviði byggðafræði við HA.

Samningurinn er gerður á grunni reglna um akademísk gestastörf við Háskólann á Akureyri.



Rafrænt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Í tilefni af alþjóðlegu 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi voru fluttir tíu rafrænir hádegisfyrirlestrar á vegum Háskólans á Akureyri. Fyrirlesarar voru jafnmargir og úr ýmsum áttum. Frumkvæðið átti Sigrún Sigurðardóttir, dósent á Heilbrigðisvísindasviði, og hún var ein fyrirlesaranna, en Sigrún er í forsvari fyrir Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi, sem starfrækt er í tengslum við Heilbrigðisvísindasvið.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi stendur árlega frá 25. nóvember, sem er alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi gegn konum, og til 10. desember, sem er alþjóðlegur mannréttindadagur.

Hér á landi er það Mannréttindaskrifstofa Íslands sem stendur fyrir áttakinu og hvetur til þátttöku í því.

Háskólinn á Akureyri á fulltrúa meðal fyrstu félaganna í Kennsluakademíu opinberu háskólanna

Kennsluakademía opinberu háskólanna var stofnsett þann 1. nóvember 2020 með stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Fyrstu ellefu félagarnir voru teknir inn í akademíuna eftir umsóknarferli og mat alþjóðlegrar matsnefndar. Á meðal þeirra var Sean Michael Scully, aðjúntk við Viðskipta- og raunvísindasvið.

Kennsluakademía opinberu háskólanna er sjálfstæður hópur kennara sem nýtur stuðnings miðlægrar stjórnsýslu háskólanna. Hún á sér hliðstæðu á hinum Norðurlöndunum. Hlutverk akademíunnar er meðal annars að efla umræður um kennsluþróun og góða kennsluhætti innan háskólasamfélagsins, og að koma að faglegri skipulagningu kennsluþróunarráðstefna og útgáfu.



Sean Michael Scully var enn fremur skipaður í stjórn Kennsluakademíunnar til tveggja ára frá og með janúar 2022.

EITT OG ANNAÐ

Fimmta Græna skrefið í hús hjá Háskólanum á Akureyri og Grænáninn í fjórða sinn



Þann 5. desember fékk Háskólinn á Akureyri staðfestingu á því að fimmta og síðasta Græna skrefinu væri náð. Grænu skrefin eru verkefni fyrir ríkisstofnanir til að draga úr neikvæðum áhrifum af starfsemi þeirra og auka þekkingu starfsfólks á umhverfismálum. Allar ríkisstofnanir eiga að taka þátt í því.

Grænu skrefin eru fimm. Innan hvers þeirra er listi yfir aðgerðir eða þrep á sviði umhverfismála sem þarf að ná. Aðgerðirnar eru misvel sýnilegar. Flestir þekkja til sorpflokkunar, samgöngusamninga, rafrænna samskipta og fjarfunda, plokkdags, plastlauss september, bílastæða fyrir umhverfisvæn farartæki og stefnumótunar

á borð við umhverfis- og samgöngustefnu. Færri vita líklega um grænt bókhald, innkaupastefnu og ýmsar orkusparandi aðgerðir í rekstri fasteigna. Allar eru aðgerðirnar hugsaðar sem breyting til framtíðar og miða þær að því að minnka vistspor háskólans. Þegar fimmta skrefinu er náð tekur við eftirfylgni. Hún felur í sér frekari markmiðasetningu og að fylgst er með framvindu mála reglulega.

Hægt verður að sækja um ISO 14001, alþjóðlega vottun fyrir umhverfisstjórnunarkerfi.

Umhverfisráð HA leiðir verkefnið innan háskólans og einnig Grænánaverkefnið. Háskólinn fékk Grænánann afhentan í fjórða skipti árið 2021.

Háskólinn á öðru ári Covid-19 faraldursins

Árið byrjaði og endaði með almennum 20 manna samkomutakmörkum og tveggja metra fjarlægðarmörkum milli einstaklinga. Sérstakar reglur giltu um starfsemi háskóla þar til í lok maí. Starfsemi háskólans var löguð að gildandi reglum hverju sinni.

Inn á milli var þó létt á takmörkunum þannig að hægt var að halda viðburði á háskólasvæðinu, til dæmis Háskólahátíð í júní, nýnemadaga í ágúst og jólaboð starfsfólks í desember. Viðburðir fóru fram í samræmi við sóttvarnarreglur, og fyrir jólaboðið bauð háskólinn upp á hraðpróf.

Almenn kennsla var að mestu rafræn allt árið. Einnig var lögð áhersla á að draga sem mest úr staðprófum í prófatíðum. Samkeppnispróf voru þó staðpróf. Háskólaráð fylgdist með skólastarfinu í Covid-faraldri. Á aprílfundi Háskólaráðs var lögð fram bókun frá Stúdentafélagi HA þar sem lýst var áhyggjum af framkvæmd prófa á vormisseri.

Í mars var tekin ákvörðun um að fella niður skrásetningargjöld stúdenta sem brautskrást í október 2021. Það var gert til þess að koma til móts við stúdenta sem fresta þyrftu brautskráningu í júní.

Í apríl var ákveðið að innheimta ekki próftökugjald fyrir endurtökupróf í prófatíð á vormisseri. Enn fremur að stúdentar sem staðist hefðu námsmat á vormisseri

gætu valið að fá birtri lokaekinn breytt í staðið í stað einkunnar í tölustöfum á námsferli.


Háskólaráð ákvað í nóvember að fela umsjónarkennurum námskeiða, í samráði við stjórnendur fræðasviða, að ákveða tilhögun námsmats á haustmíssi og nauðsynlegar breytingar í ljósi aðstæðna vegna faraldursins. Stúdentar sem stæðust námsmat á haustmíssi gátu valið að fá birtri lokaekinn breytt í staðið á námsferilsyfirliti.

Neyðarstjórn háskólans vegna Covid-19 faraldursins starfaði allt árið og sendi reglulega tilkynningar til starfsfólks og stúdenta. Þá var Covid-vefsíða skólans jafnan uppfærð.

Með sameiginlegu átaki tókst að koma í veg fyrir útbreiðslu veirunnar innan skólans annað árið í röð. Einnig var stúdentum gert kleift að ljúka námi sínu, bæði bóklegu og klínísku, sem og verkþjálfun, bæði misserin.

ÁRSREIKNINGUR 2021

Skipting kostnaðar



Gjöld 2021:

		Þús.kr.
Laun og launatengd gjöld	69,3%	2.740.912
Framlög og tilfærslur	2,5%	98.400
Annar rekstrarkostnaður	27,2%	1.075.767
Afskriftir	1%	40.202
Samtals	100%	3.955.280

Yfirlit um afkomu ársins 2021

Tekjur 2021:

	2021	2020
Tekjufærsla fjárveitinga	3.231.362.000	2.766.100.000
Aðrar tekjur	203.954.218	203.023.413
Seld þjónusta	173.417.516	181.965.307
Framlög og ýmsar tekjur	419.543.539	343.522.489
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	40.201.594	34.412.069
Tekjur samtals	4.068.478.867	3.529.023.278

Gjöld 2021:

Laun og launatengd gjöld	2.740.911.912	2.400.683.763
Framlög og tilfærslur	98.399.710	123.524.909
Annar rekstrarkostnaður	1.075.766.633	945.343.004
Afskriftir	40.201.594	34.412.069
	3.955.279.849	3.503.963.745


Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði **113.199.018** **25.059.533**

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	74.434	192.411
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(46.205)	(526.329)
	28.229	(333.918)
Afkoma ársins	113.227.247	24.725.615

ÁRSREIKNINGUR 2021

Skipting tekna



Tekjur 2021

		þús.kr.
Tekjufærsla fjárveitinga	79,4%	3.231.362
Innritunargjöld	5,0%	203.954
Seld þjónusta	4,3%	173.418
Framlög og ýmsar tekjur	10,3%	419.544
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	1,0%	40.202
100%		4.068.479

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir

	31/12/2021	31/12/2020
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld og búnaður	146.969.061	150.552.155
Farartæki og vélar	1.306.250	1.581.250
Aðrar eignir	11.874	13.773
	148.287.185	152.147.178
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutar í öðrum félögum	2.495.800	2.495.800
Fastafjármunir samtals	150.782.985	154.642.978

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur	28.637.271	27.297.017
Tengdir aðilar	555.839.281	242.076.935
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	17.552.444	2.282.751
Handbært fé	94.960.989	177.602.651
Veltufjármunir samtals	696.989.985	449.259.354

Eignir samtals

847.772.970 **603.902.332**

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hrein eign	221.970.834	108.743.587
Eigið fé samtals	221.970.834	108.743.587

Skuldir

Tengdir aðilar	36.943.958	10.510.608
Viðskiptaskuldir	80.305.655	42.453.065
Ýmsar skammtímaskuldir	285.288.250	217.429.205
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	223.264.273	224.765.867
Skuldir samtals	625.802.136	495.158.745

Eigið fé og skuldir samtals

847.772.970 **603.902.332**

BRAUTSKRÁNING – HÁSKÓLAHÁTÍÐ

Alls brautskráðust 630 kandídatar skólaárið 2020–2021 og er það fjölmennasti hópurinn frá upphafi.

Háskólinn brautskráir kandiðata þrisvar á skólaári, þ.e. 15. október, 15. febrúar og á Háskólahátíð í júní. Að þessu sinni brautskráðust 30 kandídatar 15. október 2020 og 65 þann 15. febrúar 2021.

Þau sem brautskrást í október og febrúar teljast með hópnum sem brautskráist í júní.

Brautskráning á Háskólahátíð fór fram í hátíðarsal háskólans tvo daga í röð, 11. og 12. júní

Þann 11. júní brautskráðust 157 kandídatar úr framhaldsnámi frá öllum þremur fræðasviðunum. Þeir skiptust þannig milli sviða:

Heilbrigðis- vísindasvið	41
Hug- og félagsvísindasvið	112
Viðskipta- og raunvísindasvið	4

Því til viðbótar eru tíu kandídatar úr framhaldsnámi við Háskólasetur Vestfjarða, en þeir brautskrást frá Viðskipta- og raunvísindasviði við sérstaka athöfn á Hrafnseyri 17. júní.

Þann 12. júní voru tvær brautskráningarathafnir, annars vegar fyrir Heilbrigðisvísindasvið og Viðskipta- og raunvísindasvið saman, og hins vegar fyrir Hug- og félagsvísindasvið.

Þennan dag brautskráðust 368 kandídatar úr grunnnámi, sem skiptust þannig milli sviða:

Heilbrigðisvísindasvið	61
Hug- og félagsvísindasvið	201
Viðskipta- og raunvísindasvið	106

Stúdentar sem brautskráðust úr tölvunarfræði á skólaárinu voru níu talsins. Þeir stunda námið við Háskólann á Akureyri en innritast við Háskólann í Reykjavík og brautskrást þaðan.

Á brautskráningu eru veitt ýmis verðlaun og viðurkenningar

Viðurkenningar fyrir góðan námsrángur í grunnnámi hlutu eftirtalin:

Hjúkrunarfræðideild – Elín Jakobína Valgerðardóttir BS, fyrir hæstu meðaleinkunn í hjúkrunarfræði, frá Sjúkrahúsinu á Akureyri

Sóley Diljá Stefánsdóttir BS, fyrir hæstu einkunn í samfélagshjúkrun, frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands eystra

Iðjuþjálfunarfræðideild – Sigfríður Arna Pálmarsdóttir BS, fyrir hæstu meðaleinkunn í iðjuþjálfun, frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, endurhæfingardeild Kristnesi

BRAUTSKRÁNING – HÁSKÓLAHÁTÍÐ

Félagsvísindadeild – Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir, BA í lögreglu- og löggæslufræði, og Hallgrímur Helgi Hallgrímsson, lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn – diplóma

Kennaradeild – Berglind Karlsdóttir, BEd í kennarafræði

Lagadeild – Einar Aðalsteinn Brynjólfsson, BA í lögfræði

Sálfræðideild – Þóra Katrín Erlendsdóttir, BA í sálfræði

Auðlindadeild – Theodór Óskar Þorvaldsson, BS í sjávarútvegsfræði

Viðskiptadeild – Guðrún Lárusdóttir, BS í viðskiptafræði, og Guðrún Helga Finnsdóttir, BS í tölvunarfræði

KEA veitti verðlaun kandiðötum með hæstu meðaleinkunn á fræðasviði í grunnnámi. Þau hlutu:

Heilbrigðisvísindasvið – Elín Jakobína Valgerðardóttir, BS í hjúkrunarfræði

Hug- og félagsvísindasvið – Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir, BA í lögreglu- og löggæslufræði

Viðskipta- og raunvísindasvið – Theodór Óskar Þorvaldsson, BS í sjávarútvegsfræði

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í framhaldsnámi hlutu eftirtaldar:

Eyrún Björg Þorfinnsdóttir MS, fyrir hæstu einkunn í heilbrigðisvísindum og hæstu einkunn í framhaldsnámi við háskólann þetta skólaár, frá Heilbrigðisvísindasviði

Andrea Björt Ólafsdóttir, fyrir hæstu einkunn í iðjuþjálfun, viðbótardiplóma til starfsréttinda, viðurkenning frá Iðjuþjálfafélagi Íslands

Zontaklúbbur Akureyrar og Zontaklúbburinn Þórunn hyrna veittu viðurkenningar fyrir framúrskarandi ritgerðir sem fjalla um aukin réttindi kvenna og/eða jafnrétti.

Þær hlutu:

Birgitta Birgisdóttir BA og Kamilla Einarsdóttir BA, fyrir ritgerð í félagsvísindum:
Mjög dýrmætt er að sjá hvað þær ná oft miklum tókum á eigin lífi, vaxa og dafna og öðlast trú á eigin getu. Frá Zontaklúbbi Akureyrar

Aija Burdikova BA, fyrir meistararitgerð í félagsvísindum: *Eastern European women in Akureyri.* Frá Zontaklúbbum Þórunni hynru

Góðvinir Háskólans á Akureyri, félag brautskráðra stúdenta við HA og annarra velunnara háskólans, veita árlega viðurkenningu kandiðötum sem sýnt hafa góðan námsárangur og skilað óeigingjörnu starfi í þágu skólans á námstímanum. Fimm hlutu heiðursverðlaun Góðvina að þessu sinni:

Framhaldsnám – Heiða Björg Guðjónsdóttir, MT í kennarafræðum

Heilbrigðisvísindasvið – Þórey Erla Erlingsdóttir, BS í hjúkrunarfræði

Hug- og félagsvísindasvið – Daníel Gunnarsson, BA í félagsvísindum, og Steinunn Alda Gunnarsdóttir, BA í sálfræði

Viðskipta- og raunvísindasvið – Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir, BS í viðskiptafræði.



BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

BRAUTSKRÁNING 11. JÚNÍ 2021

RÆÐA REKTORS

Ágætu kandiðatar og góðir gestir sem fylgjast með okkur úr fjarlægð,

Í dag brautskrást kandiðatar af þremur fræðasviðum Háskólans á Akureyri með diplómur og gráður á framhaldsnámsstigi – verið velkomin á Háskólahátíð.

Háskóli er hugmynd, kenningar, þekkingarleit – að komast að hinu sanna – en til hvers?

Hvers vegna að eyða orku, fjármunum og tíma í að svara spurningum sem við stundum skiljum ekki hvers vegna við erum yfir höfuð að spyrja?

Í grunninn er svarið einfalt: Þrá okkar til að vita og gera betur. Þrá okkar til að vita hvers vegna himinninn er blár og hvers vegna fuglar fljúga en fiskar synda, þrá okkar til að skilja okkur sjálf og lífa betra lífi. Mikilvægi rannsókna er ótvírætt í því samhengi og hagnýting rannsóknarniðurstaðna er það sem gerir okkur kleift að lífa því góða lífi sem flest okkar lífa í dag – þrátt fyrir veirur og aðra óáran.

Þessi vetur mun vissulega verða skráður í mannkynssöguna sem einn af verri vetrum hennar, og ekki vegna veðurfars þó svo að norðanáttin blási í dag.

Það verður unnt að draga mikinn lærdóm af mismunandi viðbrögðum samfélaga, hvernig þau voru búin undir það að takast á við heimsfaraldur og hvernig þjóðum heimsins mistókst að vinna saman að því að lágmarka þann skaða sem heimsbyggðin stóð frammi fyrir. Samanlagt höfðum við alla þá þekkingu sem þurfti en sundruð gátum við ekki komið í veg fyrir þann mannlega harmleik sem enn á sér stað í samfélögum víða um heim.

Hvers vegna það fór svo er ein af þeim mörgu rannsóknarspurningum sem liggja fyrir fræðasamfélagi heimsins í dag – til þess að koma í veg fyrir að við gerum sömu mistökina aftur.

Í löndum þar sem farið var að ráðum fagfólks sem mesta þekkingu hafði á málefnum, og ekki síst þar sem fyrir hendi var færni og hæfni til þess að vinna að lausn vandans út frá vísindalegri þekkingu, var unnt að grípa til aðgerða. Þar tók samfélagið í heild ábyrgð til að vernda sem flesta þegna gegn vágsteinum. Vísindin og mannúðin eru leiðarljósið að betra lífi fyrir mannkynið allt og við vorum svo heppin að sú er stefnan hér á landi.

Kæru kandiðatar,

Þið eruð nú að ljúka námi á meistarástigi við háskóla. Það þýðir að þið hafið öðlast dýpri þekkingu á fagi ykkar og eruð komin í hóp sérfræðinga og fagfólks. Þið eruð kyndilberar áframhaldandi þekkingarleitara með það að markmiði að bæta nærumhverfi ykkar og þannig taka þátt í að gera heiminn betri fyrir okkur öll.

Kóvið gefur okkur öllum tækifæri til að skilja hversu mikilvægt það er að við beitum nýjustu og bestu þekkingu á hverjum og einum tíma – en verum jafnframt óhrædd við að spyrja hvort hægt sé að gera betur. Mikilvægi vísindalegrar þekkingar og færni í að beita þeirri þekkingu til góðs hefur sjaldan eða aldrei verið jafn skýrt fyrir heiminn í heild sinni.

Verið stolt af þekkingu ykkar og fagi. Leggið metnað í að öðlast enn frekari þekkingu í gegnum sí- og endurmenntun. Takið þátt í þekkingarleitinni með rannsóknum, greiningu og umræðum á ykkar fagsviðum. Gerið heiminn betri!

Ágætu gestir sem fylgjast með úr fjarlægð,

Frá árinu 2018 hefur Háskólinn á Akureyri haft heimild til að vera með nám á öllum þremur stigum háskóla; bakkalárnám, meistaranám og doktorsnám.

Nú stunda sjö doktorsnemar nám við Háskólann á Akureyri með leiðbeiningu prófessora á megin-

BRAUTSKRÁNING 11. JÚNÍ 2021

RÆÐA REKTORS

fræðasviðum skólans. Þetta er mikill árangur og í takt við það sem fyrsti rektor háskólans, Haraldur Bessason, spáði fyrir um.

Á sama tíma hefur skólinn í heild sinni eflst á öllum sviðum rannsókna og fjölbreytnin er mikil, allt frá greiningu á ferlum í heilbrigðiskerfinu og líðan skjólstæðinga til grundvallarspurninga um hvort líf örvera í hellum hér á landi gefi vísbendingar um líf á öðrum hnöttum. Fræðafólk Háskólans á Akureyri lætur sér fátt óviðkomandi. Nú þegar er byrjað að rannsaka áhrif Kóvsins á líðan okkar og heilsu, fræðafólk hefur greint árangur fiskveiðstjórnunarkerfa og spyr grundvallarspurninga um lýðræði og hlutverk háskóla við að mennta þegna til þátttöku í lýðræðislegum samfélögum, svo að tæpt sé á fjölbreytni rannsókna sem fara fram innan skólans.

Rannsóknir sem spyrja grundvallarspurninga um tilveru okkar eru jafn nauðsynlegar og rannsóknir sem sýna fram á hagnýtingu nýrrar þekkingar til að bæta líf okkar. Háskólar verða því stöðugt að leitast við að koma nýrri þekkingu á framfæri við samfélagið í heild sinni og þannig vera virkir þátttakendur í samfélagslegri umræðu á hverjum tíma – en að sjálfsögðu á vísindalegum forsendum.

Háskólar bera mikla ábyrgð á því að stuðla að góðri og ígrundaðri umræðu um erfið og pólitísk málefni. Háskólar verða að vera kyndilberar umræðu sem byggir á vísindalegri þekkingu. Þess vegna gerum við miklar kröfur til fræðafólks, kröfur sem fræðafólk HA stendur fyllilega undir í alþjóðlegum samanburði. Að sama skapi gerum við í háskólasamfélaginu þá kröfu að ekki sé ráðist á persónur fræðafólks. Fræðafólk á að geta tekið þátt í umræðum án þess að vera dregið í pólitíska dilka. Umfram allt að þarf umræðan að skila okkur áfram. Hún má ekki fara fram í pólitískum skotgröfum þar sem sá er hæst lætur fær áheyrnina.

Það er nauðsynlegt fyrir framþróun samfélaga að við ígrundum vel skoðanir okkar og byggjum þær á gagnrýndum og sannreyndum staðreyndum – samkvæmt bestu þekkingu hverju sinni – vitandi að við vitum aldrei allt til fulls.

Kæru kandiðatar og starfsfólk Háskólans á Akureyri,

Það var samheldinn hópur starfsfólks og stúdenta sem gerði allt sitt svo unnt væri að koma á nauðsynlegum breytingum á sem stystum tíma þegar Kóvið skall á í febrúar á síðasta ári. Það tókst með eins litlum áhrifum á námsframvindu stúdenta, rannsóknir og aðra starfsemi háskólans og mögulegt var. Öllum sem komu að því að leysa þetta stóra verkefni þakka ég hjartanlega fyrir faglegt og óeigingjart vinnuframlag sem tókst einstaklega vel.

Þá er ofarlega í huga þakklæti fyrir að tekist hafi með sóttvarnaraðgerðum innan skólans að koma í veg fyrir að smit kæmu upp í tengslum við starfsemina. Starfsfólk og stúdentar fóru að sjálfsögðu ekki varhluta af áhrifum veirufaraldursins. Hann hafði áhrif á líf okkar allra. Sumir eiga ættinga, vini eða starfsfélaga sem veiktust. Nokkir úr okkar hópi fengu að reyna veikindin á eigin skinni. En sóttvarnir háskólans héldu og það varð engin hópsýking innan skólans.

Með góðri þekkingu, samheldni og skýrum reglum tókst okkur þetta. Allir lögðu sitt af mörkum og fyrir það ber að þakka.

Ekki má gleyma framlagi starfsfólks til samfélagsins í heild, sérstaklega þegar kemur að heilbrigðisþjónustu og almannavörnum – en margir starfsmenn háskólans voru virkir þátttakendur í framvarðasveitum og mörg ykkar, kæru kandiðatar, hafið tekið virkan þátt í þessari baráttu samhliða námi ykkar. Ég er ykkur ævinlega þakklátur og er stoltur af framlagi ykkar. Við lærðum af faraldrinum að við þurfum hvorki að láta atburði sem annars setja stórt strik í reikninginn skilgreina okkur né stoppa í því að halda áfram að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

BRAUTSKRÁNING 11. JÚNÍ 2021

RÆÐA REKTORS

Uppbygging doktorsnámsins hélt áfram óhindrað þrátt fyrir Kóvið. Doktorsnám hefur fest sig í sessi og nú stýtt óðum í að fyrsta doktorsvörnin verði haldin við Háskólann á Akureyri. Þegar þeim áfanga verður náð hefur Háskólinn á Akureyri lokið því ferli að byggja upp fullgildan háskóla, eða University – samfélag fræðanna sem spyr spurninga til þess að skilja okkur sjálf og gangverk heimsins, öllum til framdráttar.

Kæru fjárgestir, kandiðatar og starfsfólk,

Kóvið hefur sýnt fram á mikilvægi nýsköpunar og þess eiginleika að geta tekist á við breyttar aðstæður með hraði. Fyrir faraldurinn var mikið rætt um fjórðu iðnbyltinguna og hvernig sjálfvirknivæðing myndi breyta heiminum öllum á næsta áratug. Sú bylting fékk byr undir báða vængi í Kóvinu og munum við því sjá stærrí samfélagsbreytingar á næsta áratug en nokkurn gat órað fyrir. Það verður mikilvægt fyrir öll samfélög að geta aðlagast breytingum í gegnum nýsköpun, rannsóknir og menntun.

Fjárfesting í háskólum landsins er nauðsynleg svo unnt sé að tryggja að næsta kynslóð geti nýtt þau miklu tækifæri sem framundan eru – henni sjálfri, þjóðinni allri og heiminum til heilla. Rannsóknir og menntun eru grundvöllur að velferð framtíðarinnar.

Það ber jafnframt að þakka fyrir framlag stjórnvalda til háskóla vegna aukins álags og nemendafjölda í Kóvinu. En nú þarf að halda áfram og tryggja að sú fjármögnun haldi sér næstu árin.

Framundan eru gríðarmikil tækifæri fyrir framsækna menntastofnanir á háskólastigi til að láta til sín taka. Háskólinn á Akureyri er tæknilega og faglega mjög vel í stakk búinn til þess að grípa tækifærið og gera það að sínu, enn frekar en nú er. Nýtum möguleikana, eflum háskólann, styrkjum með því nær-samfélögum sem skólinn er hluti af, og verum í fremstu röð meðal menntastofnana landsins hvað þetta varðar. Rannsóknir og uppbygging doktorsnáms við Háskólann á Akureyri er lykillinn að þeirri framtíð.

Kæru kandiðatar,

Þið eruð stolt Háskólans á Akureyri. Fyrir ykkur, eins og aðra sérfræðinga, er freistandi að henda sér í djúpu laugina og reyna að gleypa heiminn strax – helst í einum bita. Farið varlega í þá aðferðafræði, ykkur gæti svelgst á og þið þurft á neyðarviðbrögðum að halda til að ná andanum á ný. Lífið er eilífð-ar-línu-dans og við þurfum að ná jafnvægi á milli allra þeirra þátta sem á okkur herja í daglegu lífi. Gleymið ekki að oft koma bestu hugmyndirnar þegar gengið er meðfram fjörunni í fallegu sólarlagi, gleymið ekki að oft koma lausnir á stærstu vandamálum ykkar þegar þið hafið erfiðað upp á fjallstopp og sjáið heiminn allt í einu frá öðru sjónarhorni. Gleymið ekki, kæru kandiðatar, að hugsa um ykkur sjálf þannig að þið getið verið til staðar fyrir ykkar nánustu á sama tíma og þið byggjið upp ykkar eigið sjálf og starfsferil.

Náið takti í línudansi lífsins og góðu flæði í hreyfingarnar og þá verða ykkur allir vegir færir.

Kæru kandiðatar,

Ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar innilega til hamingju með glæsilegan áfanga. Munið að þekkingarleitin er lærdómur ævina á enda.

Farið og gerið heiminn betri





Kandídatar úr grunnnámi í Hjúkrunarfræðideild 12. júní ásamt Sigríði Síu Jónsdóttur deildarformanni, Eyjólfí Guðmundssyni rektor, og Eydísi Kr. Sveinbjarnardóttur, forseta Heilbrigðisvísindasviðs.



Kandídatar úr grunnnámi í Iðjuþjálfunarfræðideild 12. júní ásamt Sonju Stelly Gústafsdóttur deildarformanni, rektor og forseta Heilbrigðisvísindasviðs.



Kandídatar úr grunnnámi frá Hug- og félagsvísindasviði 12. júní ásamt deildarformönnum, Elínu Díönnu Gunnarsdóttur, forseta sviðsins, og rektor.



Kandídatar úr lögreglufraði ásamt rektor og forseta Hug- og félagsvísindasviðs.



Kandídatar úr grunnnámi í Viðskiptadeild og kandídatar úr tölvunarfræði. Á myndinni eru líka Ólafur Jónsson, umsjónarmaður tölvunarfræðináms, Grétar Þór Eyþórsson deildarformaður, rektor, og Oddur Þór Vilhelmsson, forseti Viðskipta- og raunvísindasviðs.



Kandídatar úr grunnnámi í Auðlindadeild ásamt Hreiðari Þór Valtýssyni deildarformanni, rektor, Margrėti Auði Sigurbjörnsdóttur, brautarstjóra og forseta Viðskipta- og raunvísindasviðs.



Kandídatar í tölvunarfræði ásamt Ólafi Jónssyni, umsjónarmanni námsins, og forseta Viðskipta- og raunvísindasviðs.

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR ÚR FRAMHALDSNÁMI 11. JÚNÍ 2021

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Heilbrigðisvísindi – Viðbótardiplóma

Ásrún Ósk Einarsdóttir
Elísabeth Tanja Gabrielludóttir
Emilía Björg Þórðardóttir
Eydís Unnur Tórshamar
Gróa Sturludóttir
Hilda Hólm Árnadóttir
Karítas Lára Rafnkelsdóttir
Kolbrún Tara Arnarsdóttir
Magnea Rún Hauksdóttir
Nanna Rakel Ólafsdóttir
Pollý Rósa Brynjólfssdóttir
Sunneva Björk Gunnarsdóttir

Heilsugæsla í héraði – klínísk – Viðbótardiplóma

Betty Grímsdóttir
Birna Elínardóttir
Bríet Magnúsdóttir
Elín Þórunn Stefánsdóttir
Hildur Ýr Hvanndal
Hildur Ósk Rúnarsdóttir
Íris Ómarsdóttir Hjaltalín
Liljana Milenkoska
Magnea I. Hafsteinsdóttir
Ólöf Birna Sveinsdóttir
Rannveig Elíasdóttir
Sólveig Jóhannsdóttir
Sólveig Helga Sigfúsdóttir

Heilbrigðisvísindi MS

Ásbjörg Magnúsdóttir
Edith Ólafía Gunnarsdóttir
Eyrún Björg Þorfinnsdóttir
Lilja Dögg Bjarnadóttir
Rakel Birgisdóttir
Puríður Helga Ingvarsdóttir

Iðjubjálfun – Viðbótardiplóma

Aðalheiður Þorsteinsdóttir
Andrea Björt Ólafsdóttir
Eva Björk Birgisdóttir
Guðrún Agla Gunnarsdóttir
Guðrún Lilja Jóhannsdóttir
Helga Dröfn Jónsdóttir
Herdís Júlía Júlíusdóttir

Hólmfríður Einarsdóttir
Sigríður Arna Lund
Steinunn Þorsteinsdóttir

Kandídatar sem fengu brautskráningar- skírteini þann 15. febrúar 2021

Heilbrigðisvísindi – Viðbótardiplóma

Bjarnís Helga Blöndal
Elísabet Ragna Hannesdóttir
Eva Magnúsdóttir
Giedré Grigaraviciuté
Herdís Elín Þorvaldsdóttir
Hrafnhildur Rut Hauksdóttir
Hulda Margrét Kristjánsdóttir
Jóna Bára Jónsdóttir
Karen Vilhjálmsdóttir
Margrét Hera Hauksdóttir
Ólafía Lilja Sævarsdóttir
Ragnheiður Erla Rafnsdóttir
Sóley Kristín Sigurðardóttir
Sunna Dís Pétursdóttir
Thelma Rut Bessadóttir
Þórdís Gísladóttir

Heilbrigðisvísindi MS

Anna Stefánsdóttir
Arna Rut Ottesen Gunnarsdóttir
Guðrún Valdimarsdóttir

Kandídatar sem fengu brautskráning- arskírteini þann 15. október 2020

Heilbrigðisvísindi MS

Hrefna Óskarsdóttir
Hulda Þórey Gísladóttir
Sunna Karen Jónsdóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Félagsvísindi – rannsóknartengt meistaránám MA

Aija Burdikova
Elva Dögg Pálsdóttir
Ómar Hjalti Sölvason

Fjölmiðla- og boðskiptafræði MA

Guðný Hrund Karlsdóttir
Óli Valur Pétursson

Sjávarbyggðafraði MA

David Andrew Kampfner
Nicole Suehring

Menntunarfræði – Diplóma

Arna Valgerður Erlingsdóttir
Ásta Hlín Magnúsdóttir
Rósanna Andrésdóttir
Svala Hilmarsdóttir Magnús
Svanhildur Svavarsdóttir
Unnur Þorsteinsdóttir
Vígþór Sjafnar Zophoníasson

Menntavísindi – Diplóma

Anna Margrét Sigurðardóttir
Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir
Fanney Halldóra Kristjánsdóttir
Karen Ragnarsdóttir Malmquist
Sigrún Alla Barðadóttir

Kennarafræði MT

Aðalheiður J. Hjartardóttir
Anna Margrét Ólafsdóttir
Arna María Geirsdóttir
Arney Ásvaldsdóttir
Árni Ásgeirsson
Ásta Lilja Harðardóttir
Ásta K. Guðmundsdóttir Michelsen
Berglind Þóra Haraldsdóttir
Berglind Ólafsdóttir
Berglind Ósk Wium
Birna Eik Benediksdóttir
Bryndís Jónsdóttir
Christiane Luise Mueller
Dagbjört Lauritz Agnarsdóttir
Dagný Baldursdóttir
Davíð Samúelsson
Diljá Helgadóttir
Dröfn Traustadóttir
Elva Hjálmarsdóttir
Emma Ævarsdóttir
Erna Sigrún Hallgrímsdóttir
Finnur Hrafnsson
Gerður Jónsdóttir
Gróa Linddís Dal Haraldsdóttir
Guðrún Jónína Sveinsdóttir
Gunnar Símonarson
Halldóra Þórdís Skúladóttir

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR ÚR FRAMHALDSNÁMI 11. JÚNÍ 2021

Hanna María Gylfadóttir
Hanna Margrét Úlfadóttir
Heiða Björg Guðjónsdóttir
Heiðís Lind Kristinsdóttir
Heiðrún Helga Ólafsdóttir
Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir
Hjördís Ýr Ólafsdóttir
Hulda Kristín Baldursdóttir
Hulda Rún Ingvarsdóttir
Hulda Jónasdóttir
Inga Hólmfríður Gunnarsdóttir
Ingibjörg Ásta Jakobsdóttir
Ingvi Ingólfsson
Íris Theódóra Unnsteinsdóttir
Jovana Kotaras
Jóhanna Eldborg Hilmarsdóttir
Jón Orri Ólafsson
Karen Hrönn Vatnsdal
Karólína Kr. Gunnlaugsdóttir
Magnea Sigurðardóttir
María Jensen
Matthildur Ósk Óskarsdóttir
Nína M. Þórisdóttir
Ragnheiður Birgisdóttir
Rakel Heimisdóttir
Rebekka Rut Rúnarsdóttir
Ríta Björk Þorsteinsdóttir
Róslaug Guðrún Agnarsdóttir
Sigfús Páll Sigfússon
Sigurjón Már Fox Gunnarsson
Stefán Arnar Ómarsson
Steinunn Adolfsdóttir
Svala Hrund Stefánsdóttir
Tómas Þór Jacobsen
Unnur Ása Atladóttir
Unnur Guðrún Rögnvaldsdóttir
Vaka Dóra Róbertsdóttir
Valgerður Inga R. Guðmundsdóttir
Vigdís Anna Kolbeinsdóttir
Þiðrik Örn Viðarsson
Þorgerður Þóra Hlynsdóttir
Þorsteinn Hjaltason

Menntunarfræði MEd

Bergdís Sigfúsdóttir
Elísabet Þórunn Jónsdóttir
Fanney Ósk Ríkhardsdóttir

Guðbjörn Hólm Veigarsson
Guðmundur Friðbjarnarson
Guðrún Hanna Sigurjónsdóttir
Helen Birta Kristjánsdóttir
Jana Hrönn Guðmundsdóttir
Jónas Bergsteinnsson
Karen Nóadóttir
Linda Hersteinsdóttir
Ólöf Harpa Jósefsdóttir
Stefanía Kristín Valgeirsdóttir
Tanja Rut Hermansen

Menntavísindi MA

Ása Sigurðardóttir
Katrín Elísa Einisdóttir
Kristín Lillý Kjærnested
Sigrún Kristín Jónsdóttir

Heimskautaréttur LLM

Medy Dervovic

Heimskautaréttur MA

Maija Kristiina Tulimaa
Thomas Georges Raymond Viguier

Lögfræði ML

Bjarki Freyr Brynjólfsson
Gísley Sesselja Hrafnasdóttir
Margrét Harpa Jónsdóttir
Ólöf Brynjólfssdóttir

Kandídatar sem fengu brautskráningar-
skírteini þann 15. febrúar 2021

Félagsvísindi – rannsóknartengt meistaránám MA

Sveinbjörg Smáradóttir

Kennarafræði MT

Ágústa Kristín Bjarnadóttir
Guðrún Matthildur Arnardóttir

Lögfræði ML

Sigga Dís Guðnadóttir

Menntavísindi MA

Þóra Björk Bjartmarz

Menntunarfræði – Diplóma

Andrea Arnarsdóttir
Helga Arnbjörg Pálsdóttir

Menntunarfræði MEd

Brynja Þórsdóttir
Hafdís Ósk Guðmundsdóttir
María Sigurðardóttir
Sigrún Össurardóttir

Kandídatar sem fengu brautskráningar-
skírteini þann 15. október 2020

Menntunarfræði – Diplóma

Ólafur Ármann Sigurðsson

Heimskautaréttur MA

Lillia Ulaeva

Menntavísindi MA

Berglind Annie Guðjónsdóttir
Guðný Guðlaugsdóttir
Hrafnhildur Þorsteinsdóttir
Kristín María H. Karlsdóttir

Menntunarfræði MEd

Harpa Sif Þorsteinsdóttir
Sesselja Úlfarsdóttir
Sigurlaug Björk J. Fjeldsted
Stefán Hrafn Stefánsson
Ylfa Guðný Sigurðardóttir
Örn Björnsson

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Auðlindafræði MS

Ólafur Ármann Sigurðsson

Viðskiptafræði MS

Eva Rún Helgadóttir
Margrét Gísladóttir
Ollý Björk Sigríðardóttir

Haf- og strandsvæðastjórnun MRM*

Anni Karoliina Malinen
Birte Christine Technau
Elaina Mary O'Brien
Erin Diane Kelly
Hjörleifur Finnsson
Margaux Léa Janin
Mathis Lois Blache
Menno Jelle Johannes Blom

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR ÚR FRAMHALDSNÁMI 11. JÚNÍ 2021

*Kandídatar í haf- og strandsvæða-
stjórnun fengu brautskráningar-
skírteini sín afhent við hátíðlega
athöfn á Hrafseyri 17. júní 2021

Kandídatar sem fengu brautskráningar-
skírteini þann 15. febrúar 2021

Auðlindafræði MS

Hugrún Lísa Heimisdóttir

Haf- og strandveiðistjórnun MRM

Svetlana B. Marie-Anico Bourmaud

Viðskiptafræði MS

Margrét Víkingsdóttir

Kandídatar sem fengu brautskrá-
ingarskírteini þann 15. október 2020

Viðskiptafræði MS

Marías Benedikt Kristjánsson

Haf- og strandveiðistjórnun MRM

Celeste Marie Biles

Erin Helen Mary Henderson

James Anthony Regan

Kerstin Petra Frank

Michael John Deery

Michelle Valliant

Rheanna Dawn Neilson

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR ÚR GRUNNÁMI 12. JÚNÍ 2021

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Hjúkrunarfræði BS

Andrea Óskarsdóttir

Anna Marín Kristjánsdóttir

Atli Dagur Sigurðsson

Auður Þorleifsdóttir

Ásta Magnhildur Sigurðardóttir

Dalla Jóhannsdóttir

Elín Jakobína Valgerðardóttir

Erla Laufey Pálsdóttir

Eydís Helena Leifsdóttir

Fanney Jónasdóttir

Fanney Viktoría Kristjánsdóttir

Fríða Sóley Hjartardóttir

Guðrún L. Sigurbjörnsdóttir Cooper

Guðrún Eydís Eyjólfsson

Hafdís Sara Þórhallsdóttir

Hjördís H. Wium Guðlaugsdóttir

Hjördís E. Vilhjálmsdóttir

Hulda Sif Þórisdóttir

Íris Ósk Albertsdóttir

Jóhanna Marín Björnsdóttir

Katrín Eik Össurardóttir

Kolbrún Ósk Ísleifsdóttir

Kristjana Halldórsdóttir

Kristofer Rodriguez Svónuson

Laufey Lind Sturludóttir

Lilja Rós Sigurðardóttir

Magnfríður Ólöf Pétursdóttir

Margrét Ásta Ívarsdóttir

Margrét Dís Yeoman

María Rós Sigurbjörnsdóttir

Rósa Jónsdóttir

Salvör Svava G. Gylfadóttir

Sandra Rut Pétursdóttir

Sara Stefánsdóttir

Sara Valgeirsdóttir

Sigríður Jóna Pálsdóttir

Sigríður Rósa Snorradóttir

Sigrún Torfadóttir

Sonný Norðfjörð Gunnarsdóttir

Sóley Diljá Stefánsdóttir

Unnur Ósk Burknadóttir

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir

Þór Pétursson

Þórey Erla Erlingsdóttir

Iðjuþjálfunarfræði BS

Agnes Ýr Aðalsteinsdóttir

Aldís Ösp Sigurjónsdóttir

Dagbjört Birgisdóttir

Dagbjört Héðinsdóttir

Guðbjörg Matthíasdóttir

Hanna Birna Valdimarsdóttir

Ingibjörg Sólrún Indriðadóttir

Íris Harpa Hilmarsdóttir

María Haukdal Styrmsdóttir

Nína Björk Þráinsdóttir

Rakel Ösp Björnsdóttir

Sigríður Arna Pálmarsdóttir

Sonja Finnsdóttir

Sonja Sigríður Gylfadóttir

Sóldís Fönn Jónsdóttir

Sólveig Kristín Björgólfsson

Þórdís Jónsdóttir

Kandídatar sem fengu brautskrá-
ingarskírteini þann 15. febrúar 2021

Hjúkrunarfræði BS

Kolbjörg Katla Hinriksdóttir

Sara Björk Þorsteinsdóttir

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Líftækni BS

Birta Þórisdóttir

Diljá Tara Pálsdóttir

Guðbjörg María Jensdóttir

Guðný Jónsdóttir

Halla Guðmundsdóttir

Hrefna H. Guðlaugardóttir

Kolfinna Ólafsdóttir

Rakel Birta Guðnadóttir

Sigrún Hrefna Sveinsdóttir

